



FRÉTTABLAÐIÐ

17. september 2005 - 250. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Víkingar fóru upp um deild

Víkingar tryggðu sér sæti í Landsbankadeild karla næsta sumar með því að vinna 2-0 sigur á Völsungi en tapið kostaði Húsvíkinga fall í 2. deild. Blikar urðu líka fyrstir til þess að fara taplausir í gegnum tíu liða 1. deild.

ÍÞRÓTTIR 38

Íslendingur 111 á Freeport

Kristín Snæfells man þá tíð þegar Freeport var lausnarorð drykkjusjúkra Íslendinga sem leit-uðu lausnar meina sinna á Long Island í New York.

VÍÐTAL 32-33

Dugnaður og áreiðanleiki

Ólafur Jóhannesson hefur gert FH-ínga að Íslandsmeisturum í fótbolta tvö ár í röð en þetta eru fyrstu fótbolta-titlarnir í sögu félagsins. Flestum ber saman um að samtakamátturinn sem einkennt hefur knattspyrnustarfið hjá FH sé ekki sist Ólafi að þakka.

MAÐUR VIKUNNAR 16

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐAST BJARTVIÐRI þegar líður á morguninn. Gæti þyknað upp sunnan til síðdegis. Hiti yfirleitt 8-13 stig að deginum.

VEÐUR 4

Karlar 25-45 ára

Bílaáhugamenn velja fréttablaðið*

51%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Bílar off. á laugardegi

Bílar á föstudegi

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal karla 25-45 ára.



NIÐURSTÖÐUR LAUNAKÖNNUNAR VR KYNNTAR Gísli Marteinn Baldursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hafa brugðið sér í gervi hins kynsins í auglýsingaherferð gegn launamisrétti. Í pallborðsumræðum við kynningu á niðurstöðunum kom fram að allir ættu þátt í því að konur væru launalægri, ekki aðeins atvinnurekendur.

Konur innan VR með fjórtán prósentum lægri laun en karlar:

Launamunur er mannanna verk

LAUNAKÖNNUN Laun hækkuðu um tíu prósent en launamunur kynjanna minnkaði ekki marktækt á milli ára í launakönnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Kynbundinn launamunur er fjórtán prósent en var fimmtán prósent í fyrra. Könnunin var kynnt í gær.

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir launamunarkaðarins ena staðið í stað í þrjú ár. Munurinn sé

vonbrigði: „Félagið hefur hafið auglýsingaherferð til að vekja atvinnurekendur til umhugsunar og til að fá konur til að standa betur á sínu gagnvart þeim.“

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, var spurð að því hvað þyrfti til að jafna launin: „Ég vildi að ég hefði töfralausnina. Kynbundinn launamunur er mannanna verk. Það þarf

vilja til að breyta.“ Kannanir VR sýni að viljann vanti.

Í niðurstöðum könnunarinnar má sjá að félagsmenn VR hafa að meðaltali 300 þúsund í heildarlaun á mánuði en grunnlaunin eru 273 þúsund.

Alls sendu rúmlega 8.300 manns inn svareðil til VR, helmingur þeirra sem fengu könnunina í hendur.

- gag

Grænar tölur í Kauphöll:

Viðsnúningur á markaði

VIÐSKIPTI Eftir samfellda fjögurra daga lækkun á hlutabréfamarkaði snerist dæmið við í gær þegar Úrvalsvisitalan hækkaði skarpt, um tæp tvö prósent. Gengi þrettán félaga í vísitölunni hækkaði, eitt stóð í stað og aðeins eitt lækkaði.

Sérfræðingar á markaði segja að fjárfestar hafi haldið ró sinni vegna þeirra lækkana sem áttu sér stað fyrr í vikunni og því hafi margir séð sér leik á borði og keypt hlutabréf í fyrirtækjum sem höfðu lækkað hvað mest. Almennt séð er útlitið bjart hjá félögum í Kauphöllinni og stefnir í góð uppgjör á næstu vikum og mánuðum.

Mest hækkuðu hlutabréf í Atorku Group, um 5,5 prósent, og í Landsbankanum, um 3,8 prósent.

- eþa


Tónfælin tík:

Sigur Rós hrellir hund

TÓNLIST Hljómsveitin Sigur Rós á sér marga aðdáendur en þó eru þeir til sem þola tónlist hennar illa. Ein þeirra er Týra, sem er níu mánaða hvolpur á Ytra-Ósi í Hólmavíkurhreppi, en hún tryllist þegar hún heyrir lög sveitarinnar.

„Hún ýlfrar, gólar og setur upp kamb,“ útskýrir Drífa Hrólfsdóttir, bóndi á Ytra-Ósi.

Týra hefur haft það nokkuð slæmt þessa vikuna þar sem plata sveitarinnar er plata vikunnar á Rás 2 og því hefur hún mikið þurft að þjást undir tónum sveitarinnar. ■



GEORGE W. BUSH Ávarpaði bandarísku þjóðina frá New Orleans í fyrirkvöld og lofaði fé til uppbyggingar á flóðasvæðinu.

Endurreisn New Orleans:

40 þúsund á hvern

HAMFARIR George Bush Bandaríkjaforseti hefur lofað opinberu fé til uppbyggingar í New Orleans og víðar eftir skemmdirnar í kjölfar flóðanna og felliþyljarins Katrínar. Talið er að uppbyggingin kosti um 200 milljarða Bandaríkjadala, sem samsvarar um tólf þúsund milljörðum íslenskra króna.

Það eru um 40 þúsund krónur á hvert mannsbarn í Bandaríkjunum. Samsvarandi upphæð á Íslandi yrði því um 11,6 milljarðar íslenskra króna.

- sða

ATVINNUMÁL Hlutfall erlendra starfsmanna á vinnumarkaði á Íslandi er með því hæsta á Norðurlöndunum. Aðeins í Svíþjóð er hlutfallið hærra og er munurinn óverulegur. Á Íslandi er erlent vinnuafli 4,5 prósent vinnumarkaðarins en í Svíþjóð mælist það 4,6 prósent.

Í Danmörku, þar sem umræðan um útlendinga hefur verið hvað mest áberandi, er hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaðinum þrjú prósent. Hlutfallið er lægst í Finnlandi, þar sem 1,4 prósent vinnuaflds eru erlendir ríkisborgarar.

Tvöfalt fleiri erlendir ríkisborgarar eru búsettir á Íslandi nú en fyrir áratug og hefur þeim fjölgað úr 4.800 í um ellefu þúsund. Af þeim eru um sjö þúsund á vinnumarkaðinum.

Að sögn Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar, má telja víst að alls vanti starfsfólk í um þrjú þúsund störf á Íslandi.

ERLENT VINNUAFL Á NORÐURLÖNDUNUM		
Land	Alls	Hlutfall
Ísland	155 þús.	4,5%
Noregur	2.354 þús.	3,4%
Danmörk	2.822 þús	3,0%
Svíþjóð	4.498 þús	4,6%
Finnland	2.669 þús	1,4%

Sökum takmarkana í veitingu atvinnuleyfa verður ekki fyllt í þau störf með útlenskum starfsmönnum.

Þrátt fyrir skort á vinnuafli verður atvinnuleyfum ekki fjölgað umfram það sem þegar hefur verið veitt. „Við verðum líka að vera undir það búin að geta tekið bakslagið. Það vantar stórlega fólk til skamms tíma en hið opinbera getur ekki látið stýrast af því heldur þarf að hugsa fram í tímann,“ segir Gissur.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, telur að manna eigi þau störf sem ekki tekst að ráða íslenskt starfsfólk í, með innflutningi vinnuafls. „Það er að mörgu leyti lausn fyrir Ísland þegar koma tímabil með miklum hagvexti og mikilli þenslu líkt og núna,“ segir hann.

- sða

Sjá síður 30-31



SPURNING DAGSINS

Friðrik, eruð þið ekki á rangri leið?

„Það hefur oftast hentað mér betur að fara eigin leiðir en að gerast sporgöngu-maður annarra. Aðalmálið er að vita hvert maður stefnir og að ferðin verði sem flestum farsæl.“

Íslenska lyfjafyrirtækið Invent Farma sem rekur verksmiðjur í Barcelona hyggst opna rannsóknar- og þróunardeild á Íslandi. Flest íslensk fyrirtæki eru í útrás en ekki innrás. Friðrik Steinn Kristjánsson er stjórnarformaður Invent Farma.



HARRIER-HERÞOTUR Borgarbúar kvörtuðu til lögreglu vegna hávaða frá flugvélunum.

Flugher yfir Reykjavík: Þotur hræddu borgarbúa

FLUG Fjórar Harrier-þotur Konunglega breska flughersins lentu á Reykjavíkurflugvelli í gærðag. Flugvélnarar höfðu áætlað lendingu á Keflavíkurflugvelli en var beint til Reykjavíkur vegna slæms skyggis í Keflavík, að sögn Heimis Más Péturssonar, upplýsingafulltrúa Flugmála-stjórnar. Lögreglan í Reykjavík segir að talsvert hafi verið um það að borgarbúar hringdu skelkaðir og létu vita af háværu lágflugi yfir Kvosinni, en vélar á loka-stefnu til suðurs fljúga lágt yfir miðborgina.

-saj

Árásin á Vaðlaheiði: Fimm og átta mánaða dómur

DÓMSMÁL Mennirnir tveir sem skutu sautján ára pilt með loft-byssu í vor hlutu átta og fimm mánaða fangelsi. Þeir voru dæmdir í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. Árásin var gerð á Vaðlaheiði. Mennirnir, sem eru 22 ára, skipuðu piltinum að afklæðast á meðan þeir skutu á hann úr loftbyssunni. Fjarlægja þurfti tvö skot úr líkama pilsins, úr læri og handarbaki. Haldi mennirnir skilorð næstu þrjú árin falla fimm mánuðir niður af þyngri dómnum og þrír af þeim léttari. Þeir greiða sakarkostnað.

-gag

Allra síðasta sýning laugardagskvöld!



RAMBÓT



Forsætisráðherra ítrekar umsókn Íslands um aðild að öryggisráðinu: Fullt samráð við Geir H. Haarde

ÖRYGGISRÁÐIÐ „Það sem ég hef sagt í þessu máli er í fullu samráði við verðandi utanríkisráðherra. Þetta er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar og það hefur engin stefnubreyting átt sér stað af hálfu hennar. Við verðum að átta okkur á því að við erum ekki með ábyrgð á málinu einvörðungu okkar sjálfra vegna heldur allra Norðurlandanna,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Í ræðu á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna ítrekaði hann þá stefnu íslenskra stjórnvalda að halda fast við framboð til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009 og 2010. „Við trúum því að Ísland geti

stuðlað að friði og velferð allra aðildarríkjanna,“ sagði Halldór í ræðu sinnar. Í samtali við Fréttablaðið í gær kvaðst Halldór hafa ákveðið að ítreka þessa stefnu Íslendinga eftir að leiðtogar Tyrkja og Austurríkismanna höfðu báðir ítrekað framboð til setu í ráðinu í ræðum sínum fyrr um daginn. Austurríki, Tyrkland og Ísland keppa um tvö sæti sem koma í hlut Vesturlandahópsins á umræddu tímabili. Fram hefur komið hjá Halldóri og Davíð Oddssyni utanríkisráðherra að ætlunin sé að halda kostnaði við framboðið í skefjum. Halldór fullyrðir ekkert um möguleikana til þess að hreppa sæti



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Halldór ákvað að taka málið upp í ræðu sinni eftir að leiðtogar Tyrkja og Austurríkismanna höfðu báðir ítrekað framboð til öryggisráðsins.

í öryggisráðinu en segir að undirtektir við framboð Íslands hafi verið mjög góðar til þessa.

-jh

Hjónin talin ölvuð þegar Harpa sökk

Eigandi bátsins sem fórst um síðustu helgi og eiginkona hans hafa stöðu sakborninga í lögreglurannsókn á slysinu. Báturinn sat í fyrstu á skerinu en var svo siglt af því og sökk á sundinu. Símasamband var við bátinn í rúman hálf tíma.

SLYS Allir voru enn um borð í skemmtibátnum sem fórst á Viðeyjarsundi um síðustu helgi þegar honum var siglt af Skarfaskeri sem hann steytti á, austan Viðeyjarsunds. Skömmu síðar hvolfði bátnum og hann sökk. Rökstuddur grunur er um að eigandi bátsins og eiginkona hans hafi neytt áfengis um kvöldið, en þau björguðust ásamt tíu ára gömlum syni sínum. Friðrik Ásgeir Hermannsson, 34 ára gamall, og Matthildur Harðardóttir, 51 árs gömul, fórust í slysinu. Hjónin voru beinbrotin og mikið slösuð, en drengurinn meiddist lítið.

„Hann virðist hafa sloppið mjög vel, í það minnsta líkamlega,“ segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, en hann sendi í gær út tilkynningu um gang rannsóknarinnar á slysinu. Hörður segir ekkert benda til annars en að eigandi og umráðamaður bátsins hafi verið við stýrið þegar áreksturinn varð, en engu verði þó slegið um það föstu fyrr en að rannsókn lokinni. Eigandinn og eiginkona hans hafi réttarstöðu sakborninga við yfirheyrslur, en þau hafi svarað öllum spurningum greiðlega. Ferðir bátsins hafa verið raktar út frá upplýsingum í GPS-staðsetningartæki sem í honum var. Hörður segir af öllu ljóst að fólkíð hafi verið á skemmtisiglingu og farið víða um sundin. Á leið til baka í átt að smábátahöfn Snarfara lenti báturinn á skerinu á talsvert miklum hraða. Báturinn var kyrrstæður á eða við skerið um stund en var síðan siglt af stað aftur. „Skömmu síðar hætti GPS-



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

BÁTURINN HÍFÐUR ÚR KAFI SÍÐASTA LAUGARDAG Tíu ára drengur slapp lítið meiddur úr árekstri skemmtibáts á Skarfasker um síðustu helgi þar sem tvennt fórst og foreldrar hans slösuðust töluvert. Að sögn lögreglu var hann sofandi í koju þegar áreksturinn varð og kann það að hafa orðið honum til bjargar.

tækið að virka og er talið að báturinn hafi þá sokkið,“ segir í tilkynningunni. Fram kemur að um borð hafi verið að minnsta kosti fjórir farsímar, en hringt var í Neyðarlínu úr þremur þeirra. Fyrsta hringing var um tíu mínútum eftir áreksturinn, en samband var meira og minna við Neyðarlínu næstu 35 mínútur, að sögn Harðar. Báturinn fannst um 80 mínútum eftir fyrstu hringingu. Hörður segir aðstæður hafa verið erfiðar í myrkrinu á Við-

eyjarsundi. „Fólk áttar sig ekkert, jafnvel búið að fá höfuðhögg. Svo fer þetta að skýrast og þá er leit komin í gang.“ Hann bendir á að ekki fari mikið fyrir bát sem marar í hálfu kafi og leitarsvæðið hafi verið stórt. „Kennileitin eru bara Engey, Viðey, Laugarnes eða Sundahöfn,“ segir hann og telur nánast tilviljun hafa ráðið því að gúmbátur lögreglu sigldi fram á fólkíð, en þá var fjöldi báta kominn til leitar. „Þetta er ekki nema eins og hálfst skrifborð sem stendur upp úr sjó.“

olikh@frettabladid.is

Viðbúnaður vegna sjóslyss á Viðeyjarsundi fyrir viku:

Fleiri hundruð leita í dag

SJÓSLYS Stórleit verður framkvæmd í dag að líki 34 ára karlmanns sem fórst eftir að skemmtibátur ók á Skarfasker á Viðeyjarsundi aðfaranótt síðasta laugardags. Jónas Hallsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að leitað verði á svæði sem nær allt frá Gróttu og upp á Akranes. Að leitinni kemur fjöldi fólks en að sögn Dagbjarts Brynjarssonar hjá svæðisstjórn björgunarsveita verða á ferðinni 25 til 30 gönguþópar, um 100 til 120 manns. „Þá verður notast við um tuttugu kafara og fólk í kringum þá, tíu bátar og skip leita á sjó, varðskipið Ægir verður við leit og svo verður líka leitað úr lofti,“ segir hann, en kafarar koma frá Landhelgisgæslunni, Landsbjörg og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Í leitaði þyrlla Landhelgisgæsl-



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIÐ LEIT FYRR Í VIKUNNI Fjöldi báta og skipa leitar í dag að líki manns sem fórst þegar skemmtibátur steytti á skeri á Viðeyjarsundi um síðustu helgi. Þá ganga yfir hundruð manns fjörur og einnig verður leitað úr lofti.

unnar, TF-SIF, við strendur, eyjar og sker allt frá Skerjafirði inn Kollafjörð, út með Kjalarnesi og upp á Akranes, að því er fram

Flugslysið í Skerjafirði: Friðrik stefnir Sigurði Líndal

DÓMSMÁL Lögfræðingur Friðriks Þórs Guðmundssonar, föður pils sem lést eftir flugslys í Skerjafirði fyrir fimm árum, hefur ritað Sigurði Líndal, fyrrverandi prófessor, bréf. Þar er þess krafist að hann dragi ummæli sín til baka og biðji Friðrik afsökunar. Að öðrum kosti verði honum stefnt fyrir dóm og þess freistað að fá ummæli hans dæmd dauð og ómerk. Sigurður ásaði Friðrik um að hafa brotið trúnað og komið upplýsingum úr skýrslu, sem starfshópur vann um flugslysið í fjölmiðla áður átti að kynna þær á blaðamannafundi.

-jse



GARÐSSTAÐIR Vonir standa til að sem flestum bílhæjunum verði komið fyrir kattarnef hið fyrsta.

Sveitarstjórn Súðavíkur: Vilja bílakirkjugarð á brott

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bílakirkjugarðurinn að Garðsstöðum við Ísafjarðardjúp mun að mestu hverfa ef samkomulag sem sveitastjórn Súðavíkur gerði við landeiganda í gær gengur eftir. „Nú eru um 580 bílar á landinu og við ætlum að vinna að því með landeiganda að þetta verði orðið öllu minna og snyrtilegra næsta sumar,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri á Súðavík. Landeigandi hafði sóst eftir því að fá starfsleyfi fyrir bílaparta-sölu sína á jörðinni, sem þá væri skilgreind sem iðnaðar- og at-hafnasvæði. Vegna formgalla á umsókn var þeirri beiðni hafnað, nágrönnum á Ögri til mikillar ánægju.

-jse

Vísitala íbúðaverðs í Reykjavík:

Lækkandi íbúðaverð

HÚSNÆÐISMÁL Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,6 prósent í ágúst miðað við mánuðinn á undan. Síðastliðna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um 3,4 prósent og er þetta í fyrsta skipti í meira en ár sem vísitalan lækkar. Vísitalan er byggð á meðaltali fermetraverðs í níu flokkum húsnæðis. Vísitölunni er ætlað að varpa ljósi á þróun fasteignaverðs en ekki til að verðtryggja fjárskuldbindingar.

-saj

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

TÍSKU
DAGAR
15.-25. SEPTEMBER

ICELANDAIR 

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FLUGFERÐ FYRIR TVO TIL TÍSKU- BORGARINNAR **NEW YORK!**

HAUST-OG VETRARTÍSKAN KYNNT
Á 100 GÍNUM Í GÖNGUGÖTU

NÝTT **OPIÐ**
KORTATÍMABIL 10-18 Í DAG

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó eru með opið lengur á kvöldin.
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 16.9.2005			
	KAUP	SALA	
 Bandaríkjadalur	USD	61,59	61,89
 Sterlingspund	GBP	111,6	112,14
 Evra	EUR	75,5	75,92
 Dönsk króna	DKK	10,124	10,184
 Norsk króna	NOK	9,694	9,752
 Sænsk króna	SEK	8,083	8,131
 Japanskt jen	JPY	0,5553	0,5585
SDR	XDR	90,31	90,85

Gengisvísitala krónunnar

105,8445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



KOSNINGAÁRÓÐUR Kosningabaráttan er í fullum gangi í Afganistan en talíbanar hafa hvatt fólk til að halda sig fjarri kjörstöðum þegar kosið verður á morgun.

Kosningar í Afganistan:

Frambjóðandi myrtur

AFGANISTAN. AP Skæruliðar í Afganistan myrtu einn þingfram-
bjóðanda og tvo bandaríska her-
menn í árás á í gær, föstudag.

Talsmaður talibana, Mullah Latif
Hakimi, hefur hvatt almenning í
landinu til að hunsa þingkosning-
arnar sem fara fram á morgun og
hótað að gera árásir á kjörstaði.

Margir höfðu vonast til að kos-
ningarnar myndu binda enda á
ofbeldi í landinu en annað virðist
nær því rúmlega tólf hundruð
manns hafa látið lífið í átökum síð-
asta hálfa árið í landinu. ■

Forval VG til kosninga:

Tíu í framboð

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ljóst er hverjir
verða í forvali Vinstrihreyfingar-
innar – græns framboðs í Reykja-
vík. Kosnir verða fulltrúar í sex
efstu sæti listans.

Frambjóðendurnir eru Árni Þór
Sigurðsson, Ásta
Þorleifsdóttir,
Grímur Atlason,
Guðný Hildur
Magnúsdóttir,
Magnús Bergsson,
Sóley Tómasdóttir,
Ugla Egilsdóttir,
Þorleifur Gunn-
laugsson, Þorvald-
ur Þorvaldsson og
Svandís Svavarsdóttir. Svandís
gefur kost á sér í fyrsta sæti listans.
Félagsmenn VG í Reykjavík hafa
kosningarétt.



SVANDÍS
SVAVARSDÓTTIR

-sja

ÞÝSKU KOSNINGARNAR Svo virðist
sem Þjóðverjar eigi afskaplega
erfitt með að gera upp við sig hvað
þeir vilji þegar að kjörkössunum
er gengið í þingkosningunum sem
fram fara á morgun, sunnudag. Í
síðustu skoðanakönnununum sagð-
ist fjórði hver kjósandi ekki vita
enn hvaða flokk hann hygðist
kjósa, eða hvort hann færi yfirleitt
á kjörstað. Og af svörum þeirra
sem þó segjast hafa gert upp hug
sinn má helst ráða að þeir vilji að
kristilegu flokkarnir taki við
stjórnartaumunum – en að jafnað-
armaðurinn Gerhard Schröder
verði áfram kanslari, frekar en
áskorandinn Angela Merkel.

Ljóst er að flestir Þjóðverjar
líta svo á að jafnaðarmenn og
græningjar skili ekki af sér góðu
búi eftir sjö ár á valdastóli – efna-
hagsstöðnun, hallarekstur á ríkis-
sjóði og vaxandi frekar en minnk-
andi atvinnuleysi er allt til vitnis
um þetta. En margir eru engu
sannfærðari um að stjórnar-
andstöðuflokkarnir myndu standa
sig betur.



Þýsku
ÞINGKOSNINGARNAR

átti annars að ljúka, var forskot
stjórnarandstöðuflokkanna yfir-
gnæfandi. Kristilegu flokkarnir,
CDU og systurflokkurinn CSU,
mældust með allt að 49 prósentu
fylgi þá en SPD með aðeins um 27
prósent. Eftir að kosningabaráttan
fór formlega í gang í júlí var strax
farið að draga aðeins saman með
stóru flokkunum. Og eftir því sem
nær dró kjördegi staðnaði fylgi
kristilegra en í krafti kosninga-
baráttuhams kanslarans mjakaðist
fylgi SPD upp á við.

En enginn vafi þykir leika á því
að CDU/CSU verði langstærsti
flokkurinn eftir kosningarnar. Öllu
meiri vafi leikur hins vegar á því
hvort samanlagður þingstyrkur
hans og hins væntanlega stjórnar-
samstarfsflokks, Frjálsra demó-
krata (FDP), dugi fyrir starf-

Fyrst eftir að
Schröder boðaði
snemmsumars
að kosið skyldi til
þings strax í
haust, ári áður en
kjörtímabilinu



SÉRFRÆÐINGAR Í OFFITUADGERÐUM Frá
vinstri: Björn Geir Leifsson skurðlæknir,
Rune Sandbu yfirlæknir, Lina Kristin
Johnson næringarfræðingur og
Hjörtur G. Gíslason skurðlæknir.

Pattstaða líkleg í Þýskalandi

Síðustu skoðanakannanir fyrir þingkosningarnar í Þýskalandi sýndu að óvíst er að stjórnarandstaðan nái meirihluta þótt stjórnin falli. Svo gæti farið að upp komi pattstaða með vinstrisósíalista í oddaaðstöðu.



KANSLARINN Schröder var þreytulegur á
lokakosningafundi SPD í Berlín í gær, eftir
að hafa farið mikinn síðustu vikur.






ÁSKORANDINN Angelu Merkel var hampað
á lokakosningafundi CDU í Berlín í gær. Á
skiltunum stendur: „Kjösum stjórnarskipti!“

hæfum meirihluta. Samkvæmt síð-
ustu könnunum mældist saman-
lagt fylgi þessara flokka annars
vegar, og SPD, Græningja og nýja
Vinstriflokksins hins vegar, ná-
kvæmlega jafn mikið, 48-49%.

Það gæti hugsanlega dugað til
að miðju-hægri-blokkin fengi
nauman meirihluta. Það gæti hins
vegar jafnaðveldlega farið
þannig að Vinstriflokkurinn –
kosningabandalag austur- og
vestur-þýskra sósíalista sem allir
flokkar hafa útilokað að eiga

samstarf við – lenti í oddaaðstöðu.
Slík úrslit myndu skapa algjöra
pattstöðu sem að mati flestra
stjórnmalaskýrenda væri senni-
legast að leiðdi til „stóru sam-
steypu“, það er stjórnarsamstarfs
SPD og CDU/CSU. Þótt talsmenn
flokka hafi í kosningabarátt-
unni vísað þeim kosti afdráttar-
laust á bug sýndu skoðanakannan-
ir að yfir þriðjungur kjósenda teldi
slíkt stjórnarmynstur „besta kost-
inn fyrir Þýskaland“.

audunn@frettabladid.is



Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÓTRÚLEGA GOTT VEÐUR

Og nú er landið allt lagt undir. Bjartviðrisspá með ágætum hlýind-
um er í spánum. Það er einna helst að dálitill strekkingur á austan-
verðu landinu valdi vonbrigðum. Einnig gæti þykktuð upp með Suðurlandinu síðdegis. Sunnudagur-
inn er mun síðri. Snýst smá saman í norðan átt með vætu all víða.

**HÖRFUR Í HÖF-
UÐBORGinni**

Hæg vestlæg átt með bjartviðri þegar liður á morguninn. Hiti 8-12 stig.

um hádegi »

» á morgun

» mánudagur

Stað	16°C heiðskirt	18°C heiðskirt	28°C skýjað/skúr
Kaupmannahöfn	16°C heiðskirt	18°C heiðskirt	28°C skýjað/skúr
Oslo	12°C hálfskýjað	12°C alskýjað-skúr	23°C hálfskýjað
Stokkhólmur	13°C heiðskirt	21°C alskýjað-skúr	27°C hálfskýjað
Helsinki	10°C skýjað-skúr	33°C heiðskirt	18°C heiðskirt
London	16°C hálfskýjað	28°C heiðskirt	33°C heiðskirt
París	18°C heiðskirt	12°C alskýjað-skúr	28°C skýjað/skúr
Berlín	12°C alskýjað-skúr	21°C alskýjað-skúr	27°C hálfskýjað
Frankfurt	21°C alskýjað-skúr	33°C heiðskirt	18°C heiðskirt
Madrid	33°C heiðskirt	28°C heiðskirt	33°C heiðskirt
Barcelona	28°C heiðskirt	18°C heiðskirt	28°C skýjað/skúr
Alicante	28°C skýjað/skúr	23°C hálfskýjað	27°C hálfskýjað
Milano	23°C hálfskýjað	27°C hálfskýjað	18°C heiðskirt
New York	27°C hálfskýjað	18°C heiðskirt	33°C heiðskirt
San Francisco	18°C heiðskirt	33°C heiðskirt	33°C heiðskirt
Orlando/Florida	33°C heiðskirt	33°C heiðskirt	33°C heiðskirt

* Sveði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



3^{stk}
erikur
999



50%
afsl.
af öllum
pottaplöntum

útsölunni lýkur á sunnudaginn

Haustrauka hátíð

NÝTT
KORTATÍMABIL

Verð-
sprengja

Topp 10 á frábæru verði

15 perluliljur, muscarí armeniacum,	99 verð áður 399
10 krókusar, blandaðir litir,	99 verð áður 399
5 páskaliljur, Carlton,	99 verð áður 399
10 túlipanar, Couleur Cardinal,	159 verð áður 499
10 túlipanar, Apeldoorn,	139 verð áður 399
10 túlipanar, Double early, blandaðir litir,	159 verð áður 399
10 túlipanar, Red riding hood,	199 verð áður 549
10 túlipanar, Stockholm,	189 verð áður 469
10 túlipanar, Darwin blanda,	139 verð áður 469
10 túlipanar, Toronto, margblóma,	129 verð áður 399



Rósavendir 499 verð áður 879



Heilsársseriur 499


heillandi heimur

Sigtún - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



KJÖRKASSINN

Eiga Íslendingar að sækjast eftir sæti í Öryggisráði Sam-einuðu þjóðanna?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	25,2%
Nei	74,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Parf að fækka sveitarfélögum á landinu?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



VIÐ UNDIRSKRIFT SAMNINGS Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar hf., og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone.

Og Vodafone og Neyðarlína: Staðsetning beint til 112

FIARSKIPTI Gengið hefur verið frá samningi Og Vodafone og Neyðarlínunnar um að upplýsingar um staðsetningu Og Vodafone farsíma berist beint til 112. Stefnt er að því að ljúka tæknilegri útfærslu sem fyrst og að þjónustan verði orðin virk innan tveggja mánaða.

Deilt hefur verið um hver skuli greiða fyrir uppsetningu hugbúnaðar til að þetta sé mögulegt en Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, segir að aðilar hafi komist að samkomulagi um að ræða ekki frekar útfærslu samningsins.

- ss

LÖGREGLUFRETTIR

HRADAKSTUR Í KEFLAVÍK Lögreglan í Keflavík gómaði ökuþór á 130 kílómetra hraða á Reykjanesbraut í fyrirakvöld. Annar var gripinn skömmu seinna á 122 kílómetra hraða. Snemma í gærmorgun voru svo tveir ökumenn teknir fyrir að aka á 78 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 50. Allir mega þeir búast við sektum.

LOK ÞEYTTIST Á VEGFARANDA Strætó ók yfir brunnlok á Skot-húsvegi í Reykjavík með þeim afleiðingum að lokið þeyttist upp á gangstétt og lenti á gangandi vegfaranda. Vegfarandinn var fluttur á slysadeild og voru áverkar hans minniháttar að sögn lögreglu. Ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna brunnlokið hrökk af sínum stað.

Könnun Gallup á trausti Reykvíkinga í garð borgarstjóraefna Sjálfstæðisflokksins:

Fleiri segjast treysta Vilhjálm

BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR Reykvíkingar treysta Vilhjálm P. Vilhjálmssyni betur en Gísla Marteini Baldurssyni til þess að gegna starfi borgarstjóra, samkvæmt niðurstöðum úr nýrri skoðanakönnun sem unnin var á vegum Gallup.

Alls treysti 57,1 prósent aðspurðra Vilhjálm mjög vel eða frekar vel til þess að gegna starfinu en 42,3 prósent treystu Gísla Marteini. Þá voru fleiri sem sögðust treysta Gísla Marteini frekar illa eða mjög illa fyrir starfinu, eða 38,8 prósent á móti 22,8 sem treystu ekki Vilhjálm.

Könnunin var gerð á tímabilinu



VILHJÁLmur P. VILHJÁLmsson
57,1 prósent treystir Vilhjálm.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
42,3 prósent treysta Gísla Marteini.

1.-12. september og var úrtakið 1.200 Reykvíkingar. Svarhlutfall var fimmtíu prósent.

Í niðurstöðum sömu könnunar kom fram að ef val á borgarstjóra stæði milli þeirra tveggja sögðust

57,3 prósent kjósa Vilhjálm en 42,7 prósent Gísla Marteini. Þá sögðust tæp 54 prósent aðspurðra ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en næstflestir sögðust ætla að kjósa Samfylkinguna, 26,3 prósent.

- sda



Á UMFERÐARMIDSTÖÐINNÍ Kynnisferðir reka Umferðarmiðstöðina og eru jafnframt með sérleyfisferðina til Keflavíkur. Nú eru fyrirtæki til í að greiða allt að 469 milljónir fyrir þá sérleyfisferð, sem jafnframt gefur leyfi fyrir ferðum til Grindavíkur og Bláa lánsins.

Tilboðið var mistök

Framkvæmdastjóri Kynnisferða telur tilboð Hópferðamiðstöðvarinnar og Vestfjarðaleiðar í sérleyfi ferða til Suðurnesja frá Reykjavík vera mistök. Kært hefur verið vegna skilyrða sem þykja brjóta samkeppnisreglur.

SAMGÖNGUR „Það kom okkur verulega á óvart hvað menn eru tilbúnir að greiða fyrir sérleyfisferðina,“ segir Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri Kynnisferða. Í fyrradag voru opnuð tilboð í Ríkiskaupum í skóla- og áætlunarakstur á nokkrum sérleyfisferðum. Athygli vöktu svokölluð mínustilboð en nokkur fyrirtæki voru reiðubúin að greiða Vegagerðinni tugi og allt að 469 milljónir með leyfinu fyrir akstur frá Reykjavík til Suðurnesja.

„Við buðum 27 milljónir og það er alveg á mörkunum að það borgi sig samkvæmt okkar útreikningum svo ég veit ekki hvernig þeir ætla að fara að sem vilja borga 469 milljónir fyrir það. Þetta hljóta að vera einhver mistök og ég á ekki

von á því að Vegagerðin taki þessu boði,“ bætir hann við.

Bjarni Björnsson, sem á sæti í stjórn Hópferðamiðstöðvarinnar og Vestfjarðaleiðar sem bauð 460 milljónir, vildi ekki tjá sig um útreikninganna sem liggja að baki tilboðinu eða hvort um einhver mistök væri að ræða.

Þórir Garðarsson hjá Allrahanda, sem bauð 103 milljónir, segir að sérleyfið fyrir Suðurnes sé með margfalt meiri meðalnýtingu en flestar aðrar leiðir, sem geri það að verkum að fyrirtækið sé tilbúið að greiða slíka upphæð fyrir það.

Félag hópferðaleyfishafa og Þingvallaleið hafa kært til kærufélagar útbóðsmála vegna þeirra skilmála sem fylgja útbóðinu en í því felst að þjónusta við Umferðar-

miðstöðina sé notuð og greitt sé fyrir hana til rekstraraðila hennar en það er fyrirtækið Kynnisferðir sem jafnframt á tilboð í útbóðinu. Einnig greiða samkeppnisaðilarinnar aðstöðugjöld til Kynnisferða, segir Björn, sem einnig er í stjórn Félags hópferðaleyfishafa, og það gefi þeim betri stöðu þegar kemur að tilboðinu.

Þráinn segir að Kynnisferðir hafi samið um jafnan aðgang allra að Umferðarmiðstöðinni, sem sé í raun eina boðlega endastöðin, og því eigi kærán ekki við rök að styðjast. Einnhver verði að reka hana og Kynnisferðir hafi fengið beiðni frá sérleyfishöfum um að gera það og hafi kostað miklu til að standa undir því.

jse@frettabladid.is

FARPEGAFJÖLDI Í NOKKRUM LEIÐUM Á SÍÐASTA ÁRI

	Kílómetrar	Heildarfjöldi ferða	Heildarfjöldi farþega	Fjöldi farþega á ferð
Reykjavík-Leifsstöð	53	9.636	226.605	23,5
Reykjavík-Hveragerði-Selfoss	61	2.111	31.752	15
Reykjavík-Akureyri	389	460	14.206	30,9
Seyðisfjörður-Egilsstaðir	30	620	1.329	2,1

Kostnaður við sameiningu sveitarfélaga til ársins 2009:

Allt að 2,4 milljarðar í sameiningu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Stjórnvöld hafa ákveðið að verja allt að 2,4 milljörðum króna til sameiningar sveitarfélaga til ársins 2009.

Í tilkynningu félagsmálaráðuneytisins segir að tryggt verði viðbótarfjármagn til þess að styðja myndarlega við sameiningaráform sveitarfélaga á næstu árum. Fé verður varið til undirbúnings sameiningar en einnig er ætlunin að nýsameinuð sveitarfélög fái aðgang að meira fjármagni en áður til að byggja upp þjónstu og stjórnsýslu að lokinni sameiningu.

Veitt verður fé til skuldajöfnunar sveitarfélaga sem og til tekju- og útgjaldajöfnunar. Sjóðurinn hefur einnig heimild til að taka þátt í launakostnaði framkvæmdastjóra sameinaðs sveitarfélags en það getur átt við þegar sameinuð eru nokkur fámenn sveitarfélög sem ekki hafa haft



FYRIRHUGAÐ ÍPRÓTTAHÚS Stærð nýrrar íþróttahallar í Fjarðabyggð ákvarðast að líkindum af sameiningu Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar árið 1998.

framkvæmdastjóra á launum. Jafnframt er gert ráð fyrir að að sjóðurinn geti varið fé til nauð-

Rembrandt-málverk fannst:

Metið á um þrjá milljarða

SVIÐJÓÐ Málverk eftir Rembrandt sem rænt var úr sænska Þjóðminjasafninu fyrir fimm árum fannst í Kaupmannahöfn í gær. Verkið er eitt af þremur sem rænt var á sínum tíma en hin tvö sem eru eftir Renoir eru ófundin.

Danska lögreglan komst á snoðir um að málverkið væri að finna á hóteli í Kaupmannahöfn og handtók fjóra menn á staðnum með dýrgripinn í fórum sínum. Málverkið er sjálfsmynd af Rembrandt og er metið á um þrjá milljarða króna að lágmarki.

- sps

Kjarnorkumál Norður-Kóreu:

Purfa að sýna sveigjanleika

PEKING, AP Enn hefur enginn árangur náðst í viðræðum sex ríkja um framtíð kjarnorkuáætlunar Norður-Kóreu.

Krafa Norður-Kóreumanna um að byggður verði kjarnakljúfur til raforkuframleiðslu gegn því að þeir láti af auðgun úrans hafa ekki hlotið hljómgrunn meðal hinna ríkjanna.

Fulltrúi Suður-Kóreu hefur þó látið hafa eftir sér að þessi ágreiningur sé ekki óyfistíganlegur. Til þess að árangur náist þurfi þó bæði Bandaríkin og Norður-Kórea að sýna talsverðan sveigjanleika. ■



JÓN MAGNÚSSON í forsvari fyrir stjórn-málaflokkinn Nýtt afl.

Nýtt afl íhugar framboð:

Bara í Reykjavík ef af verður

STJÓRNMÁL Á fundi Nýs afls á fimmtudagskvöld var rætt um framboð stjórnmálaflokksins til sveitarstjórnarkosninga. Ákveðið var að skoða framboð og hefja undirbúning. Ákvörðun um hvort farið verður í framboð bíður aðalfundar Nýs afls sem haldinn verður 12. október.

Jón Magnússon lögfræðingur, sem verið hefur í forsvari fyrir flokkinn, segir að skiptar skoðanir hafi verið um framboð. Félagar hafi verið harla ánægðir og glaðir með ákveðna sveitarstjórnarmenn í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. „Höfuðathyglin beinist að Reykjavík og ef til kemur munum við bara bjóða fram þar.“

- ss

Alltaf einfalt



ódyrt bensín

14 stöðvar!

[www.ob.is](#)

Sportvörur á amerískum dögum

Sportbuxur
svartar, gráar
st. S-XL

2.999_{kr}

Sporttoppur
svartur, grár, hvítur
st. S-XL

1.499_{kr}

aze

Toppur
svartur, rauður, blár
st. S-XL

2.499_{kr}

aze

Rennd peysa
hvít, rauð, blá
st. S-XL

3.999_{kr}

aze

Stuttermabolur
hvítur, rauður, blár
st. S-XL

1.999_{kr}

aze

Sportbuxur
svartar
st. S-XL

2.999_{kr}

**Nýtt
kortatímabil**

aze



Er vandaður sportfatnaður
úr Meryl® microfibre.
Þægilegt og teygjanlegt
efni sem andar vel og
veitir stuðning.

Orbitrek
Platinum fjölþjálf
Fyrirferðalítið þoltæki
heim í stofuna. Þægilegt
að færa til. Púlmælir og
stillanleg handföng.

TILBOÐ

19.999_{kr}

Verð áður 29.999,-



TILBOÐ

1.499_{kr}

Verð áður 6.999,-

Bodyflex þjálf

Sérstök hönnun, með ýmsum útfærslum sem eru mjög hentugar fyrir
alhliða líkamsþjálfun. Einföld þjálfun með Bodyflex kemur þér í gott
form á stuttum tíma

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

1

Hve gamalt varð nautið Guttormur?

2

Hve mörgum sjúklingum er þýskur hjúkrunarfræðingur talinn hafa banað?

3

Hver fer fyrir flokki kristilegra demókrata í Þýskalandi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54



TURNINN FELLDUR Undirstöður turnisins voru fyrst klipptar og skornar í sundur en að því loknu ýtti ljónhugaður grófumaður við einni undirstöðunni og turninn féll tígulega til jarðar.

Verksmiðjurnar Kísiliðjunnar: Turninn felldur í heilu lagi

NÍÐURRI Starfsmenn Hringrásar hafa undanfarnar tvær vikur unnið að því að rífa verksmiðju Kísiliðjunnar við Mývatn. Hús og vélar eru úr járn og stáli, samtals um 2.500 tonn að þyngd, og verður allt nýtanlegt efni flutt í bútum til Húsavíkur þar sem það fer í skip og að lokum til endurvinnslu á Spáni. Síðastliðinn miðvikudag var turn verksmiðjunnar felldur í heilu lagi en hann var 120 fermetrar að grunnfleti og viðlíka hár og átta hæða fjölbýlishús. - kk

LEIÐRÉTTING

Vegna umfjöllunar um verð á leikhúsmiða í Þjóðleikhúsi og Borgarleikhúsi skal tekið fram að miðaverð á barnasýningar í Borgarleikhúsinu er 2.350 kr.

Ábúendur á Víkingavatni í Kelduhverfi:

Ala fálka í fjárhúsinu

FUGLALÍF Aðalsteinn Örn Snæþórsson á Víkingavatni í Kelduhverfi hefur undanfarnar vikur haft fálkaunga í fóstri en fuglinn fannst í landi Hafrafellstungubænda í Öxarfirði í lok ágúst. „Þetta er ungur karlfugl og hann var orðinn mjög rýr og lítt fleygur þegar hann fannst. Ég kom honum fyrir í fjárhúsinu á Víkingavatni og þar hefur hann braggast vel og flýgur nú um húsið,“ segir Aðalsteinn. Alla jafna er sjúkum og ófleygum fálkum komið til Náttúrufræðistofnunar Íslands og segir Ólafur Karl Nielsen, vist-

fræðingur hjá stofnuninni, að fimm til fimmtán fálkar berist þangað á hverju hausti. Ef sýnt þykir að hægt sé að bjarga þeim er fálkunum komið fyrir í Húsdýragarðinum í Reykjavík þar sem þeir fá fyrsta flokks aðhlynningu og lækniþjónustu sem fyrirtækið Fálkinn greiðir fyrir. Aðalsteini og Ólafi kom hins vegar saman um að vænlegra væri að fóðra fálkann og fita fyrir norðan í stað þess að flytja hann langan veg, jafn illa og hann var á sig kominn.



ADALSTEINN OG SYNIR Fálkinn situr á spýtu uppi undir þaki að baki þeim fedgum en þegar hann hefur öðlast nægilegan styrk er ætlunin að gefa honum frelsi á ný.

- kk

-saj

Neydd til að samþykkja

Reynir Sveinsson bæjarstjóri í Sandgerði segir að andstaða bæjarstjórnar hafi legið fyrir og véfengir að í nýrri skýrslu um kosti og galla sameiningar við Reykjanesbæ og Garð sé eindregið mælt með sameiningu.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Við leggjumst ekkert gegn okkar eigin sameiningartillögu. Það er nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem skikkar okkur til þess að fara út í kosningar 8. október,“ segir Reynir Sveinsson bæjarstjóri í Sandgerði.

Reynir er ekki sáttur við ummæli Árna Sigfússonar, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, en í Fréttablaðinu í gær sagði Árni að andstaða sveitarstjórnarmanna í Garði og Sandgerði við sameiningu færi gegn niðurstöðum nýrrar skýrslu sem unnin var á vegum sveitarfélaganna þriggja.

„Ég er formaður nefndar sem farið hefur yfir kosti og galla sameiningar og hún fékk hlutlausa sérfræðinga til að gera úttekt. Það var löngu vitað að við í sveitarstjórninni værum á móti sameiningunni,“ segir Reynir.

Umrædd skýrsla er unnin af ráðgjafarfyrirtækinu Par X og var sett inn á vefsíðu sveitarfélaganna þriggja fyrir fáeinum dögum. „Eftir að hafa skoðað skýrsluna var það sameiginlegt álit allra bæjarfulltrúanna að sameining væri ótímabær. Það er ekkert í skýrslunni sem mælir sérstaklega með sameiningu. Árni Sigfússon túlkar skýrsluna sér í hag,“ segir Reynir.



SANDGERÐISHÖFN Bæjarfulltrúar í Sandgerði telja sameiningu við Garð og Reykjanesbæ ótímabæra.

Í skýrslunni er farið yfir fjölda þátta í rekstri sveitarfélaganna; meðal annars er fjallað um yfirstjórn, félagsmál og samgöngur. Rakið er að sveitarstjórnarmönnum fækkar úr 25 í 11 við sameiningu og nefndarmönnum fækkar einnig.

Með sameiningu er ljóst að framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga verða nálægt eitt hundrað

milljónum króna lægri en þau eru nú samanlögð nú til þriggja sveitarfélaga.

Starfsmenn sveitarfélaganna eru 685 og er ekki gert ráð fyrir að þeim fækki að marki þótt fækkun verði í yfirstjórn.

Skýrslan ber með sér að aukin hagkvæmni ætti að nást með sameiningu varðandi bætti eins og samgöngumál, starfsmannamál,



SUÐURNES Þótt gert sé ráð fyrir aukinni hagkvæmni á mörgum sviðum er ekki tekinn afdráttarlaus afstaða með sameiningu sveitarfélaga á Suðurnesjum í nýrri skýrslu.



REYNIR SVEINSSON BÆJARSTJÓRI Í SANDGERÐI „Það er nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem skikkar okkur til þess að fara út í kosningar 8. október.“

félagsmál og skipulagsmál, en Suðurnes eru nú þegar eitt atvinnusvæði. johannh@frettabladid.is

Fréttablaðið - stærsta bílasala landsins?

Á HVERJUM DEGI FÆRÐ ÞÚ EINA AF STÆRSTU

BÍLASÖLUM LANDSINS INN UM BRÉFALÚGUNA ÞÍNA!

SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN MEÐ ÞVÍ AÐ FINNA BESTA

BÍLINN Á MEÐAN ÞÚ SVOLGRAR Í ÞIG MORGUNKAFFIÐ.



FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ



LEIÐAKERFI STRÆTÓ Frestun gildistöku nýja vaktakerfisins hefur engin áhrif á aðrar breytingar sem stjórnin samþykkti að gera á nýja leiðakerfinu.

Vagnstjórar Strætó vilja lengri aðlögun:

Nýju vaktakerfi frestað

SAMGÖNGUR Ákveðið hefur verið að fresta gildistöku nýs vaktakerfis strætisvagnabílstjóra, að sögn Harðar Gíslasonar staðgengils framkvæmdastjóra Strætó bs. Til stóð að það tæki gildi 15. október en því hefur nú verið frestað til áramóta.

„Þetta kerfi er unnið í góðri samvinnu við Starfsmannafélag Reykjavíkur og fulltrúa bílstjóranna,“ segir Hörður. „Hinir síðarnefndu hafa óskað eftir því að fá frekari umþóttunartíma áður en

nýtt vaktakerfi tekur gildi og á það hefur verið fallist.“

Hörður segir nýja kerfið fjölbreytilegt og bjóði upp á ýmsa valkosti. Starfsmenn vilji skoða þá áður en lengra er haldið.

„Þetta mál er í góðum og eðlilegum farvegi,“ segir Hörður. „Frestun gildistöku nýja vaktakerfisins hefur engin áhrif á aðrar breytingar sem stjórn Strætó bs. samþykkti að gera á nýja leiðakerfinu, svo sem lengingu þjónustutíma á tilteknum leiðum.“ -jss

Oasis opnar í Smáralind

Ný Oasis með nýjum áherslum opnar í Smáralind í dag. Komdu og kíktu við!



oasis

Smáralind



LANDAMÆRI Palestínskur drengur hífir sig upp í gegnum gat á vegg á landamærum milli Rafah-flóttamannabúðanna á sunnanverðri Gaza-ströndinni og Egyptalands. Meiri ró var á svæðinu í gær eftir að þúsundir Palestínumanna höfðu ferðast óhindrað yfir landamærin til Gaza á þremur dögum.



Davíð Oddsson utanríkisráðherra „Það má segja að við séum að leita leiða og kanna hvort hægt sé að halda þessu áfram með miklu minni kostnaði en menn höfðu áður velt fyrir sér... „Þeir (utanríkisráðherrar Norðurlanda) tóku þetta mál upp við mig og ég ræddi þetta. Það er heilmikill þrýstingur af þeirra hálfu að við hverfum ekki frá þessu.“ (Fréttablaðið 6. sept. sl.)

Davíð Oddsson utanríkisráðherra „Þess vegna finnst mér eðlilegt að viðtakandi utanríkisráðherra taki þessa ákvörðun og það er nú mín skoðun að Geir Haarde sé frekar á þeirri línu að halda þessu til streitu en að reyna að gera það með eins hagkvæmu móti og kostur er. Það er ekki eðlilegt að ég sé að taka slíka ákvörðun á lokaspretti.“ (RÚV 14. sept. – 12.20)

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra „Eðlilega þrýsta Norðurlandaráðherrarnir á okkur. Það var samkomulag um að Ísland færi í þetta ekki aðeins fyrir okkar hönd heldur einnig fyrir hönd allra Norðurlandanna. Þetta eru því líka hagsmunir annarra en okkar... Að mínu mati á að stilla kostnaði í hóf og ekki að fara í dýra kosningabaráttu.“ (Fréttablaðið 15. sept. sl.)

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra „Að lokum, herra forseti. Við trúum því að Ísland geti stuðlað að friði og velferð allra aðildarríkjanna. Af þeim sökum býður Ísland sig nú fram til tímabundinnar setu í öryggisráðinu árin 2009 og 2010.“ (Sameinuðu þjóðirnar 15. sept. sl.)

Þingkosningar í Póllandi 25. september:

Einkavæðing og lægri skattar

VARSIÁ, AP Íhaldsmenn í stjórnarandstöðu í Póllandi hafa lýst því yfir að þeir muni fremur leitast eftir samsteypuríkisstjórn, jafnvel þótt þeir næðu hreinum meirihluta í þingkosningunum 25. september næstkomandi. Ný skoðanakönnun bendir til að íhaldsflokkurinn muni vinna kosningarnar á afgerandi hátt með stuðningi ríflega fjörutíu af hundraði kjósenda. „Það væri betra fyrir framtíðarríkisstjórn landsins að hafa breiðan stuðning innan þingsins,“ segir Donald Tusk, leiðtogi íhaldsmanna.

Samkvæmt sömu könnun eru líkur til þess að Flokkur laga og

réttlætis, sem einnig er íhaldsamur verði í öðru sæti með um 24 prósent atkvæða. Þessir tveir flokkar þykja líklegir til samstarfs um ríkisstjórn en þar með mun valdatíð Vinstri-demókrata heyra sögunni til. Fylgi Vinstri-demókrata hefur hrunið að undanfögnu og mælist nú aðeins um átta prósent.

Tusk leggur áherslu á minni ríkisafskipti, öra einkavæðingu og lægri skatta á fyrirtæki. - **saj**

DONALD TUSK Flokkur Tusks nýtur stuðnings mikils meirihluta kjósenda samkvæmt nýlegri skoðanakönnun.



Stefnan tekin á öryggisráðið

Forsætisráðherra stælir vöðvana gagnvart keppinautunum, Tyrkjum og Austurríkismönnum, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hann ítrekar að stefnt sé á sæti í öryggisráðinu, ekki þó hvað sem það kostar.

Stjórnmálamenn og álitsgjafar hafa deilt um framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009 og 2010, en kosning til ráðsins fer fram árið 2008.

Þrjú lönd hafa gefið sig fram en aðeins tvö sæti eru til skiptanna fyrir svonefndan Vesturlandahóp.

Ísland hefur ekki áður gert sig gildandi í þessum eignum. Frændur vorir, Svíar, Finnar, Danir og Norðmenn, hafa skipst á að bjóða sig fram til tveggja ára í senn og mótað eins konar hefð þar að lútandi.

Finnar eiga annríkt þessi misserin enda í fyrirsvari innan Evrópusambandsins þegar dregur nær kosningabaráttu um sætin í öryggisráðinu. Þeir höfðu boðið sig fram að þessu sinni hefðu íslensk stjórnvöld ekki afraðið þegar árið 1998 að taka þá stefnu að bjóða fram til setu í öryggisráðinu árin 2009 og 2010.

Yfirlýsing Davíðs Oddssonar Deilurnar hafa einkum snúist um kostnað og fyrirhöfn. Fram kom í ræðu Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra á Alþingi í vor að kostnaður við framboðið og kosningaslaginn yrði vart minni en 600 milljónir króna.

Sem kunnugt er hefur Davíð lýst efasemdum ef ekki beinni andstöðu við framboð Íslands til öryggisráðsins. Orðrétt sagði hann í hádegisfréttum útvarps 14. september síðastliðinn:

„Þetta (var) svona mál sem skiptar skoðanir voru um í ríkisstjórninni. Það má segja eiginlega að ég hafi verið þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að slá þetta af. En félagar mínir í ríkisstjórninni margir hverjir eru þeirrar skoðunar að það eigi frekar að leita að þeim kosti að gera þetta með ódýrari hætti. Ég út af fyrir

sí get alveg fallist á það. Þess vegna finnst mér eðlilegt að viðtakandi utanríkisráðherra taki þessa ákvörðun og það er nú mín skoðun að Geir Haarde sé frekar á þeirri línu að halda þessu til streitu en að reyna að gera það með eins hagkvæmu móti og kostur er. Það er ekki eðlilegt að ég sé að taka slíka ákvörðun á lokaspretti.“

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, hefur einnig lýst eindreginni andstöðu sinni við umsóknina og framboðið. Fyrst og fremst telur hann fjármunum illa varið og hefur jafnframt litla trú á möguleikum Íslands, eins og fram kom í Kastljós-þætti Sjónvarpsins síðastliðinn fimmtudag. Einar Oddur taldi að þjóðin kallaði yfir sig ærin vanda-mál með framboðinu og fjármunum væri betur varið til annarra hluta á alþjóðavettvangi.

Ekki bara spurning um kostnað Álitamálin kunna að vera fleiri en þau ein sem snúa að kostnaði við framboðið, sem Einar Oddur telur að geti orðið tvöfalt meiri en þær 600 milljónir króna sem utanríkisráðherra nefndi á alþingi síðastliðið vor.

Íslensk stjórnvöld hafa – einkum í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins – fylgt utanríkisstefnu og vilja Bandaríkjamanna í flestum eignum. Sá stuðningur varð einkar augljós þegar Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, samþykkti – sennilega með vitund og vilja þáverandi utanríkisráðherra – að Ísland yrði á lista hinna staðföstu stuðningsmanna Bandaríkjamanna þegar þau réðust til atlögu í Írak í mars árið 2003.

Vel má vera að Davíð Oddssyni utanríkisráðherra þyki óþægileg sú tilhugsun að Ísland verði sett í þá aðstöðu innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að þurfa hugsan-



ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Íslendingar, Austurríkismenn eða Tyrkir heltast úr lestinni. Leiðtogar Tyrkja og Austurríkismanna höfðu báðir lýst yfir framboði til öryggisráðsins þegar Halldór ítrekaði að Ísland væri í framboði til ráðsins og keppti þar með við áðurgreindar þjóði.

lega að fara gegn stefnu Bandaríkjamanna í viðkvæmum málum á borð við Íraksmálið forðum. Slík staða gæti komið upp, ekki síst í ljósi þess að ef Íslendingar öðlast sæti í ráðinu hafa þeir ábyrgð gagnvart hinum Norðurlandþjóðunum eins og fram kemur í máli forsætisráðherra í Fréttablaðinu í dag.

Í leiðara Fréttablaðsins í gær er vakin athygli á því að árið 2009 verði hugsanlega ný stjórn við völd hér á landi og alveg hugsanlegt að Íslendingar sætu þá í öryggisráðinu í skjóli norrænna krata og fylgdu ekki stefnu Bandaríkjamanna í átakamálum sem koma til kasta ráðsins. Líkur eru til dæmis á því að árið 2009 sitji vinstristjórn Jens Stoltenberg enn við völd í Noregi.

Getur Ísland látið gott af sér leiða? Vel má vera að kostnaðurinn einn sé það sem á endanum skiptir máli. Stjórnvöld hafa ítrekað sagst ætla að halda honum í skefjum. Ögmundur Jónasson, þing-

Stjórnaðslit á Grænlandi:

Tveir ráðherrar segja af sér

GRÆNLAND, AP Boðað hefur verið til kosninga á Grænlandi. Hans Enoksen landsstjórnarformaður tilkynnti þetta á fjárlagafundi í Landsþinginu nýverið. Kosningar til Landsþings verða haldnar þann 22. nóvember næstkomandi.

Tveir ráðherrar landsstjórnarinnar hafa sagt af sér embætti eftir að hafa legið undir ásökunum að nota opinbert fé til einkaneyslu á borð við áfengis kaup og ferðir á veitingastaði. Erfiðleikar í samstarfi stjórnarflokka hafa staðið mánuðum saman. ■

FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUSSON
johannh@frettabladid.is

Það verður opið fyrir

Síðsumarsbúhnykkur

í dag, laugardag.

Búhnykkurinn er í fullum gangi og þess vegna verður mikið um að vera í verslun okkar **í dag, laugardag.**

Það verður opið frá 11 til 16.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Heitt á könnunni.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

ÖLL Á SAMA STAÐ!



Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Í ÞÍNU HVERFI!

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Í TÍLEFNI AF OPNUN ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR ÁRBÆJAR

Laugardaginn 17. september, kl. 12.00 - 14.00, Bæjarhálsi 1

- Borgarstjóri flytur ávarp
- Nemendur grunnskóla hverfisins kynna skólana sína
- Hópur úr söngleiknum Annie tekur lagið
- Örn Árnason og Sigurður Sigurjónsson skemmta
- 500 manna hátíðarkaka o.fl. o.fl.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður - Hjarðarhaga 45-47 • Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða - Skúlagötu 21
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis - Síðumúla 39 • Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður - Langaríma 21
Þjónustumiðstöð Breiðholts - Álfabakka 12 • Þjónustumiðstöð Árbæjar - Bæjarhálsi 1

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Hugmyndir um „rauðgrænt“
bandalag á Íslandi eru ótímabærar.

Rétt að halda leiðum opnum

Það kemur ekki á óvart að Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, skuli taka fagnandi hugmyndinni um að Samfylkingin og Vinstri grænir geri með sér bandalag fyrir næstu þingkosningar að fyrirmynd hinnar sigursælu „rauðgrænu“ fylkingar í Noregi. Eins og mál hafa þróast er erfitt að sjá fyrir sér ríkisstjórnarþátttöku VG nema í einhvers konar samfloti við Samfylkinguna. Hitt er meira undrunarefni að Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, telji sinn flokk eiga heima í slíku bandalagi. Orðið sjálfsmyndarkreppa kemur í hug í þessu sambandi.

En það var skynsamlegt af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, að stökkva ekki á hugmyndina. Í fyrsta lagi er hún algjörlega ótímabær. Þingkosningar verða ekki fyrr en eftir tæp tvö ár. Margt á eftir að gerast á vettvangi stjórnmálanna á þeim tíma. Í öðru lagi virðist blasa við að of nán tengsl við Vinstri græna geti skaðað þá ímynd sem Samfylkingunni er nauðsynleg til frekari fylgisaukningar, að hún sé miðju-sækinn vinstriflokkur. Hvað stjórnarmynstur að kosningum loknum áhrærir þarf hún enn að halda öllum leiðum opnum.

Horfast verður í augu við það að vinstri stjórnir hafa slæmt orð á sér hér á landi. Sporin frá 1956, 1971, 1978 og 1988 hræða. Þessar ríkisstjórnir náðu engum tókum á stjórn efnahagsmála og samstarf flokkanna einkenndist af sundurþykkju. Þessu er ekki eins farið í Noregi og víðar á Norðurlöndum. Þar hafa stjórnir jafnaðarmanna oft staðið sig vel og ekki síður en stjórnir borgaraflokkanna. Þess vegna er þar grundvöllur fyrir vinstri stjórn-um eða rauðgrænum stjórnnum eins og það heitir núna. Hér á landi verða margir hins vegar óöryggir og áhyggjufullir þegar farið er að tala um „vinstri stjórn“ í fullri alvöru. Þess vegna kemur ekki á óvart að formaður vinstri grænna kys frekar að tala um „velferðarstjórn“, en það hugtak hefur enn enga áþreifanlega merkingu fengið í íslenskum stjórnmálaumræðum. Margir munu líta á það sem feluorð fyrir vinstri stjórn.

Samfylkingin er höfuðflokkur stjórnarandstöðunnar og ólíklegt er að miklar breytingar verði í íslenskum stjórnmálum á næstu árum ef flokknum tekst ekki að styrkja stöðu sína meðal kjósenda og í almenningsálitinu. Forsenda þess að það takist er að flokkurinn hafi skýra og raunsæja stefnu sem höfðar til fjöldans. Ekki skiptir síður máli að forysta flokksins sé einörð, trúverðug og samhent. Mörgum sem virða flokkinn fyrir sér utan frá virðist sem forystan sé ekki nægileg öflug og gangi ekki í takt. Slík vandamál þarf að yfirvinna. Verra er þó að óvissa ríkir um það hvað það er nákvæmlega sem Samfylkingin vill gera í íslensku þjóðfélagi komist hún til valda. Of mörg dæmi eru um misvísandi skilaboð í því efni frá flokknum.

Sennilega er hlutverk leiðtoga stjórnarandstöðu eitt hið erfiðasta sem menn taka sér fyrir hendur í stjórnmálum. En það er jafnframt eitt hið mikilvægasta. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sýndi það sem borgarstjóri Reykjavíkur að hún er prýdd ýmsum hæfileikum leiðtogans. Nú þarf hún að sýna þessa hlið á sér með ótvíræðum hætti á Alþingi og í landsmálunum. Fram undan er ögurstundin á stjórnmálaferli hennar. ■



Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.–fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur



FRÁ DEGI TIL DAGS

Dauðasyndirnar fjórar
Þeir eru ekki margir Íslendingar sem jafnan eru kallaðir „meistarar“. Einn þeirra – kannski sá eini – er Þórbergur heitinn Þórðarson rithöfundur. Þetta viðurnefni öðlaðist hann fyrir stílsnilld sína sem löngum hefur verið rómuð. Og Þórbergur hefur ekki aðeins þótt skrifa finan texta heldur hefur hann verið talinn höfuðleiðbeinandi þjóðarinnar um greinarmun góðs og vonds texta. Ritgerð hans um íslenskan stíl, „Einum kennt – öðrum bent“, sem birtist upphaflega árið 1944, hefur verið kennsluefni í skólum um áratugaskeið. Margir hafa á hraðbergi



grundvallarhugtök ritgerðarinnar sem eru *skalli, uppskafning, lágbúra og ruglandi*. Þetta eru stundum kallaðar „dauðasyndirnar fjórar“ í íslenskum stíl.

Ekki fræðileg hugtök
En nú ber það til tíðinda að Kristján Jóhann Jónsson bókmenntafræðingur birtir í nýjasta hefti *Tímarits Máls og menningar* grein þar sem með ljósum hætti er sýnt fram á að hugtök Þórbergis rísa engan veginn undir því að vera stílfræðileg. Þau eru öll meira eða minna huglæg og siðferðileg, ónákvæm og stundum vanhugsuð og forðómafull dómsorð en ekki skýrar skilgreiningar. Segja má að þar með sé botninn dottinn úr þeim sem algildum viðmiðunum í ritgerðarkennslu eins og tíðkast hefur lengi.

„Refsandi þröngsýni“
Kristján Jóhann telur að í hugtökum Þórbergis felist að þeir sem standa sig ekki á ritvellingum séu „fáfróðir, heimóttarlegir og illgjarnir spjátrungar“. Þetta vill hann að vonum ekki fallast á: „Að mínu mati er Þórbergur, í þessari grein sinni um kosti og lesti ritverka, að einhverju leyti að minnsta kosti knúinn áfram af refsandi þröngsýni fátæks bændasamfélags. Það á að berja niðurstetningana og bera virðingu fyrir hreppstjórnunum. Það á að benda þeim hólpu á sæti meðal útvalinna og velja þá sem kenna skal um ómenningu og eymd í andlegu lífi Íslendinga,“ segir Kristján Jóhann.

gm@frettabladid.is

Keisariinn er nakinn

Fellibylurinn og eyðileggingin í New Orleans á dögnum hafa valdið ólýsanlegum hörmungum. Mannskepnan má sín lítils gagnvart slíkum náttúruhamförum og enda þótt við höfum horft á margar stórslysamyndirnar í bíóunum, jafnast ekkert ímyndunarafl kvikmyndaframleiðanda á við þessa heljarslóðarorrustu. Sjálfan veruleikann.

En að slepptum þessum hildar-leik náttúrunnar, sem að hluta til á sér sínar skýringar í loftlagsbreytingum og gróðurhúsaáhrifum af manna völdum, hafa þessar hamfarir varpað ljósi á staðreynd, sem reyndar hefur legið ljós fyrir, en sjaldnast komið fram í sviðsljósið. Og aldrei betur en nú. Í Louisiana og Suðurrikkjunum og raunar víðast hvar í Bandaríkjunum, leynist fátæktin og nauðin berskjölduð og nakin í allri sinni eymd. Eða eins og ágætlega var sagt í fréttaskýringum einhvers staðar: Stórveldið Bandaríkin fékk yfir sig fellibyl og eftir stóð keisariinn nakinn.

Við höfum löngum litið aðdáunaraugum til Bandaríkjanna, lands frjálsræðis og tækifæra, lands ríkidæmis og velmegunar, lands framfara og fegurðar. Og vissulega hafa Bandaríkjamenn fært okkur fyrirmynd og verið í fararbroddi frelsisbaráttu og lýðræðis. En kastljósinu hefur verið beint að hinum fallegu og fjáðu og frægu, sem hafa verið einhvers konar sýnishorn af þeirri glæstu ímynd, sem Bandaríkjamenn og raunar margir aðrir, hafa reynt að mála af þjóðinni. Hin fyrirheitna glansmynd. Allt í nafni kapitalismans og kenninganna um hið fullkomna frelsi. Skólabókardæmið hvernig eigi að brjóta til auðæfa og álits.

Hin hliðin á bandarísku þjóðlífi hefur ekki verið eins til sýnis. Sú hliðin sem snýr að fátæktinni, vesöldinni, sem ríkir víða í þessu landi tækifæranna. Hún varð ekki lengur falin þegar Katrín reið yfir og skildi eftir sig vegsummerkin og fólkið í allsleysi sínu. Í Bandaríkjunum búa milljónir manna við

skort, híbýli sem jafnast á við íslenskan kotbúskap fyrri alda, félagslega einangrun, menntunarsleysi og lágmenningu. Að langmestu leyti blökkumenn og undir-

UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI

ELLERT B.
SCHRAM

Hin hliðin á bandarísku þjóðlífi hefur ekki verið eins til sýnis. Sú hliðin sem snýr að fátæktinni, vesöldinni, sem ríkir víða í þessu landi tækifæranna. Hún varð ekki lengur falin þegar Katrín reið yfir og skildi eftir sig vegsummerkin og fólkið í allsleysi sínu.

málsfólk. Engin atvinna, ekkert öryggisnet, engin framtíð, nema slómmið og skyndibitinn og næsta sápa í sjónvarpinu. Þetta er fólkið og fórnarlömb fellibylsins, sem allar bjargar voru bannaðar, þegar holskeflan reið yfir. Hafði hvorki bifreið, getu né rænu til að koma sér í burt.

Ég hef komið til Dnepropetrovsk og Donetsk, Kuala Lumpur og Kalotta, Río de Janeiro og Rúanda og hef séð með eigin augum betlarana, útígangsfólkið, umkomulaus börnin í leit að fæðubita og næturstað. Hún er grim, fátæktin, víða í heiminum. En er hún eitthvað betri hjá hinni guðsútöldu þjóð í Vesturheimi? Er hún jafnvel ekki ennþá verri, ef tekið er tillit til þess að Bandaríkjamenn hafa alla möguleika, alla burði, til að útrýma þessu sjálfskaparvíti, ef ekki væri fyrir þá yfírgengilegu pólitísku trúarkenningu, sem þar

hefur ráðið för, að hver eigi að bjarga sjálfum sér. Að hver sé sjálfum sér næstur og þeir kalla hið skandinavíska velferðarkerfi kommúnisma og eru með nátttröll við stjórnvölinn, sem setja kfkinn fyrir blinda augað, þegar þeir heyra minnst á félagslega þjónustu.

Fátæktin í Bandaríkjunum er smánarblettur á ríkri þjóð, feimnismál og raunar þöguð í hel, því hún skemmir fallegu ímyndina af fallega fólkinu sem sífellt er að mata okkur í sjónvarpsþáttunum og fyrirsögunum. Nú blasir hún við, nú sést hún í kastljósinu, í hrollvekjunum sem birtast af veruleikanum í fréttamyndum frá New Orleans.

Það þurfti fellibyl til. Er það svona þjóðfélag sem við viljum, Íslendingar, himinn og haf á milli ríkra og fátækra, milli hins ljúfa lífs og lágbúunnar? Ætlum við að ganga þessa sömu götu til móts við ríka fólkið og stéttamenninn, þar til bilið verður aldrei brúað og hér búi tvær þjóðir í einu landi? Flotta fólkið í flóðljósunum, fátæklingarnir í skúmaskotunum.

Frjálsræði viljum við. Sjálfsbjargarviðleitni og einkaframtak. Við gleðjumst yfir velgengni annarra. En gleymum ekki þeim sem minna mega sín, sem eiga um sárt að binda og eiga sér enga framtíð, nema með hjálp og styrk samfélagsins. Ísland og Bandaríkin eru í hópi ríkustu þjóða. Við skulum aldrei láta það um okkur spyrjast að ríkidæmið sé notað til annars en að rétta þeim hjálparhönd sem næst okkur standa. Það er skylda þjóðfélagsins, skylda stjórnmálanna, skylda samborgarans.

Kapitalismi er góður til síns brúks og keisarar geta verið ágætir en allar kenningar og glansmyndir eru harla lítils virði, ef þær þola ekki dagsljósið og faldar myndavélar. Nekt hins áferðarfallaga kapitalíska keisaradæmis í Bandaríkjunum sem birtist okkur þegar óveðrinu slotaði, er aðvör, sem vonandi gleymist aldrei. ■



Sameinuðu þjóðirnar
Stofnun í kreppu
Er ágreiningurinn um umbætur á SP yfirstíganlegur?

**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

FRÉTTABLAÐIÐ

visir

6 STK. ~~198,-~~

99,-

LJÓSAPERUR
40W / 60W

Hægt að fá 3 eða 6 saman í pakka.

1 STK. ~~199,-~~

99,-

BAMBUSKYNDILL

Oliukyndill. 120 sm hár.

~~399,-~~

99,-

GEITUNGAGILDRA

Góð flugnagildra sem virkar.

~~199,-~~

99,-

REIKNIVÉL

Fyrir alla skólakrakka.

~~399,-~~

99,-

KAFFIKRÚS

Flott kaffikrúsi

MULTI-TÖNG

Frábær

~~399,-~~

99,-

~~1.690,-~~

99,-

NÁTTKJÓLL

ÖKKLASOKKAR

~~149,-~~

99,-

TOMBÓLUVERÐ
99,- / 199,- / 299,- / 499,-
VALDAR VÖRUR Á TOMBÓLUVERÐI
ATH. ÞETTA ER ADEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM Í BODI ERU!

ILMKERTI

ÁÐUR ~~399,-~~

99,-

LEIKFÖNG

ÁÐUR ~~399,-~~

99,-

VINNUVETTLINGAR

ÁÐUR ~~199,-~~

99,-

H.C. ANDERSEN NÆRFÖT

ÁÐUR ~~1.490,-~~

99,-

H.C. ANDERSEN SÆNGURVERASETT

ÁÐUR ~~2.990,-~~

499,-

ÁÐUR ~~990,-~~

499,-

SETTIÐ:

KERAMIK SETT 3 STK.

ÁÐUR ~~399,-~~

199,-

KARAFLA

ÁÐUR ~~990,-~~

299,-

„BRATZ”
HÚFUR OG VETTLINGAR

ÁÐUR ~~990,-~~

299,-

TILBODIN
GILDA ALLA HELGINA!

-góð kaup

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

GRILLPARTÝ

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29441 09/2005

GRILLPARTÝ. Glansandi nýir bílar í boði hjá Toyota um helgina.

Þau verða glansandi, Toyota grillin, í skemmtilegu grillpartýi hjá Toyota á Nýbýlaveginum um helgina. Á staðnum verður allur Toyota flotinn: Avensis,

Corolla, Yaris, RAV4 og Land Cruiser. Eðalvagnar frá Lexus verða líka á svæðinu og flottustu hjólin frá Yamaha kveikja í mönnum.



Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFÖSS
Sími: 480-8000



Grilluð dagskrá: Tilboð og veitingar.

- Öllum seldum bílum þessa helgi fylgir handfrjáls búnaður
- Þeir sem reynsluaka um helgina eiga möguleika á að vinna **Playstation Portable**
- Í boði er 90% lán í nýjum bílum og 50% afsláttur af lántökugjaldi hjá Glitni
- Sérlegir grillmeistarar Toyota grilla fyrir gesti

Komdu, sjáðu, reynsluaktu og njóttu!



TODAY TOMORROW TOYOTA

Opið laugardag frá kl. 12-16 og sunnudag frá kl. 13-16

MAÐUR VIKUNNAR

Kappsfullur dugnaðarforkur

ÓLAFUR JÓHANNESSON

SMÍÐUR OG KNATTSPYRNUÞJÁLFARI HJÁ FH

Ólafur Jóhannesson hefur átt góðu gengi að fagna sem þjálfari meistaraflökks karla í knattspyrnu hjá FH undanfarin ár en hann hefur orðið Íslandsmeistari með liðinu tvö ár í röð, í fyrsta skipti í sögu félagsins. Flestum ber saman um að samtakamátturinn sem einkennt hefur knattspyrnustarfið hjá FH sé ekki síst Ólafi að þakka.

Þrjú orð komu fyrst upp í huga góðvina Ólafs sem beðnir voru um að lýsa honum sem persónu: Dugnaður, hreinskilni og traust. Í ofanálág er Ólafur svo einstaklega kappsfullur og reynir oftast en ekki að einfalda alla hluti eins og mögulega er hægt, til þess að það fari ekki framhjá neinum hvað hann er að tala um. Stundum getur kappið hlaupið með hann í gönur á kostnað skipulagsins, en það heyrir þó til undantekninga.

Ólafur var sjálfur góður knattspyrnumaður og ber flestum saman um að dugnaður og áreiðanleiki hafi verið hans helsti styrkur sem knattspyrnumanns. Hann gafst aldrei upp og sá eiginleiki hefur hjálpað honum mikið í þjálfuninni, þar sem hann er duglegur að láta heyra í sér frá hliðarlínunni og fær þannig leikmenn til þess að leggja sig alla fram hvern fyrir annan. Það má því með sannri segja að sterk persónueinkenni hans fylgi honum inn á knattspyrnuvöllinn.

Þeir sem umgangast Ólaf mikið eru allir sammála um að hreinskilni hans og skopskyn gefi af sér einstaklega notalega nærveru, þótt hann sé harður nagli eins og stundum er sagt. Þannig leyfir Ólafur sér að tala

um hlutina eins og þeir eru, en ekki eins og hann vill endilega hafa þá. Og einmitt í þessu kemur hreinskilni hans fram sem er oft á tíðum einstaklega skemmtileg og gamansöm.

En þrátt fyrir kappsemina, og oft fljótfærni, er gott að tala við Ólaf sem að sögn vinnur einstaklega traustur og skemmtilegur maður. Hann tekur lífinu ekki of alvarlega og það þarf mikið til þess að koma honum úr jafnvægi.

Líkt og annað fólk er Ólafur þó ekki gallalaus. Dugnaður hans í vinnu skilar sér sjaldan inn á heimilið, þar sem eigin kona hans ræður ríkjum. Þar lætur Ólafur oftast en ekki fara vel um sig. Að auki er nokkuð erfitt að fá hann til þess að eyða tíma með sínum nánustu, enda með eindæmum upptekinn.

Dugnaður hans er ósjaldan bundinn við það sem honum finnst skemmtilegt og svo þolir hann engan veginn að tapa. Það á ekki einungis við um knattspyrnuna, heldur einnig þegar hann spilar á spil með fjölskyldunni. Þar spilar hann ávallt til sigurs þar sem það er með öllu óásættanlegt að vinna ekki, hvort sem andstæðingurinn er dóttir hans eða heilt knattspyrnulið.

Ólafur er mikið náttúrubarn og sækist sérstaklega eftir því að fylgjast með fuglum. Þeir sem standa honum næst geta vel séð hann fyrir sér sem bónda eða trillukarl í framtíðinni, en hann verður þó að koma sér þannig fyrir að hann geti leikið sér svolítið – og að sjálfsgöðu tekið þátt í einhverri keppni. Það þarf ekkert endilega að vera fótbolti. Heldur keppni þar sem sá vinnur sem tilbúinn er að leggja meira á sig en andstæðingurinn. Þar stendur Ólafur uppi sem sigurvegari, líkt og hann hefur gert svo eftirminnilega með FH undanfarin tvö ár. ■

TEKING: HELGI SIGURDSSON – HUGVERKALD

DV
Helgarblað

Hjalti var 21 árs þegar hann tók sitt eigið líf

Sjálfsmorð á Íslandi



Harmleikurinn við Viðey
Líklegast að Jónas hafi verið fullur við styrkið

DV Helgarblað

Kvíðinn varð syni mínum ofviðá

BÖRNIN ÞEIRRA TÓKU EIGIÐ LÍF

Sigurjóna Kristinsdóttir er fimin barna móðir. Eitt barna hefur, Hjalti Skagfjörð Svavarsson, tók sitt eigið líf á 21 ára aldri. Sjálfur segist sjálfvíg á Íslandi. Sigurður Pálsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, þekkir urðardóttir, tók líf sitt fyrir fimmin árum, þá 29 ára gomul.

Ódyru Heimsfrelsi

Verðandi 2000 kr. kort Heimsfrelsi
Bretland 500 mínútur 2,66 kr/min
Danmörk 500 mínútur 2,66 kr/min
Pólland 400 mínútur 4,88 kr/min
USA 500 mínútur 3,68 kr/min

Heimsfrelsi er fyrirséð samskipti með öðrum sínum til öfunda. Þú korró sálur mínútur 1,66 kr/min. Í þínu símanúmeri 012-0000. Áttíð að þessu í greit númer 800-1111 er í bók en þú færst mínútur. Heimsfrelsi gætt af sínu síðu. Símanúmer: 012-0000-1111

Verðandi 1000 kr. kort Heimsfrelsi
Bretland 270 mínútur 3,71 kr/min
Danmörk 270 mínútur 3,71 kr/min
Pólland 200 mínútur 5,00 kr/min
USA 270 mínútur 3,71 kr/min

Hefur þú séð DV í dag



Elton/SIA

EKKI LÁTA ÚTLITÐ
BLEKKJA ÞIG

BURT MEÐ
LAUNAMUN
KYNJANNA

VR

Haustr- markaðurinn hefst í dag



Keðjusög
B&D
5083608

Verð frá
10.000



Verkfærataska
1.010 hlutir fylgja
500474

3.500
~~6.995~~



Garðúðari
Pulsar, 3,5 ltr.
5087350

2.000



Skjólveggir
603065

Verð frá
2.990



Blómakassar
604005

Verð áður 3.990
1.790



Pallaolía 3 ltr.
Ýmsir litir
7049133/23/37

800
~~2.190~~

Rýmingarsala á eldri vörum

Haustrútsölumarkaður Húsasmiðjunnar hefst í dag kl. 10 í Skútuvoði 8 (fyrrum aðsetri Landflutninga).

Valdar vörur á ótrúlegu verði. Útlitsgallaðar vörur seldar með miklum afslætti!

Verðhrun á Markísum!



Verð frá
11.990

Gámaverð
á öllum markísum

Markísa

Breidd 3x2 m, blá/hvít
3899113

Markísa

Breidd 3x2 m, græn/hvít
3899115

Markísa

Breidd 3x2,5 m, græn/hvít
3899116

Markísa

Breidd 3x2,5 m, grá/hvít
3899117



Verð frá
3.500

Reiðhjól 12" stúlkna

Hjálpardekk, fótbremsa, stálgjarðir, bögglaberi, brettui, keðjuhlíf, bólstraður hnakkur
3899945



2.000

Kolagrill

2990270



6.000

Kælibox

28 ltr. 12 volt
3899324



4.000

Garðstóll með örmum

3901477



1.500

Útileguborð

3901451



80 stk

Kaffikrúsir

2101406

Allt að
80%
afsláttur



OPIÐ VIRKA DAGA

13-18

LAUGARDAGA

SUNNUDAGA

10-17

11-17



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

KAUPHÖLL ÍSLANDS [*Hlutabréf*]**ICEX-15** 4.570 **+1,78%** **Fjöldi viðskipta:** 466
Velta: 2.274 milljónir**MESTA HÆKKUN** **Atorka Group** +5,46%
Landsbankinn +3,77%
Straumur +2,61%**MESTA LÆKKUN** **Síminn** -2,88%
Marel -0,65%
Össur -0,59%**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 +1,80% ... Bakkavör 42,90 +2,10% ... Burðarás 17,90 +2,30% ... FL Group 14,55 +1,00% ... Flaga 3,73 -0,30% ... HB Grandi 9,10 +0,00% ... Íslandsbanki 14,85 +1,70% ... Jarðboranir 20,00 +1,50% ... KB banki 588,00 +1,20% ... Kögun 54,00 +0,00% ... Landsbankinn 22,00 +3,80% ... Marel 61,10 -0,70% ... SÍF 4,75 +2,60% ... Straumur 13,75 +2,60% ... Össur 83,50 -0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](#)

Peningaskápurinn...

Ómöguleg yfirtaka?

Greiningardeild Landsbankans gaf út í vikunni nýtt mat á verðmæti hlutabréfa í FL Group. Í umfjöllun bankans eru áhugaverðar hugleiðingar um eignarhlut FL Group í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet og er meðal annars spurt hvort yfirtaka sé möguleg. Mörg ljón eru á veginum til að svo megi verða en þó er víst að yfirtaka gæti aldrei orðið í óþökk stærstu eigandanna, Stelios Haji-Ioannou og systkina hans. Stelios hefur tögl og hagldirnar í þessari stöðu. Hann fer fyrir 40 prósent eignarhlut og samkvæmt samþykktum félagsins hefur hann rétt til þess að fara með stjórnarformennsku ef eignarhlutur hans er yfir tíu prósentum. Einnig er ákvæði í samþykktum easyJet um að erlendir aðilar megi ekki eiga meira en 40 prósent af hlutafé. Landsbankinn bendir reyndar á að hægt sé að komast fram hjá þessum kvöðum með því að taka upp samstarf við bresk áhættufjármögnunarfyrirtæki.

easy, easy

En þar með er ekki sagan öll. Stelios á sjálfur notendaréttinn að vörumerkinu „easy“ og leigir það til flatbökukeðja, internetkaffihúsa, skemmtiferðaskipa og auðvitað til easyJet. Það gæti kostað sitt ef easyJet missti framhlutann. Af þessu má sjá að FL Group myndi sennilega aldrei ráðast til atlögu í easyJet nema til komi samþykki Stelios. Landsbankinn efast ekki um að FL Group hafi fjárhagslega burði til verkefnisins en verði þá að gefa út nýtt hlutafé. Markaðsvirði easyJet er um 130 milljarðar króna sem er fjórfalt hærri upphæð en virði FL Group. Bent er á að jafnvel geti það komið til að Stelios taki félagið sjálfur af markaði og greiði fyrir 380 pens á hlut sem væri nærri 30 prósent yfirverð.

**MARKAÐSFRÉTTIR...**

Farþegum **Icelandair** fjölgaði um 43 þúsund í ágúst mánuði samanborið við ágúst mánuð síðasta árs. Alls er um að ræða 19,1 prósent fjölgun farþega. Sætunýting félagsins var 83,9 prósent og hækkaði um 2,7 prósent frá því á síðasta ári.

Krónan styrktist um 0,4 prósent í tíu milljarða króna viðskiptum í gær. Styrkingu krónunnar má að öllum líkindum rekja til aukins áhuga erlendra aðila á skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum. **Gengisvísitala** krónunnar mældist í 105,8 stigum, sem er lægsta gildi hennar allt frá því í nóvember 1992.

Vísitala íbúðaverðs á **höfuðborgarsvæðinu** lækkaði um 0,6 prósent í ágúst samanborið við mánuðinn á undan. Sérþýli hækkaði um 2,1 prósent en fjölþýli lækkaði um 1,45 prósent, sem vó hlutfallslega þyngra.

Baugur kaupir meira

Baugur á nú 13,7 prósent í bresku tískukeðjunni French Connection. Ekki er ætlunin að auka þennan hlut að einhverju ráði í bili að minnsta kosti samkvæmt heimildum.

French Connection hefur staðið frammi fyrir samdrætti og eru margir sérfræðingar þeirra skoðunar að slagorð félagsins FCUK

sé orðið þreytt. Innan Baugs er talið að félagið hafi möguleika á að rétta úr kútnum, en ekki er heldur talið ólíklegt að Stephen Marks, stofnandi og aðaleigandi fyrirtækisins, kaupi félagið af markaði á hærra verði en það er á nú, eða að hann fallist að lokum á að selja.

-hh

Ný stjórn Símans kosin

Hluthöfum boðið að selja Skipti ehf. hlut sinn.

Ný stjórn Símans verður kjörin á hluthafafundi sem hefst klukkan tvö í dag. Nýir eigendur tóku við rekstri fyrirtækisins af ríkinu síðastliðinn þriðjudag og boðuðu í kjölfarið til hluthafafundar til að velja sína fulltrúa í fimm manna stjórn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista og annar Bakkavararbróðurinn, verða nýr stjórnarformaður Símans og taka við af Rannveigu Rist, sem þar hefur setið fyrir hönd fjármálaráðherra.

Félagið sem keypti Símamann heitir Skipti og er í eigu Exista, KB banka, fjögurra lífeyrissjóða,



SKRIFAÐ UNDIR KAUPSAMNING Erlendur Hjaltason klappar á meðan Geir Haarde og Lýður Guðmundsson takast í hendur eftir undirskrift kaupsamnings á Símanum 5. ágúst í sumar. Ágúst Guðmundssons stendur við hlið bróður síns til hægri á myndinni.

MP fjárfestingarbanka og Skúla Þorvaldssonar. Þar sem eignarhlutur Skiptis í Símanum er 98,77 prósent verður félagið að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð í hlutafé þeirra í samræmi við lög. Verður hluthöfum boðið að selja

hlutafé sitt á sama verði og Skipti keypti hlutafé sitt af íslenska ríkinu. Það var á genginu 9,6. Hluthöfum verður þó ekki gert skylt að selja Skipti bréfin sín og er það í samræmi við ákvæði kaupsamningsins við íslenska ríkið. **- bg**

Ný stjórn Straums

Á hluthafafundi Straums í fyrradag var samþykkt að breyta nafni félagsins í Straumur – Burðarás fjárfestingabanki. Er það gert í kjölfar sameiningar við starfsemi Burðaráss. Björgólfur Thor Björgólfsson, sem var stjórnarformaður Burðaráss, var kjörinn stjórnarformaður sameinaðs félags. Aðrir sem kjörnir voru í stjórn heita: Magnús Kristinsson, sem er varaformaður, Eggert Magnússon, Kristinn Björnsson og Þór Kristjánsson. ■

[www.volkswagen.is](#)

Sítengt aldrið • 2 lítra vél • ABS með EBD hemlajöfnunarkerfi • Fjarstýrðar samlæsingar
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar • Rafdrifnar rúðuvindur með slysavörn • Þokuljós að framan
Hæðarstilling á bílstjóra- og farþegasæti • Armpúði með geymsluhólfi á milli framsæta o.fl.

Vetrardekkin klár í skottinu, negld eða ónegld eftir óskum hvers og eins

19.048 kr. á mánuði miðað við 35% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða


SP-FJÁRMÖGNUN

Gengið frá Merlinkaupum

Árdegi, Baugur og Milestone hafa keypt dönsku raftækjakeðjuna Merlin. Verkefnið er að snúa rekstrinum úr tapi í hagnað.

Íslenskir fjárfestar hafa keypt dönsku raftækjaverslanirnar Merlin. Árdegi, félag í eigu Sverris Bergs Stein-



arssonar, fer fyrir hópnum, en aðrir kaupendur eru Baugur og Milestone sem er í eigu Karls Wernerssonar og systkina hans.

Kaupverðið er trúnaðarmál, en rekstur Merlin hefur gengið illa að undanförmu. Sverrir Berg verður stjórnarformaður félagsins og segir hann margt á verkefna- lista komandi mánaða. „Það þarf að byrja á að setja und- ir lekann og síðan taka á innkaupamálum og vörudreif- ingarmálum.“

Hann segir að breyta þurfi áherslum í verslununum sjálfum og það hafi staðið keðjunni fyrir þrífum að fyrri eigandi, danska fyrirtækið FDB, hafi haft í nógu öðru að snúast og því ekki einbeitt sér að Merlin sem skyldi. Hann segir það ögrandi verkefni að snúa rekstr- inum við. „Það er ekkert hér um bil í þessu og ég mun einbeita mér að þessu verkefni á næstunni.“

Merlin rekur 48 búðir í Danmörku og hyggjast nýir eigendur hvorki fækka búðum né segja upp starfsfólki heldur stefna að frekari uppbyggingu félagsins og end- urbótum rekstursins.

- hh

ERFIÐUR REKSTUR Rekstur Merlin-búðanna hefur gengið illa og stöðnun ríkt í mörgum þáttum rekstursins. Nýir eigendur hyggjast endurnýja upplýsingakerfi, taka á birgðahaldi og gefa keðjunni nýtt líf.



KEOPS-FASTEIGNAFÉLAGIÐ Á þremur mánuðum hefur eignarhlutur Baugs í Keops hækkað yfir tvo milljarða.

Mikil hækkun á Keops

Gengi bréfa í danska fasteignafélag- inu Keops hefur hækkað yfir fimmt- ung frá byrjun mánaðarins og um 340 prósent frá áramótum. Á dögun- um hækkuðu forsvarsmenn Keops áætlanir sínar á árinu um hagnað fyrir skatt úr 240-260 milljónum danskra króna í 300 milljónir. Baugur Group eignaðist um þrjátíu

prósenta hlut í sumar fyrir sex millj- arða króna. Telja má líklegt að hlutur Baugs hafi hækkað yfir tvo milljarða frá kaupunum. Meginstarfsemi Keops felst í því að kaupa og endurnýja íbúðar- og at- vinnuhúsnæði til útleigu og sölu. Heildareignir félagsins eru um það bil áttatíu milljarðar króna.

- eþa

Sameining í loftinu

Bandaríska flugfélagið America West Airlines hyggst yfirtaka einn helsta keppinaut sinn, US Airways. Með sameiningunni verður til sjötta stærsta flugfélag í Bandaríkjunum sé miðað við fjölda farþega. Hið nýja sameinaða lággjaldaflugfélag mun bera nafn US Airways og ráða yfir um 400 farþegaþotum. Bæði félögin hafa átt við fjárhagsvanda að stríða undanfarin misseri og hefur US Airways tvisvar farið í greiðslustöðvun síð-ustu tvö ár. Bandarísk flugfélög hafa átt í miklum rekstrarörðugleikum enda olíuverð í sögulegu hámarki og samkeppni á markaðnum harðari en nokkru sinni.

- jsk



US AIRWAYS VÉLAR America West Airlines hyggst yfirtaka US Airways. Hið nýja félag mun starfa undir merkjum US Airways.

Sértilboð



Leðursófasett 3+1+1
Litir: Ljóst , svart og brúnt

Verð áður kr. 205.000.-

159.900.-

Opið
í dag kl.11-16

Val hús gögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Golf Variant 4x4

000 kr



Alfreigur aukabúnaður á mynd

Takmarkaður fjöldi bíla!

Komdu og reynsluaktu



Aus Liebe zum Automobil

GJÖRBBREY GRAND V KOM

FRUMSÝNING UM HELGINA

Í REYKJAVÍK, Á AKUREYRI, EGILSSTÖÐUM,
HVAMMSTANGA OG Í BORGARNESI



OPIÐ:
Laugardag og
sunnudag frá 12-17
Í Borgarnesi aðeins
á sunnudag.

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is



TTUR NÝR ITARA ER INN



KARL POPPER
(1902-1994) lést þennan dag.



„Góðar tilraunir eyða gölluðum kenningum; við lifum til að læra.“

Karl Popper var austurrískur vísindaheimspekingur sem bjó síðari hluta ævi sinnar í Bretlandi. Þar var hann sleginn til riddara árið 1965 af Elísabetu drottningu.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 17. SEPTEMBER 1957

Armstrong reiðist bandarískum yfirvöldum

Á þessum degi árið 1957 lýsti hinn víðfrægi djasstónlistarmaður Louis Armstrong því reiðilega yfir að hann myndi ekki taka þátt í ferð á vegum ríkisstjórnarinnar til Sovétríkjanna. Armstrong var ævareíður yfir uppákomunni í Little Rock í Arkansas stuttu áður þar sem hópar hvíttra borgara ásamt vopnuðum vörðum meinuðu níu svörtum námsmönnum leið inn í menntaskóla sem einungis var fyrir hvíta námsmenn. Stuttu áður hafði fallið alríkisdómur þar sem kveðið var á um að blökkumenn fengju inngöngu í skólann. Reiði Armstrongs beindist helst að aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar sem hann taldi að hefði átt að fylgja málinu eftir. „Eins og verið er að fara með fólkið mitt í suðrinu þá má ríkisstjórnin fara til helvítis,” sagði Armstrong og bætti við að Eisenhower forseti hefði „ekkert hugrekki“ til að takast á við Orval Faubus, ríkisstjóra Arkansas, sem skipaði vörðum að halda blökkumönnum frá skólanum. „Ástandið er orðið það slæmt að litaður maður á ekkert föðurland lengur,” sagði hann við fjölmiðla. Yfirlýsing Armstrongs kom sér illa fyrir bandarísk yfirvöld sem höfðu með ýmsum ráðum reynt að bæta mynd sína í jafnréttismálum gagnvart umheiminum. Ríkisstyrktar ferðir frægra blökkumanna um heiminn voru liður í þeirri herferð.



LOUIS ARMSTRONG

MERKISATBURÐIR

- 1787 Stjórnarskrá Bandaríkjanna er samþykkt.
- 1939 Sovétríkin ráðast inn í Pólland.
- 1978 Leiðtogar Ísraela og Egyptalands hittast í Hvíta húsinu í Washington-borg til að ræða frið milli þjóðanna.
- 1970 Borgarastyrjöld hefst í Jórdaníu.
- 1992 Landsbankinn tekur eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir.
- 1998 Ný brú á Gígjukvísl er formlega tekin í notkun.
- 2001 José Carreras er vel fagnað í Laugardalshöll þar sem hann syngur fyrir fullu húsi.

ÆÐRULEYSISMESSUR FYRIR FÓLK Á TÍMAMÓTUM:

Nýjar víddir í lífi og starfi

Á sunnudag verður haldin mánaðarleg æðruleysis-messa í Dómkirkjunni í Reykjavík, en slíkar messur hafa verið haldnar í tæpan áratug. Séra Karl V. Matthíasson hefur tekið þátt í æðruleysismessum í Dómkirkjunni frá upphafi. „Messurnar höfðu til fólks sem er að upplifa jákvæðar breytingar og endurskoða líf sitt í anda tólf spora kerfis AA-samtakanna.“

Æðruleysismessur hófust á Akureyri fyrir tæpum tíu árum fyrir tilstilli séra Jónu Lísu Þorsteinsdóttur og stuttu síðar var ákveðið að halda slíka messu í Reykjavík. Þá var séra Karl sóknarprestur á Grundarfirði, en hann hugsaði sig ekki tvisvar um að taka þátt þegar til hans var leitað og hefur allar götur síðan tekið þátt í messunum, líka þegar hann lét af prestskap til að fara á þing.

Æðruleysismessur eru haldnar víða um land og hefur séra Karl meðal annars messað á Akureyri, Húsavík og Akranesi, en fleiri prestar koma að þeim. „Ásamt mér eru þarna séra Jakob Ágúst Hjálmarsson, sóknarprestur í Dómkirkjunni, séra Hjálmar Jónsson, séra



FRÉTTABLAÐIÐ/VALU

SÉRA KARL VIÐ DÓMKIRKJUNA Kar segir messurnar hafa opnað nýjar víddir í lífi sínu og starfi. Tónlist setur sterkan svip á messurnar sem og þátttaka leikmanna. Í hverri messu segir einhver frá reynslu úr sínu lífi.

Jóna Hrönn Bolladóttir og Jóna Lís Þorsteinsdóttir. Við skiptumst á með messurnar, en þrír prestar messa í hverri athöfn: einn leiðir, einn fer með hugvekju og einn með bænina.

Reglan er sú að þriðja hvern sunnudag í hverjum mánuði er haldin æðruleysis-messa í Dómkirkju-

unni klukkan átta. Rík áhersla er lögð á þátttöku leikmanna í messunum og leitast er við að hafa þær með léttu og líflegu yfirbragði. „Í hverri messu kemur einhver nýr og segir frá reynslu úr sínu lífi. Þá koma tónlistarmenn fram hjá okkur og við höfum verið með alla tónlistarflórana hjá okkur, til

dæmis Bergþór Pálsson og Bubba Morthens.“

Séra Karl hvetur sem flesta til að koma í æðruleysismessu og segir þær hafa gefið honum sjálfum mikið. „Í þessum messum hef ég upplifað nýjar víddir í mínu lífi og starfi og ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri að taka þátt í þeim.“ ■

ANDLÁT

Orri Gunnarsson, Þórðarsveig 1, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 4. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

María Pálmadóttir, Seljahlið 3f, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 7. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Ásmundur Guðmundsson, málarameistari, Hamraborg 18, Reykjavík, lést á Landspítala Föðugötu 9. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Anna Margrét Guðmundsdóttir, Björtuhlíð 8, Mosfellsbæ, varð bráðkvædd þriðjudaginn 13. september.

Gunnar Gunnlaugsson, frá Syðri-Sýrlæk, Suðurengi 1, Selfossi, lést þriðjudaginn 13. september.

Helga Jónína Sigurðardóttir, Aðalgötu 2, (Kolkú), Ólafsfirði, lést á hjúkrunarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, miðvikudaginn 14. september.

JARÐARFARIR

11.00 **Már Guðlaugur Pálsson**, frá Vestmannaeyjum, verður jarðsönginn frá Landakirkju.

13.00 **Matthildur Sigurðardóttir**, frá Hraunteigi í Grindavík, verður jarðsönginn frá Grindavíkurkirkju.

14.00 **Guðrún Jónsdóttir**, Birmustöðum, Laugardal, verður jarðsönginn frá Ögurkirkju.

14.00 **Guðrún Ólafsdóttir**, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, áður Austurgötu 17, Keflavík, verður jarðsönginn frá Landakirkju.

14.00 **Laufey Alda Guðbrandsdóttir**, Sleitustöðum, Skagafirði, verður jarðsönginn frá Hóladómkirkju.

14.00 **Torfi Jónsson**, skipstjóri, Mýrum 6, Patreksfirði, verður jarðsönginn frá Patreksfjarðarkirkju.

AFMÆLI

Elísa G. Jónsdóttir, Haukshólum 3, Reykjavík, er áttæð í dag. Af því tilefni tekur hún og eiginnmaður hennar, Jón Hannesson, á móti ættingjum og vinum í Víkingasal, Hótel Loftleiðum, milli klukkan 17 og 19 á afmælisdaginn.

Ragnhildur Ófeigsdóttir skáld er 54 ára.

Þorbjörn Á. Erlingsson kvikmyndagerðarmaður er fimmtugur.

Brynjar Karl Sigurðsson, þróunarstjóri og eigandi Sideline Sports, er 32 ára.



Ástkær eiginnmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óli Bergholt Lúthersson

húsvörður, Ásbraut 21, Kópavogi,

verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 19. september kl. 13.00.

Svana Svanþórsdóttir
Ragna Óladóttir
Kristín Th. Óladóttir
Ásdís Óladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiríkur G. Guðmundsson
Óli Sævar Laxdal
Lúther Ólason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Pálmadóttir

Seljahlið 3f, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 7. september. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Skafti Hannesson
Einar Albert Sigurðsson
ömmu og langömmubörn.

Elin Antonsdóttir
Grazyna Wójtowicz



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát ástkærs eiginnmanns míns, föður okkar, tengdaföðurs, afa og langafa,

Jóns Skafta Kristjánssonar

vélskjóra, Heiðargerði 19, Akranesi.

Erna Gréta Ólafsdóttir
Kristján Jónsson
Sigríður Jónsdóttir
Óli Þór Jónsson
og afabörn.

Lilja Hákonardóttir
Þórir Gunnarsson
Jóhanna B. Andrésdóttir



Þökkum auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Björgvins Einars Guðmundssonar Vinna

Faxabraut 27, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs og Garðvangs.

Jóhann Rúnar Björgvinsson
Guðmundur Björgvinsson
Magnús Ingi Björgvinsson
Eygló Rut Björgvinsdóttir
Sigurður Björgvinsson
Jóhanna Björgvinsdóttir
Björgvin Arnar Björgvinsson
Gréta Þóra Björgvinsdóttir
og fjölskyldur

Birna Jónsdóttir
Ásdís Kristjánsdóttir
H. Hjördís Guðjónsdóttir
Hildur Þóra Stefánsdóttir
Hannes L. Jóhannsson
Katrín M. Eiríksdóttir
Björn Finnbogason



Systir mín og mágkona,

Gróa Sólborg Jónsdóttir

frá Stóra-Sandfelli,

lést fimmtudaginn 15. september.

Jóna Kristbjörg Jónsdóttir Magnús Stefánsson



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim er sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Fjólu Baldvinsdóttur

Dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði.

Guðni Ólafsson
Ægir Ólafsson
Sigurður Ólafsson
Jóakim Ólafsson

Ásdís Pálmadóttir
Guðný Ágústsdóttir
Áslaug Sigurjónsdóttir
Sæbjörg Ágústsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Bónus býður betur!

Tilboð í tugatali!

EKKERT BRUDL





VELKOMNIN Í INTERSPORT



6.490

NIKE TEAM GRAPH HOOD Bómullar hettupeysa á herra. Vasi að framan. Stærð: S-XXL. Litur: blá, dökkblá og rauð. Kr. **6.490**



6.490

NIKE TEAM FZ TOP Flott rennd herrapeysa með tveimur vösum að framan. Stærðir: S-XXL. Litur: brún, beige og blá. Kr. **6.490**



4.990
VERÐ ÁÐUR 6.490

NIKE WOVEN SL PANT Vandaðar og góðar buxur. Bómllar-fóðraðar buxur með beinu sniði ásamt því að vera með rennilás að neðan. Stærðir: S-XXL. Litur: svartar og bláar. Kr. **4.990**


HAUST & VETUR LÁTTU ÞÉR EKKI VERÐA KALT!



10.990

VERÐ ÁÐUR ~~12.990~~

NIKE TEAM DOWN JKT Dún herraúlpá. Renndir vasar að framan. Flott snið. Stærðir: S-XXL. Litur: brún og beige. Kr. **10.990**



100%
ÖRYGGI

við lofum
þér lægra
verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. *Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.*



SKÓLAKRÖNN
2005



7.990
VERÐ ÁÐUR 8.990



NIKE DOWN JKT Flott stelpudúnúpa fyrir veturinn.
Flott snið. Litur: svört og rauð.
Barnastærðir: S-XL. Kr. **7.990**



7.990
VERÐ ÁÐUR 8.990

NIKE DOWN JKT Flott strákadúnúpa fyrir veturinn.
Litur: svört og blá. Barnastærðir: S-XXL. Kr. **7.990**



FRÁBÆR
KULDA-
STÍGVÉL

3.990
VERÐ ÁÐUR 4.990

TRIZZER THERMOBOOT Mjög vonduð barna-
kuldastrígvél. Vatnsheldur skór með góðri
einangrun. Ein bestu kuldastrígvélin sem
völ er á. Stærðir: 21-ý9. Litur: svört og rauð.
Kr. **3.990**



6.990
VERÐ ÁÐUR 7.490

O-ON BARNA TIGALLI Mjög góður vetrargalli á börn.
Þunnur en mjög hl r galli sem hefur góða öndun.
Stærðir: 98-128. Litur: blár og rauður. Kr. **6.990**

Opið
alla daga

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is



RÚSSNESKA LÖGREGLAN Í MOSKVU
Rússneska lögreglan rannsakar nú fjölda mála sem komið hafa upp í tengslum við svik á netinu.

Trúgjarnir vonbiðlar í klóm svíkara

Á netinu hefur fjöldi hjónabandsmiðlana sprottið upp. Þar eru rússneskar konur að óska eftir því að kynnast vestrænum mönnum. Svik sem bandaríska utanríkisráðuneytið kallar Natasha- eða Boris-svindl eru að verða sífellt algengari. Þá eru vongóðir vonbiðlar sviknir um hundruð þúsunda króna. *Trausti Hafliðason* skyggndist inn í vef svika og pretta rússnesku maffunnar.

Í Rússlandi búa 143 milljónir manna. Af þeim eru aðeins 66,5 milljónir karlar sem þýðir að kynjahlutfallið í landinu er í miklu ójafnvægi. Konur eru tíu milljónum fleiri en karlar. Þetta ásamt ýmsum félagslegum aðstæðum hefur valdið því að rússneskar konur sækja í auknum mæli eftir því að kynnast körlum frá öðrum löndum.

Á netinu hafa sprottið upp heimasíður þar sem rússneskar konur óska eftir því að komast í samband við karlmenn með giftingu í huga. Þegar slegin eru inn orðin „russian bride“ (rússnesk brúður) á leitarvélinni Google koma upp tæplega sjö hundruð þúsund síður og leitarvélinn finnur 1,5 milljónir síðna þegar slegin eru inn orðin „russian dating“. Þorri þessara síðna er hjónabandsmiðlanir.

Þrjú til fjögur mál á dag

Vissulega eru dæmi um að kynni þessara kvenna við menn sem þær hafa komist í samband við á netinu hafi endað með hamingjusömum hjónaböndum. Hins vegar eru líka fjölmörg dæmi um svik og pretti.

James Pettit, starfsmaður bandaríska sendiráðsins í Moskvu, sagði í viðtali við sjón-

varpsstöðina CBS að daglega bærust sendiráðinu þrjár til fjórar fyrirspurnir frá mönnum sem teldu sig hafa verið svikna. Í bandaríska utanríkisráðuneytinu ganga þessi svik undir nafninu Natasha- eða Boris-svindl.

Svikin ganga út á það að karlmenn komast í kynni við rússneskar konur eða konur frá fyrrum Sovétlýðveldunum. Eftir að hafa skrifast á í smá tíma kemur að því að stúlkan óskar eftir því að maðurinn sendi sér peninga fyrir flugfarmaða, vegabréfi, tryggingu og ýmsu öðru.

Myndir af fyrirsætum

CBS ræddi nýlega við einkaspæjara sem sérhæfir sig í þessum málum og sagði hann að oft sendu trúgjarnir vonbiðlar frá 100 þúsund krónum upp í 300 þúsund og stundum meira. Síðan þegar búið væri að senda peningana hyrfi konan – líklega af því að hún hefði aldrei verið til. Líklega af því að það var Boris en ekki Natasha sem var að tæla vonbiðilinn.

Rússneska maffían hefur uppgötvað þessa tekjulind. Settar hafa verið upp netsíður sem líta út eins og alvöru hjónabandsmiðlanir en eru það ekki. Algengast er þó að svikararnir setji inn platauglýsingar á löglegar síður.



CHELYABINSK Í RÚSSLANDI Glæpagengið í Chelyabinsk sveik samtals ríflega hundruð milljónir króna af um 1.500 karlmönnum.

Dæmi eru um að settar hafa verið myndir af rússneskum fyrirsætum, án þeirra vitneskju, og skáldaður einhver texti um að viðkomandi stúlka vilji kynnast karlmanni. Einnig eru dæmi um að svikararnir borgi rússneskum stúlkum fyrir myndir af þeim sem þeir síðan nota í svikamyllu sinni.

Þútín fór í málið

Eitt fyrsta svikamálið af þessu tagi kom upp árið 2001. Þá lenti ástralskur maður sem aðeins er þekktur undir nafninu Terry í klóm svíkara. Terry, sem tapaði talsverðum peningum á viðskiptum sínum, setti á laggirnar vefsíðu þar sem varað er við þessari hættu. Hann lét ekki þar við sitja heldur sendi hann rússneskum stjórnvöldum bréf sem, svo ótrúlega sem það kann að hljóma, rataði inn á borð Vladímírs Þútín, forseta Rússlands. Í kjölfarið skar rússneska lögreglan upp herör gegn þessari starfsemi.

Gengið sem sveik Terry náðist fljótlega í



VLADIMÍR ÞÚTÍN Eftir að hafa fengið bréf frá sviknum áströlskum vonbiðli skar forseti Rússlands upp herör gegn svikurum.

borginni Chelyabinsk, sem er austan Úralfjalla skammt frá Kasakstan. Við rannsókn málsins kom í ljós að gengið hafði samband við hundruð karlmanna á hverjum degi. Talið er að á tveimur árum hafi það svikið um 100 milljónir króna af 1.500 karlmönnum. Aðferðin var eins og lýst er að ofan. Settar voru inn auglýsingar frá konu sem sagðist

vera 27 ára. Eftir bréfaskriftir bað hún um peninga og þegar hún hafði fengið þá heyrðist ekki meira frá henni. Mennirnir sem stóðu að svikunum voru dæmdir í nokkurra ára fangelsi fyrir fjársvik.

Rændir á flugvellinum

Dæmin um karlmenn sem hafa verið sviknir líkt og Terry eru fjölmörg en það er ekki alltaf sem svikararnir láta sér nægja að fá senda peninga. Bandaríska alríkislögreglan hefur fengið inn á borð til sín annars konar mál. Það eru mál sem tengjast því að vonbiðlar hafi farið til Rússlands eða einhverra af fyrrverandi Sovétlýðveldunum, eins og til dæmis Úkraínu, til að hitta konu sem þeir kynntust í gegnum hjónabandsmiðlun á netinu. Þegar þeir hafa komið á staðinn hefur verið setið fyrir þeim á flugvellinum og þeir rændir öllum sínum peningum, greiðslukortum og skilríkjum, þar með talið vega-bréfum.

Á netinu er hægt að finna lista yfir heimasíður sem taldar eru varasamar og myndir og nöfn af svikurum. Slóðin er: <http://www.women-russia.com/blacklist.htm>



HJÓNABANDSMIÐLANIR Á NETINU Hjónabandsmiðlunum á netinu hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Rússneska maffían hefur uppgötvað þessa tekjulind og sífellt færast í vöxt að vongóðir vonbiðlar séu sviknir um tugi eða hundruð þúsunda króna.



Svefn er mikill áhættuþáttur í umferðinni og getur þreyttur ökumaður auðveldlega orðið valdur að alvarlegum slysum. Ef þreytan sækir á þig í akstri skaltu fara út í kant og láta aðeins líða úr þér áður en þú heldur aftur af stað.



BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Vinnuvélanámskeið

Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd

Verð kr. 44,900.-

Sími. 894 2737

www.ovs.is



Ökar og vinnuvélaskeiðinn ehf.
Eco Driving

Flæst verkafjöldi styrkja nemendur á vinnuvélanámskeiði

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SMS

Bilasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fljót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla



CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Smurstöðin KLÖPP

Þjónustumiðstöð við Vegmúla



Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingaþjónusta
Rafgeymaþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.

Vegmúli 4 • Sími 553 0440



Full búð af Nazran
mótorhjólafatnaði á
ótrúlega hagstæðu
verði.

Yamaha-búðin, Nýbýlavegi 2,
200 Kópavogi, s. 570 5300.

Xtra, Njarðarbraut 19,
260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.

Toyota, Baldursnesi 1,
603 Akureyri, s. 460 4300.



Öryggi, gæði og still

www.yamaha.is



FRÉTTABLAÐID/GVA

Nýja Grand Vítaran hefur talsvert breyst í útliti og hefur sterkan ættarsvip með litla bróður sínum nýja Suzuki Swift-inum.

Grand Grand Vitara

Ný Suzuki Grand Vitara er kominn á markað verulega breyttur. Hann hefur meðal annars bæði lengst og breikk-að. Verðið á bílnum er áfram mjög hagstætt.



Dregið hefur verið úr útgáfu óbundinna atvinnuleyfa, sem áður voru veitt sjálfkrafa ef einstaklingur hafði starfað hér á landi í þrjú ár. Ástæðan fyrir því að nú eru nær einungis veitt tímabundin atvinnuleyfi sem ekki veitir sjálfkrafa búseturétt eftir ákveðinn tíma er sú að með þeim er auðveldara að bregðast við sveiflum í atvinnulífínu en annars. „Viðbótarhópurinn sem kemur hingað til starfa þegar stórfamkvæmdir standa yfir hverfur aftur af landi þegar þeim lýkur,“ bendir Gissur á.

Aðspurður segist Gissur telja

að nú um stundir séu allt að þrjú þúsund störf sem ekki tekst að manna vegna skorts á vinnuafl. Þrátt fyrir það verður útgefnum atvinnuleyfum ekki fjölgað umfram það sem þegar hefur verið gefið út.

„Við verðum líka að vera undir það búin að geta tekið bakslagið. Það stórlega vantar fólk til skamms tíma en hið opinbera getur ekki látið stýrast af því heldur þarf að hugsa fram í tímann. Það getur vel verið að það vanti jafnvel tvö þúsund manns á vinnumarkaðinn um þessar mundir en það getur líka verið að seinnipart



Frábær grín- og spennumynd
Frumnýnd 16.09.05

Sendu SMS keytið
BTC TMF
á númerið 1900
og þú gætir unnið



Vinningar
Bíómiðar fyrir 2
DVD myndir
Coca Cola



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Köpavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klóbb. 149 kr./keytið.

HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA AF MANNFJÖLDA Á ÍSLANDI 1995-2004



VINNUAFL Á ALDRINUM 16-64 ÁRA

Land	Alls	Innlendir	Erlendir ríkisborgarar	Hlutfall
Ísland	155 þús.	148 þús.	7 þús.	4,5%
Noregur	2.354 þús.	2273 þús.	81 þús.	3,4%
Danmörk	2.822 þús.	2736 þús.	86 þús.	3,0%
Svíþjóð	4.498 þús.	4292 þús.	206 þús.	4,6%
Finnland	2.669 þús.	2631 þús.	38 þús.	1,4%

HEIMILD: Vinnuáðskönnun Eurostat

ERLENDIR RÍKISBORGARAR MIÐAÐ VIÐ ÍBÚAFJÖLDA 2002

Land	Fólksfjöldi	Erlendir ríkisborgarar	Hlutfall
Ísland	288.471	10.221	3,5%
Noregur	4.525.000	185.863	4,1%
Danmörk	5.101.625	266.729	5,2%
Svíþjóð	8.929.587	474.099	5,3%
Finnland	5.181.000	103.682	2,0%



ERLENDIR STARFSMENN Á KÁRAHNJÚKUM Alls starfa um sjö þúsund útlendingar á Íslandi og er hlutfall erlendra starfsmanna með því sem hæst þekkt á Norðurlöndum, en er aðeins hærra í Svíþjóð. Tuttugasti hver starfsmaður á Íslandi er útlendingur.

„Ég tel að Ísland eigi að manna þau störf, sem ekki tekst að ráða íslenskt starfsfólk í, með innflutningi vinnuafls,“ segir Tryggvi. „Það er að mörgu leyti lausn fyrir Ísland þegar koma tímabil þar sem er mikill hagvöxtur og mikil þensla líkt og núna,“ segir hann.

Gissur heldur því fram að aukinn innflutningur erlends vinnuafls komi í veg fyrir hækkun lægstu launa. „Það er ekkert óeðlilegt við það að borgararnir, sem taka á sig atvinnuleysi þegar það verður, fái notið einhvers þegar þenslan er mikil. Það er ekki gott að lofta alltaf út þenslunni á

vinnumarkaði með því að draga inn ódýrt vinnuafl sem heldur niðri laununum. Þá verður munurinn á því að vera í vinnu og ekki vinnu svo lítill enda eru það verst launuðu störfin sem vantar starfsfólk í,“ segir Gissur.

Tryggvi er ekki á þessari skoðun. „Það er alveg ljóst að það er ekki til að lækka launin að flytja

” **Gríðarlega mikill innflutningur á erlendu vinnuafl hefur átt sér stað frá því um 1997, með undantekningum 2001 og 2002.**

inn erlent vinnuafl. Hins vegar er ljóst að það verður ekki jafnmikil þensla á vinnumarkaði og því léttir það á hagkerfinu. Gríðarlega mikill innflutningur á erlendu vinnuafl hefur átt sér stað frá því

um 1997, með undantekningum 2001 og 2002. Kaupmáttur launa á Íslandi hefur á sama tíma vaxið gríðarlega mikið í alþjóðlegum samanburði. Kenningin um að innflutningur erlends vinnuafls þrýsti niður laununum stenst því ekki,“ segir hann.

Skammtímahagsmunir ráða
Spurður hvort megi eitthvað lagfæra í stefnu Íslendinga gagnvart innfluttu vinnuafl segir Gissur að við séum dálítið á valdi skammtímahagsmuna. „Miklar kröfur eru um það að bætt sé hratt úr vinnuafllsskorti án þess að hugsa til enda hvert það muni svo leiða. Við erum komin alveg í sama farid og hin Norðurlöndin voru fyrir 20 árum, með háu brottfalli innflytjendabarna úr framhaldsskólum, innflytjendurnir eru farnir að móta samfélög og farnir að setjast að í ákveðnum hverfum. Þetta er

verulegt umhugsunarefni,“ segir Gissur.

Tryggvi segir að ekki sé hægt að bera ástandið hér við það sem gerðist í Danmörku á áttunda áratugnum. Danir hafi hleypt útlendingum inn í landið án atvinnu svo stór hluti þeirra hafi endað á því að þiggja félagslegar bætur. „Hér kemur hins vegar enginn til landsins sem ekki hefur atvinnuleyfi og það er stóri munurinn,“ bendir Tryggvi á.

Gissur segir að margir hafi gagnrýnt það að atvinnuleyfi séu gefin út á fyrirtæki en ekki einstaklinga. „Því hefur verið haldið fram að það gefi fyrirtækjunum kost á því að halda erlendum starfsmönnum í eins konar vistarbandi. Hið jákvæða við þetta kerfi er hins vegar það að engum útlendingi er hleypt inn í landið án atvinnu og er atvinnuleysi útlendinga á Íslandi því nánast ekkert,“ segir Gissur.

ársins 2007 verði það tvö þúsund manns of mikið, hvað gerum við þá?“ spyr hann. „Þá er betra að reyna að teygja þessa teygju svolítið frekar en að flytja inn fjölda fólks til að vinna þessi störf og sitja svo uppi með það þegar atvinnuástandið versnar,“ segir Gissur.

Innflutningur vinnuafls lausnin
Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, er ekki fyllilega sammála Gissuri um að aukinn innflutningur erlends vinnuafls dragi dilk á eftir sér. Hægt sé að koma í veg fyrir að atvinnuvandræði skapist meðal erlends vinnuafls þegar atvinnumarkaðurinn harðnar með því að senda það þá úr landi þegar aðstæður breytast eins og markmiðið sé með útgáfu tímabundinna atvinnuleyfa.

MANNFJÖLDI EFTIR RÍKIS- FANGSLANDI 2004	
Pólland	1.903
Danmörk	890
Ríki í fyrrum Júgóslavíu*	670
Filippseyjar	647
Þýskaland	540
Bandaríkin	515
Taíland	490
Litháen	423
Portúgal	357
Bretland	341
Svíþjóð	306
Noregur	293
Víetnam	239
Ítalía	229
Kína	227
Rússland	195
Frakkland	131
Holland	119
Tékkland og Slóvakía	117
Úkraína	106
Spánn	100
Rúmenía	90
Lettland	89
Finnland	87
Kanada	73
Eistland	66
Búlgaría	64
Marokkó	63
Austurríki	57
Indland	51
Nepal	50
Önnur lönd	færri en 50
Ísland	282.941
Alls	293.577
*Undir þennan flokk falla einstaklingar með ríkisfang í þeim löndum sem heyrðu undir Sambandsríki Júgóslavíu fyrir 1992, þ.e. Bosnía og Hersegóvína, Króatía, Makedónía, Serbía og Svartfjallaland og Slóvenía.	
Heimild: Hagstofa Íslands	

Vilt þú verða Poppstjarna?

Komdu þá í Hagkaup Smáralind á milli klukkan 2 og 5 í dag og taktu lagið í Sing Star.

Vinningar:
1. vinningur : Play Station Portable + 2 leikir
2. vinningur : Play Station 2 + Sing Star
Aukavinningar: Sing Star Pop diskurinn og Orville popp.

HAGKAUP
Skammtilegast að versla

Heimild: Hagstofa Íslands

Íslendingur nr. 111 á Freeport

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á þessu ári eru þrír áratugir frá því fyrstu Íslendingarnir héldu til Freeport í Bandaríkjunum í áfengis-meðferð. Alls fóru um 700 manns vestur þar á meðal Kristín Snæfells sem notaði áfengi til þess að drekkja sorgum og gera lífið ögn bærilegra eftir að hafa verið fórnarlamb kynferðislegrar misnotkunar í æsku. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir rifjaði upp Freeport-árin með Kristínu.

SOS, Hilmar! SOS! Ég heiti Kristín,“ hvíslaði hún skjálfaði röddu í almenningssímanum á Óðali, einn laugardag í maí 1977. Símanúmerið hafði greytt sig í undirmeðvitundina. Þrisvar sinnum 69.

Hilmar þessi Helgason var ekki óvanur símtölum af þessu tagi, enda fylgdi nafni hans töfraorðið Freeport; lausnarorð drykkju-sjúkra, eins og skemmtanaljónsins „Þarna var ég við dauðans dyr, með annan fótinn í ræsinu. Langaði ekki að lifa og gat ekki verið full en ekki edru heldur,“ segir Kristín, sem komin var í bullandi vandræði með áfengi á þessum afdrifaríka laugardegi.

„Frá mínum bæjardyrum séð stöfuðu vandræðin alls ekki af drykkju, en eitthvað varð til þess að mér gekk einstaklega illa að fikra mig áfram í lífinu,“ segir Kristín sem ung fann traustan vinskapi í brennivíni sem hjálpaði henni að gleyma.

Upparar og aumingjar

„Farðu rakleiðis heim. Ég verð kominn eftir klukkutíma,“ voru skilaboðin sem Hilmar færði Kristínu sem hraðaði sér heim af Óðali, vel við skál.

„Hilmar vissi sem var, að í hann hringdi enginn nema eitthvað mikið væri að. Ég vissi að gamall drykkjufélagi hafði farið á Freeport og fengið sprautu í handlegginn til að hætta að drekka, en meira vissi ég ekki. Þegar Hilmar kom til mín vældi ég mikið um hvað veröldin væri vond, tilveran hrikaleg og allir væru vondir við mig,“ segir Kristín, sem var ekki síst niðurlút vegna þess að hún hafði drukkið sig út úr ritarastarfi við Danska sendiráðið, sem hún hafði þráð og beðið eftir lengi.

„Á meðan ég beðið eftir starfinu hafði ég farið í fimm vikna ferð til Spánar og verið á fyllerfi allan tíma.

ann. Fyrstu vinnudagana kom í ljós að ég hafði enga eirð að biða þess að komast á barinn, svo vinnunni klúðraði ég mjög fljótlega. Fór mikið á hádegisbar Óðals og aftur á kvöldin, en Óðal var á þessum tíma staður þeirra sem kölluðu sig „uppara“, því á Borginni voru þeir sem við álitum fyllibyttur, aumingja og róna,“ segir Kristín, en böggull fylgdi skammrifi þegar Hilmar var búinn að hugga hana og gefa grænt ljós á Freeport.

„Það eina sem ég þurfti var að útvega peninga fyrir einum og hálfum farmiða og 400 dollara að auki. Ég saup auðvitað hveljur því ég átti ekki fimm aur með gati,“ segir Kristín sem er þekkt fyrir sjálfsbjargarviðleitni og fann nú leiðina út með sérstökum hætti.

Bjargvættur með vodka

Kristín var 26 ára þegar þarna var komið sögu og leigði herbergi hjá góðri konu í Reykjavík sem lánaði henni síma til afnota.

„Á þessum sama laugardegi hringdi ég heim til félagsmálastjóra Kópavogs, því lögheimili mitt hafði verið þar lengi. Sagði honum að um líf og dauða væri að tefla; ég yrði barasta að komast á Freeport! Hann tók mér vel en bað mig að hringja á skrifstofutíma eftir helgina. Ég æpti að það yrði of seint,“ segir Kristín en varð á endanum að láta í minni pokann fyrir skrifræðinu.

„Tíu mínútnu síðar kallar leigusaliinn að einhver Helga biði mín í símanum. Það reyndist vera Helga Ágústsdóttir, þá kunn útvarpskona sem einnig starfaði fyrir Félagsmálastofnun Kópavogs. „Áttu eitthvað að drekka?“ spyr hún. „Nei,“ málmaði ég aumlega. „En áttu pening fyrir leigubíl?“ spyr hún aftur. „Nei,“ vældi ég í símtóli. „Heyrðu, hann sonur minn hleypur út og borgar fyrir þig bílinn. Komdu strax til mín!“ sagði hún og tók á móti mér í baðsloppi með handklæði um höfuðið. Skellir svo vodkaflösku á borðið og segist ekki eiga bland. Sest við símann og hringir til kvölds í allar áttir, milli Pontúsar og Pílatúsar, en það eina sem ég heyrði var: „Þessi kona þarf að komast út strax!“ segir Kristín sem þakklát kláraði úr vodkaflöskunni, en Helga hafði fengið áhuga á alkóhólisma þegar áfengismeðferð hófst á Vífilssstöðum árinu áður.

„Vaninn var að henda fylliróftum inn á Tíuna,“ segir Kristín og á við deild 10 á Kleppsspítala, þar sem áður var afvötnunardeild og margir þjóðþekktir einstaklingar létu renna af sér með hjálp lyfjaskápa lækna.

„En þarna hjá Helgu varð ég fyllri og fyllri á meðan hún heimtæði af Loftleiðum að þeir settu upp víxli svo ég kæmist á Freeport. Því fylgdi geysileg frelsistilfinning,“ segir Kristín, ævinlega þakklát Helgu Ágústsdóttur fyrir hjálp á tólftu stundu.

Með síðkjóla og háhæla skó á Freeport

Freeport-sjúkrahúsið stóð á Long Island í New York. Eftir að Íslendingarnir Hilmar Helgason og frændurnir Hendrik og Edwald Berndsen komu þaðan úr áfengismeðferð 1975 varð árangur þeirra íslensku alkóhólistum til fyrirmyndar og eftirbreytni.

„En í raun vissum við ekkert um Freeport, fyrir utan að þar var fólki hjálpað að snúa frá brennivíni. Ég var ekki endilega tilbúin að hætta að drekka, en mín eina hugsun var að komast frá hrylilega Íslandi, þeirri hræðilegu eyju sem átti upptök í öllum mínum sorgum og vanlíðan,“ segir Kristín, sem hélt utan til Freeport 22. maí 1977.

„Þá fyllti ég ferðatöskuna af síðkjólum og háhæla skóm; öllu því flottasta sem ég átti. Ég var svo heppin að leigusaliinn leit inn í skáp hjá mér og setti efst í töskuna venjuleg fót. Ég hafði hvorki náttföt né baðslopp meðferðis, enda markmið að hafa það skemmtilegt í heimsborginni,“ segir Kristín sem játar að hafa skvett duglega í sig á leiðinni út. „Á leiðinni var fólki leyft að

drekka eins mikið og það vildi, því það minnkaði líkur á því að menn skiptu um skoðun eða strykju þegar þeir lentu á Kennedy-flugvelli. Alkóhólistar eru mestu tækifærissinnar í veröldinni og komnir til fyrirheitna landsins var viðbúið að menn reyndu að láta sig hverfa,“ segir Kristín alvörugefin en brosmild.

Grænn hryllingur og taugastrið

Kristín var undir eins klædd í karlmannsnáttföt og háttuð ofan í rúm þegar hún kom á Freeport. Nú átti hún að sofa, en það reyndist erfitt því hún svaf stutt og vaknaði á fjögurra tíma fresti.

„Þá fékk ég sprautu í rassinn, en líðanin var hryllingur; ég hristist eins og lauf í vindi með taug-

care for you.“ Innst inni hugsaði ég: „Já, já, þetta er Kaninn. Maður sér þetta nú í bíómyndunum. „They don't care for me shit!“,“ segir Kristín og minnst hlátra-skalla þegar teknir voru upp úr tösku hennar ballkjólar og dansskór.

„Fljótlega sá ég að Íslendingar voru stór hluti sjúklinganna; alls 27 Íslendingar, en ég var númer 111 af þeim sem fóru frá Íslandi á Freeport. Það var víst nóg af efni- legum kandidötum í áfengismeðferð héðan, en þeir Hilmar og Hendrik báru út fagnaðarerindið, þótt Hilmar hefði ekki náð því að vera edru nema í stuttan tíma og lést fyrir aldur fram úr alkóhólisma, eftir að hafa samt sem áður bjargað hundruðum Íslendinga,

ÞJÓÐARVAKNING FRUMKVÖÐLANNA

Alls fóru um 700 Íslendingar í áfengismeðferð á Freeport-sjúkrahúsið á Long Island í New York á áttunda áratugnum. Í framhaldi var SÁÁ stofnað á Íslandi og í kjölfarið fylgdi gífurlegur vöxtur AA-samtakanna í landinu. Reyndar er leitun að jafn víðtæku átaki og þekkingu á alkóhólisma og þekkt hér á Íslandi, en héraendis er boðið upp á svokallaða Minnesotaeðferð, bæði hjá hinu opinbera, SÁÁ og nokkrum trúarsamfélögum. Hilmar Helgason var meðal þeirra fyrstu sem fór í meðferð á Freeport í ágúst 1975. Hann kom heim í september sama ár og dreif þá frændurna Hendrik og Edwald Berndsen út til Freeport. Árangur þremminganna varð öðrum fljótt til eftirbreytni, en þeir Hilmar og Hendrik urðu skjótt mjög afkastamiklir við að aðstoða fólk við að komast í meðferð á Freeport og fylgdu þeim gjarnan alla leið út. Síðar urðu þeir aðalmenningarnir í að stofna SÁÁ og komu af stað þjóðarvakningu í áfengismálum og viðhorfsbreytingu til áfengissjúkra, sem Íslendingar búa enn að dag. Nú þegar þrjátíu ár eru liðin frá fyrstu ferðum Íslendinga á Freeport, er aðeins einn þremminganna á lífi; Hendrik Berndsen. Hann var fyrsti varaformaður SÁÁ og gengdi því embætti uns hann varð formaður á árunum 1984 til 1988. Hendrik stóð að því að flytja SÁÁ-meðferðina til Grænlands, Færeyja og Danmerkur, og hefur bjargað mörgum vímuefnaflikinum þar.

Heimildir: SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

arnar í molum. Þegar ég fór að líta í kringum mig morguninn eftir brá mér svakalega. Hvert var ég eiginlega kominn?! Húsið var eldgamalt, ljótt, með löngum, grænmaluðum göngum og notuðum hermannabeddum, en græni liturinn átti að vera róandi. Því næst var mér hent niður í kjallara á AA-fund, og hvur andskotinn var nú það? Það bjargaði málum hvað starfsfólkið var yndislegt, tók utan um mann og sagði: „We

sem sýnir og sannar hversu hræðilegur og blekkjandi sjúkdómur alkóhólisminn er,“ segir Kristín döpur í bragði.

Rónar og illa statt fólk

Fyrstu tvær vikur áfengismeðferðirnar fóru fram á Freeport-spítalanum, en næstu fjórar í Veritas Villa í upphéruðum New York-fylkis. Það var rekið af Sankti Fransiskusar-nunnum í gömlum, niðurníddum skóla.

Viltu mæta fyrir TVO?
FRUMSÝND 16.09
"NIGHT WATCH IS F***ING COOL!" (Quentin Tarantino)

NIGHT WATCH
НОЧНОЕ ДОЗОР

SENDU SMS SKEYTIÐ BTC BGF
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.
9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU: BÍÓMIÐAR FYRIR TVO
• DVD MYNDIR • COCA COLA

X 97.7 SMS LÆKUR D3 MOBILE

Vinningar veita afhendir hjá BT-Smálandi Kópavogs. Með því að taka þátt eru komnir SMS klúbbi. 149 kr/skýrð.

„Á Freeport var mikið lesið yfir okkur um alkóhólisma og Tólf spora kerfið. Þar lærði ég að hugsa um einn dag í einu, sem var geysileg uppgötvun, því það hljómaði öðruvísi að hætta að drekka í einn dag en að ákveða slíkt til lengri tíma,“ segir Kristín, sem leist illa á blikuna framan af dvölinni á Freeport.

„Ég var langyngst sjúkling-anna og hugsaði: „Guð minn al-máttugur! Hér eru bara rónar og alveg hræðilega illa statt fólk!“ Ég sá ekki sjálfa mig. Hafði komið með þá von að geta lært eitthvað um tilveruna, en í eyrum mér glumdu skilaboðin að ég yrði að hætta að drekka. Slíkt jafngilti dauðadómi og einkennileg líðan þegar enginn hlustaði á hvað ég átti bágt og var búin að eiga erfitt líf. Aðrir skildu ekki þann sjálf-sagða hlut að ég reyndi inni á milli að vera hress og kát í lífinu, með allt þetta á bakinu,“ segir Kristín, sem kom því strax til skila að hún væri á kolröngum spítala.

„Þá var mér sagt að drífa mig heim og eftir sat ég, meira ein-mana og verr á mig komin en nokkru sinni, en ákveðin í að þrauka. Þegar ég hætti innri mót-spyrnu og fór að taka eftir því sem fram fór virkaði það einungis hvetjandi. Alveg nýtt forrit fór inn í hausinn á mér eftir að ég ákvað að taka bómullina úr eyrunum. Ég er hjátrúarfull og eitthvað hafði hjálpað mér að komast á þennan stað. Því hlaut hjálpin að eiga heima þarna.“

Aumingjaskapur og geðveiki

Heimsóknir þurra alkóhólista var það sem hvatti alkóhólistana á Freeport hvað mest. Fólk sem átti að baki áratuga edrúmennsku, auk þess sem stærstur hluti starfsfólksins var alkóhólistar og það telur Kristín að hafi fengið fólk til að hlusta. Sjálf vildi hún reyna að vera edrú en eftir því sem hún var þurr lengur, því verri var líðanin.

„Ég komst ekki áfram með líf mitt því draugar fortíðar voru svo margir og ljótir. Sama hvað ég reyndi að breyta, bæta og fyrir-gefa; ég var alltaf jafn dainn inni í mér. Því sat ég föst í fortíðinni og gat ekki séð hvernig ég átti að taka á móti framtíðinni,“ segir Kristín sem var aftur komin á Freeport rúmu ári eftir fyrstu meðferðina.

„Eftir þá meðferð náði ég að-eins mánuði í edrúmennsku og fór því aftur út um áramótin 1978/1979. Tveimur árum síðar fór ég á Silungapoll og þaðan í langtímameðferð á Hazelden, sem var meðferðarstöð fyrir þá sem ekki pössuðu lengur á Freeport en byggði á sömu aðferðafræði, en þá vildu stjórnarmenn SÁÁ senda mig sem lengst í burtu og eins lengi og hægt var,“ segir Kristín, en þegar þarna var komið höfðu þeir Hilmar, Hendrik og Edwald hafið það frumkvöðlastarf að heimfæra aðferðafræði Freeport að íslenskum aðstæðum, en það starf hefur verið í stöðugri þróun allt til dagsins í dag undir merkjum SÁÁ.

„Þótt Freeport-spítalinn hafi verið ljótur útlits hætti það fljótlega að skipta máli og okkur fannst við vera á fimm stjörnu hóteli. Samhugurinn var óskaplegur og starfsfólkið einstakt, sem var nýtt því drykkjunni fylgdi hrikaleg skómm: „Þú ættir að skammast þín að geta ekki hætt að drekka og hagað þér eins og almennileg manneskja!“ Flestir halda að þeir séu alvarlega geðveikir og fyrir stóran hóp fólks var léttirinn mikill að finna að þeir væru kannski ekki geðveikir eftir allt og áttu einhverja von. Þegar fólk hefur brugðist sjálfa sér svo oft finnst því það ekki eiga neitt gott skilið. Þannig breytti Freeport lífi mínu því ég komst fljótt að raun um að ég væri ekki ein í þessu basli. Ég lærði og að alkóhólismi væri sjúkdómur, sem voru ný tíðindi, því drykkja hafði áður verið álitin aumingjaskapur. Og þegar ég heyrði að alkóhólismi hefði ekkert með viljastyrk né gáfur að gera, þá fór ég virkilega að hlusta,“ segir Kristín glöð í bragði, ævinlega þakklát fyrir fyrstu skrefin í áttina að betra lífi á Freeport.

FRÖKEN FREYJA LEYSIR VANDANN >

Ég á kærustu sem nennir aldrei að djamma og ef ég vil fara út að skemmta mér þá fer hún í fylu í heil-an dag. Ég má aldrei gera neitt annað en að vera með henni. Stundum lang-ar mig út á lífið. Það er ekki eins og ég bjóði henni aldrei með. Hún bara vill ekki fara. Við erum alltaf að rifast yfir þessu. Ég fór síðast út fyrir mánuði síðan. Hún drekkur ekki þannig að ég skil það alveg að henni finnst kannski ekkert gaman að djamma, en ég er aftur á móti meiri partikall. Hvernig getum við komist að sam-komulagi svo allir séu ánægðir?

HMS Í REYKJAVÍK

Þið verðið að búa til helgarplan. Eina helgina getið þið starað í augu hvors annars alla nóttina og hina helgina get-ur þú fengið að djúsa með félögumun. Mig grunar að þið séuð í yngri kanti-num. Segðu henni að hætta að láta eins

og þið séuð háöldruð hjón sem getið ykkur hvergi hreyft. Ef hún vill ekki fara út að skemmta sér getur hún ekki ætla-st til þess að þú farir heldur ekki. Er hún algjörlega dauð úr öllum æðum stelpan? Kannski þú fáið að fara út einu sinni í mánuði framvegis vinur.

Kæra Fröken Freyja. Ég á enga vini. Ég hef alltaf talið það nóg að eiga eina vinkonu, en það er stelpa sem ég ólst upp með. Nú er hún flutt til Noregs og ég er alltaf ein. Ég á kunningja í vinn-unni en ég er ekki alveg að fíla það fólk. Það virðist ekki eiga neitt sam-eiginlegt með mér og ég sakna vin-konu minnar. Finnst enginn geta kom-ið í hennar stað. Það eina sem ég geri er að vinna, vinna og vinna. Fer aldrei í bíó eða út að skemmta mér lengur. Mér finnst eins og ég verði alltaf ein. Hvað á ég að gera?

BK Á NESKAUPSSTAÐ

Annaðhvort verðurðu ein og sættir þig við það eða ferð að leita eftir nýrri vin-konu. Hressstu þig við. Það leitar enginn til þín ef þú ert alltaf í fylu. Kannski er einhver í nákvæmlega sömu sporum og þú. Nú er bara að setja upp brosið og kveikja á góða skapinu. Þú átt eftir að finna þig fyrr en seinna. Ekki örvænta. Þangað til ný vinkona er fundin þá er alltaf hægt að fara einn í bíó. Þú þarft ekki vinkonu í allt. Lífið er langt frá því að vera búið.

Allar mínar vinkonur eru búnar að fá sér silikon. Ég er með langminnstu brjóstin sem gerir það að verkum að mér líður eins og spýtu við hliðina á þeim. Ég hafði aldrei hugsað mér að fá mér silikon. Ég hef aldrei liðið fyrir það að vera brjóstalítil en nú er ég alltaf að heyra eitthvað um það. Ég þyki greinilega ekki jafn spennandi og vinkonurnar lengur og mér finnst ég

hálf útundan í samræðum sem eru orðnar á ansi lágu plani. Ég finn að ég er farin að kúpla mig frá hópnum og þeim virðist vera al-veg sama.

AA Á AKUREYRI



Það er ekkert annað. Ert þú sem sagt ekki jafn flott og vinkonurnar. Segja brjóstin allt í þínum vínahópi? Huggaðu þig við það að þú ert þó enn með til-finngu í þínum geirvörtum. Þú ert enn náttúruleg. Vertu bara stolt af þínu stelli. Sumir strákar eru ekki einu sinni hrifnir af þessum gervibrjóstum. Þetta er allt saman á yfirborðinu, mundu það. Ekki láta vinkonurnar draga úr þér með endalausum silikon tali. Reyndu bara að snúa umræðunum á annan veg. Lík-lega hefur þú eitthvað sem þær hafa ekki. Dragðu frekar athyglina að því.

ÚTSALAN
ER HAFIN Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR



Black Eyed Peas-Monkey Business



REM-In Time, Best Of REM



Reservoir Dogs



Green Day-American Idiot



Tenchu Fatal Shadows



Mariza-Transparente



Warcraft



The Rolling Stones-Bigger Bang



Kill Bill Vol 1



Leaves - The Angela Test DigiPak



Gralli Gormur




GEISLAPLÖTUR FRÁ
99,- kr.



DVD MYNDIR FRÁ
699,- kr.



TÖLVULEIKIR FRÁ
799,- kr.



...skemmtir þér ;)

- ★ Barnabækur
- ★ Handbækur
- ★ Kiljur
- ★ Ritsöfn
- ★ Ættfræðibækur

- ★ Ævisögur
- ★ Skáldverk
- ★ Unglingabækur
- ★ Ljóðabækur

LAGERSAL

Fellismúla 28

(gamla World Class húsinu)

**Komdu og gerðu
frábær kaup!**

Ekki missa af
ævintýralegum
tilboðum á
sívinsælum
bókum!



**Sparaðu
þúsundir
króna!**

199
kr.

399
kr.

599
kr.

799
kr.

999
kr.

- ★ **Listaverkabækur**
- ★ **Fræðibækur**
- ★ **Stórvirki**

A EDDU

OPIÐ
alla daga
kl. 11-19

**Við rýmum fyrir jólabókunum
Yfir 1.300 spennandi bókatitlar
undir 1.000 kr.**

**3 frábærar ástæður fyrir
því að koma í Fellsmúlan:**

1.

Allir sem versla
á markaðnum
fá vandaða bók í kaupbæti.



2.

Öll börn sem koma
á markaðinn fá
gefins Andrésblað
og blöðru!

3.

Peir sem kaupa
fyrir meira en
10.000 kr. fá Söguatlas
að verðmæti 14.990 kr.
í kaupbæti.



**EINSTAKT VERÐ
OG GLÆSILEG
SÉRTILBOÐ!**

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!




E d d a

Nýtt kortatímabil



Intel örgjörvi og kubbasett
með Hyperthreading tækni sem eykur afköst um allt að 22%. Nýjasta kubbasettið frá Intel sem tryggir gæði og áreiðanleika, útbúið nýjustu tækni eins og Serial ATA, Intel High Definition Audio, PCI Expresso.fl.



FireWire
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskleid af stafrænni tökvél og klippa í tölvunni.



DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Kortalesari

Minniskort í stafrænum myndavélum, MP3-spilurum, farsímum eru æ algengari og því er mikill kostur að geta stungið kortunum beint í vélina.



Enn hraðvirkara kort í 6600 seríunni frá nVidia. Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum



MEDION® XXL

913215

MEDION V6 550 XXL3

- Intel Pentium 550 (3,4 GHz, 1MB, FSB800)
- MSI Intel i915P 800FSB Dual DDR
- nVidia GeForce 6610 XXL 128MB DDR3 800MHz - GPU 400MHz, DVI-I, VGA (D-sub)
- 512MB DDR 400MHz Dual
- Western Digital 250GB 7200rpm 8MB
- DVD-ROM • Pioneer 16X DVD Skrifari
- Þráðlaust netkort 54Mbps
- Bluetooth • IEEE1394/Firewire
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Medion Media Bay

POWERED BY
DDR
MEMORY



4.147*

143.988
Staðgreitt

11.999**
Vaxtalaust 12 mån.

4.147*
Tölvukauplán 48 mån.

Tveir bíómiðar
á The Man fylgja
á meðan birgðir endast



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.L.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.



**Miðað við 12 jafnar vaxtalausr greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbærf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Nýtt DVD

Be Cool

John Travolta snýr aftur sem Chili Palmer og nú er það tónlistarbransinn sem hann ætlar að leggja undir sig með öllum tiltækum ráðum. Auðvitað þarf að pretta og plata á leiðinni, en það er nú bara einn Chili Palmer.



SAMAN 2999 kr.

1.999

1.999

3 fyrir 2

Borgaðu fyrir tvær og fáðu þriðju fritt

Allar Harry Potter myndirnar eru tveggja diska útgáfur og hafa bæði íslensk og ensk tal.

1.999
hver mynd



Takmarkað magn

17"

WIDE SCREEN



Risaskjár

Með hárrí upplausn tryggir nægt vinnupláss og sérstök "non-glare" áferð minnkar ljósglampa.



Öflug skjástýring

RADEON Xpress 200 stýringin er sérhönnuð fyrir nýjustu AMD 64 bita örgjörvana með hámarksafköst í huga. Stýður að fullu DirectXTM 9.0



Nýr 64 bita Turion örgjörvi

Nýjasti örgjörvinn frá AMD er sérhannaður fyrir fartölvur með hámarksafköst í huga en jafnframt lágmarksorkunotkun. Örgjörvinn er hannaður fyrir 32 bita og 64 bita forrit og stýrikerfi og er prýddur þróaðri tækni eins og HyperTransport™, PowerNow!™ og 3DNow!™.

Nýr örgjörvi!

MEDION®



Medion C8 Turion

MD95590

- 17" Breiðtjaldsskjár (1440 x 900 pixla) "non-glare"
- AMD Turion 64 ML 30 örgjörvi
- ATI Mobility RADEON Xpress 200 128MB Skjástýring
- PCI-Express gagnabrautir
- 1GB DDR minni
- 80 GB harður diskur
- DVD skrifari
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Þráðlaust netkort
- Bluetooth, VGA Tengi, DVI-I tengi, Firewire, Infrarautt
- 6 rása hljóðtengi, stafrænt hljóðtengi
- 6 USB 2.0 tengi
- 4 hátalarar og bassabox – frábær hljómur
- MediaBay kortalesari – les öll helstu kortin
- Þyngd aðeins 3.5 kg



48.000kr. lækkun

4.787*

167.988
Staðgreitt

13.999**
Vaxtalaust 12 mån.

4.787*
Tölvukauplán 48 mån.

BT

Hver er nógu góður fyrir James Bond?

Það stýttist óðum í að tölur á næstu **James Bond myndinni** hefjist. Það er aðeins eitt vandamál: Það vantar sjálfan Bond. *Freyr Gígja Gunnarsson* fór yfir söguna endalaus.

Broccoli – fjölskyldan, MGM og Sony-fyrirtækið standa frammi fyrir heldur óvenjulegu vanda máli. Handritið er tilbúið, fjármagníð er klárt og allir helstu aukaleikarar snúa aftur í sín hlutverk. Það vantar bara einhvern til að leika James Bond. Enski leikarinn Matthew Macfayden lýsti því nýlega yfir að honum hefði verið boðið hlutverkið. Hann sagðist vera að íhuga málið en var ekki mjög spenntur. Hlutverk Bonds breytir líka öllu í lífi leikarans sem fer í þjónustu hennar hátígnar.

Brosnan kveður með látum

Eitt sinn gekk sú saga fjöllum hærra í Hollywood að Bond-myndin Tomorrow Never Dies hefði verið farin að skila gróða áður en hún komst í kvikmyndahúsin. BMW, Smirnoff og fleiri stórfyrirtæki höfðu lagt svo mikla peninga í myndina enda sáu þeir sem var að Bond var að komast í hæstu hæðir á ný.

Það var ekki síst Pierce Brosnan að þakka hversu vinsæll breski leyniþjónustumaðurinn varð aftur. Eftir mögur ár hafði honum tekist að vinna aftur trú „almennings“ á að Bond gæti bjargað heiminum með hjálp fagurra kvenna. Eftir að síðasta myndin um Bond, Die Another Day, vakti ekki mikla lukku töldu margir að dagar Brosnans í hlutverkinu væru taldir. Gagnrýnendur töldu um að hann væri orðinn of gamall en Brosnan er kominn á sextugsaldurinn.

Eftir að ákveðið var að nýjasta kvikmyndin í Bond flokknum ætti að vera byggð á fyrstu skáldsögu Ians Fleming, *Casino Royale*, sögðu margir að með þeirri ákvörðun hefði Brosnan verið

rekinn ópinberlega. Sú staðreynd að Bond er 28 ára í Casino Royal en Brosnan er kominn á sextugsaldurinn segði allt sem segja þyrfti. En þrátt fyrir að valið á Brosnan hefði verið augljós „sögufólsun“ er vitað að Broccoli og MGM reyndu að fá Brosnan til að endurtaka leikinn. Launakröfur leikarans voru hins vegar, að þeirra mati, „sví- virðilegar“. Vegna þessa er Bond-deil- an komin í þennan rembihnút. Í sumar hefur gengið á ýmsu. Meðleikarar Brosnans hafa lýst yfir stuðningi við hann sem Bond og margir markaðssér- fræðingar halda því fram að framleið- endurnir hafi gert mistök með því að halda ekki í Brosnan.

„Margir krakkar sjá James Bond sem vörumerki foreldra sinna. Ef Bond fer að verða of ungur þá er hugsanlegt að hugmyndin um hann fjarlægist aðalaðaðandahópin sem er karlmenn 25 ára og eldri,“ sagði ónafngreindur heimildamaður við afþreyingartíðindi Hollywood Reporter.

Campbell verður leikstjóri

Framleiðendur Bonds eru staðráðnir í að láta Bond lifa sem lengst. Myndirnar hafa líka yfirleitt gengið vel í kvikmyndahúsagasti. Fjölmargir leikstjórar hafa verið kallaðir til að glæða góðsögnina lífi á ný og gefa henni ferskt yfirbragð í anda nútímans.

Leikstjórninn Matthew Vaughn var kallaður til fundar við MGM auk leikarans Daniels Craig vegna áhuga kvikmyndafyrirtækisins á að fá þá til að vinna saman ekki síst vegna ánægju með afrakstur samstarfs þeirra í Layer Cake. Ekkert varð þó úr neinum samningarviðræðum.

Leikstjórnarnir Quentin Tarantino og

John Woo lýstu báðir yfir áhuga sínum á verkefninu. Það hefði vissulega verið forvitnilegt að sjá hvernig Tarantino hefði afgreitt Bond en hann hefur sjálfur sagst vera mikill aðdáandi leynipjónustumannsins. Þrátt fyrir ákafa Broccoli-fjölskyldunnar að vilja endurnýja 007 sem mest ákváð hún þó að tefla ekki á tvær hættur hvað varðar karlinn í brúnni. Leikstjórinn Mart-in Campbell var kallaður til verksins. Þessi Ný-Sjálendingur var fenginn til að lyfta Bond upp á nýtt plan eftir að Timothy Dalton hafði nánast dreprið spæjarann ódrepandi með túlkun sinni. Það má segja að það herbragð hafi heppnast fullkomlega með mynd-inni GoldenEye sem var einmitt fyrsta myndin með Pierce Brosnan. Campbell gerði í kjölfarið Mask of Zorro og Vertical Limit. Campbell er að leggja loka-höndina á Legend of Zorro og mun síð-an hella sér út í Bond-verkefnið af full-um krafti.

Áhætta sem borgar sig?

Ljóst er að Bond-fyrirtækið ætlar að taka mikla áhættu og velja ungan leikara í staðinn fyrir hinn reynda Jonathan Rhys Meyers, sem lék í Bend it Like Beckham, var einn þeirra sem nefndur var en hann segist sjálfur aldrei hafa falast eftir því. „Að leika svalasta ofurspējara sem hefur gengið á þessari jörfu er eitthvað sem alla langar til að gera en minn tími er ekki kominn.“ Þetta viðhorf endurspeglar eflaust spár markaðssérfræðinga. Fáir ungir leikarar vilja festast í rullu sem hingað til hefur einkennst af heldri, vírðulegum mönnum. „Bond verður alltaf að leika vel út í jakkafötum,“ sagði einn heimildamaður

Hollywood Reporter.

Julian McMahon, sem þekktastur er fyrir leik sinn í Nip/Tuck, lét nýlega mynda sig fyrir auglýsingu þar sem hann stóð í Bond „stillingunni“ með byssu í hendi. Það var altalað að McMahon hefði aldrei samþykkt þessa myndatöku ef hann renndi ekki húru auga til hlutverksins. Honum hefur þó ekki verið boðið að samningaborðinu. Vafalaust hefur misjafnt gengi Fantastic Four haft eitthvað með það að gera.

Kvikmyndavefir hafa verið duglegir við að leyfa lesendum sínum að láta skoðun sína í ljós. Total Film Magazine, birti í sumar niðurstöður sínar og þar kom í ljós að flestir vilja Jude Law í hlutverkið. Það verður þó að teljast ólíklegt enda er hann af þeirri stærð-
argráðu að hann myndi ekki hætta ferli sínum með því að taka hlutverkið að sér.

Af því sem hefur verið rit-
að og rætt í Hollywood að
undanförnu má ætla að ein-
hver stærsta stjarna kvik-
myndanna sé í keppu og ekki
seinna vænna að leysa hana.
Aðstandendur Bond-mynd-
anna þurfa að fara að öllu með
gát því eins og Brosnan sagði
sjálfur að þau þrjú orð sem
honum hefði fundist erfið-
ast að segja í kvikmynd
væru: „Bond, James Bond.“



Ræktaðu sjálfa þig!

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



Heyrst hefur ...

... að FH-ingar ætli að gera allt til þess að eignast ekki enn eitt metið í dag. Metið sem um ræðir er að tapi þeir fyrir Fram í lokaleik sínum í Landsbankadeild karla í dag verða þeir fyrstu Íslandsmeistarar sögunnar sem tapa þremur síðustu leikjum sínum. FH hefur tapað síðustu tveimur leikjum sínum gegn ÍA og Fylki eftir að hafa unnið þá fimmtán fyrstu.

sport
sport@frettabladid.is

GUNNAR SIGURÐSSON, MARKVÖRÐUR FRAM: HELDUR FAST Í HEFÐIRNAR

Smíðar hús fram að leiknum gegn FH

Gunnar Sigurðsson, markvörður Fram í Landsbankadeild karla, verður seint sakaður um að vera lettblöð. Gunnar, sem er smíður að mennt, hefur alla tíð unnið mikið og reynt að láta ekki knattspyrnuíðkun sína koma í veg fyrir að geta unnið almennilegan vinnudag. Markvörðurinn er vaknaður fyrir allar aldir og smíðar fram að æfingu og leikdagar eru með sama sniði.

Framarar taka í dag á móti Íslandsmeisturum FH á Laugardalsvelli í leik sem liðið verður helst að vinna eða ná jafntefli svo það falli ekki niður í 1. deild. Á meðan flestir leikmanna liðanna koma sér líklega á fætur um tíuleytið er Gunnar farinn út að smíða en hann ætlar að vinna frá 7-12 í dag og mætir síðan beint í þennan mikilvæga leik. „Mér finnst langbest að hafa

þetta svona, því maður æfir og vinnur alla daga og því væri það rangt að fara að breyta út af vananum,” segir Gunnar.

Mikið hefur verið rætt og ritað um ummæli Heimis Guðjónssonar, fyrirliða FH, sem sagði að FH-ingar ætluðu að taka á Frömurum þar sem Safamýrarliðið hefði talað niður til FH-inga í allt sumar. Gunnar hefur ekkert út á ummæli Heimis að setja, „bara gott hjá honum að láta þetta eftir sér. Ef Heimi langar að verða einhver Mourinho Íslands þá má hann það mín vegna,” sagði Gunnar, sem mátti lítið vera að því að ræða við Fréttablaðið vegna anna við smíðar í Grafarholti.

Gunnar, sem gekk til liðs við Framara um mitt sumar 2001, hefur lent í úrslitaleik um fall í síðasta leik öll árin sín

hjá Framliðinu en Fram hefur forðast fall í lokaleik allt frá árinu 1999 þegar Anton Björn Markússon gerði sigurmark á elleftu stundu gegn Víkingum í eftirminnilegum leik, einmitt á Laugardalsvelli.



> Við mælum með ...

... að íslenskt knattspyrnuáhugafólk kveðji Landsbankadeildina í ár með því að fjölmenn á völinn og bæta áhorfendamentið í dag. Það verður enginn enskur fótbolti í sjónvarpinu og því er um að gera að drífa sig á völinn hjá sínu félagi því það eru átta mánuðir í að það verði boðið upp á leik í Landsbankadeildinni á ný.

> Við hrósum ...

.... Blikum sem töpuðu ekki leik á Íslands-móti meistaraflokka í sumar. Karla og kvennalið félagsins léku alls 32 leiki án þess að tapa, karlarnir unnu 13 og gerðu fimm jafntefli en stelpurnar unnu 13 og gerðu eitt jafntefli. Það verður því örugglega mjög gaman á uppskeruhátíðinni í Smáranum í kvöld..



LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla í fótbolta:

HK-BREIÐABLIK	2-2
1-0 Ólafur Júlíusson (31.), 2-0 Árni Thor Guðmundsson, víti (41.), 2-1 Ágúst Þór Ágústsson (47.), 2-2 Kristján Óli Sigurðsson (49.).	
VÍKINGUR Ó.-ÞÓR AK.	1-0
1-0 Ragnar Smári Guðmundsson (52.).	
KS-FJÖLNIR	1-4
0-1 Tómas Leifsson (9.), 0-2 Sjálfsmark (38.), 1-2 Grétar Sveinsson, víti (39.), 1-3 Pétur Georg Markan (53.), 1-4 Atli Guðnason (85.).	
VÍKINGUR-VÖLSUNGUR	2-0
1-0 Daniel Hjaltason, víti (42.), 2-0 Jón Guðbrandsson (67.).	
KA-HAUKAR	5-4
0-1 Þorvaldur Már Guðmundsson (23.), 0-2 Þorvaldur Már Guðmundsson (32.), 0-3 Hilmar Rafn Emilsson (48.), 1-3 Kristján Elí Örnólfsson (74.), 2-3 Bjarni Pálmason (82.), 3-3 Pálmi Rafn Pálmason (85.), 4-3 Jóhann Þórhallsson (86.), 4-4 Davíð Ellertsson (89.), 5-4 Bjarni Pálmason (90.).	

Víkingar fóru upp og felldu Völsung

KA vann Hauka í níu marka leik fyrir norðan og HK sá til þess að Blikar bættu ekki stigamentið.

FÓTBOLTI Það fór eins og flestir spáðu að Víkingar fylgdu Breiðabliki upp í Landsbankadeild karla, en lokaumferð 1. deildarinnar fór fram í gær. Víkingar unnu Völsunga 2-0 í Víkinni og sendu um leið Húsvíkingana niður í 2. deild.

KA-menn unnu Hauka 5-4 í ótrúlegum leik þar sem gestirnir komust 0-3 yfir og virtust vera að bjarga sér sjálfir en KA-menn tryggðu sér sigur með því að skora fimm mörk á síðustu sextán mínútum leiksins og því þurftu Haukar að treysta á Víkinga, sem unnu og felldu Völsung.

Víkingur úr Ólafsvík, Fjölnir og HK voru öll í fallhættu fyrir leikina en gulltryggnu sig af eigin

rammleik. Víkingar unnu Þór 1-0, Fjölnir vann KS 4-1 fyrir norðan og HK náði jafntefli gegn deildar-meisturum Breiðabliks en fyrir vikið náðu Blikar, sem töpuðu ekki leik í 1. deildinni í allt sumar, ekki að bæta stigamet Fylkismanna frá 1999.

- ój

LOKASTADAN

BREIÐABLIK	18	13	5	0	32-13	44
VÍKINGUR R.	18	10	7	1	41-9	37
KA	18	10	4	4	40-20	34
FJÖLNIR	18	7	1	10	29-34	22
VÍKINGUR Ó.	18	6	4	8	15-30	22
ÞÓR AK.	18	6	3	9	25-34	21
HK	18	4	8	6	18-21	20
HAUKAR	18	4	5	9	23-33	17
VÖLSUNGUR	18	4	4	10	17-25	16
KS	18	2	7	9	14-35	13



KOMNIR UPP Víkingar fögnuðu gríðarlega í leikslok þegar orðið var ljóst að þeir voru búnir að vinna sér sæti í Landsbankadeild karla sumarið 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Þrettán leikmenn og þjálfarar ÍA skrifuðu undir í gær:

Ólafur áfram á Skaganum

FÓTBOLTI Skagamenn buðu til blaðamannafundar í húsakynnum KB banka í Borgartúni í gær þar sem skrifað var undir samning við ellefu leikmenn og tvo þjálfara. Stærsta fréttin er vitanlega sú að Ólafur Þórðarson ákvað að fram- lengja samning sinn um heil þrjú ár, til 2008, en hann tók við ÍA haustið 1999. Þá hafði hann þjálfað lið Fylkis í tvö ár og var þrálátlega nefndur sem arftaki Þorláks Árnasonar hjá Árbæingum. Ekkert varð af því þar sem Ólafi rann blóðið til skyldunnar.

„Vissulega skoðaði ég aðra möguleika og þetta togaðist á í manni, hvort það væri kominn tími til að breyta til,” sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær. „Það var lagt hart að mér að halda áfram þannig að ég ákvað að slá til og leggja mitt af mörkum til að leiða þetta félag á toppinn aftur.“

Þórður aðstoðar

Þórður Þórðarson, fyrrverandi markvörður Skagamanna, verður aðstoðarþjálfari Ólafs ásamt því að vera markmannsþjálfari liðsins. Þórður neyddist til að leggja skóna á hilluna eftir aðeins einn leik í vor vegna veikinda. Í kjölfarið ákvað hann að rifta leikmannasamningi sínum við félagið þó svo að honum bæri engin skylda til þess. Í gær skrifaði hann hins vegar undir þjálfarasamning. Reynir Leósson skrifaði þar að



ÞRÍU ÁR Í VIÐBÓT Ólafur Þórðarson skrifar undir þriggja ára samning við ÍA. Eiríkur Guðmundsson, formaður rekstrarfélags meistara- og 2. flokks ÍA, fylgist með.

auki undir tveggja ára samning við ÍA en búist var við að hann yrði ekki áfram hjá Skagamönnum. Félagi hans í vörninni, Gunnlaugur Jónsson, er einnig með lausan samning hjá ÍA og ætlar að hugsa sín mál að mótinu loknu. Hann hefur búið í Reykjavík undanfarnir sex ár og gæti því vel hugsað sér að ganga til liðs við félag í bænnum til að spara sér bensíndropana. Samningur Kára Steins Reynissonar við ÍA rennur einnig út í haust.

Þá skrifuðu tíu ungir leikmenn ÍA, sem eru ýmist nýkomnir upp í meistaraflokk eða spila enn í 2. eða 3. flokki félagsins, undir samninga sína í gær við ÍA, allir til þriggja ára nema einn sem samdi til tveggja.

eirikurst@frettabladid.is



GOTT LIÐ Þessir drengir gætu með réttu stíllt upp heilu byrjunarliði enda er meira að segja einn markvörður þeirra á meðal.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

MEISTARABALL ársins í Kaplakrika

ÞÓRÞÓR
í kvöld, laugardag 17. september

Skemmtiatriði Heitu LUMMURNAR



Verð miða kr. 2.000 - Húsið opnað kl. 23:00

Forsala miða í FH búðinni Kaplakrika og Súfistanum
Ekki missa af balli ársins í Kaplakrika !

ÚR SPORTINU

Enska knattspyrnusambandið hefur ákveðið að sækja um að fá að halda heimsmeistarakeppnina 2018 í knattspyrnu. Keppnin á næsta ári verður haldin í Þýskalandi, árið 2010 í Suður Afríku, árið 2014 verður keppnin haldin í Suður Ameríku en árið 2018 snýr keppnin aftur til Evrópu og þá ætla Englendingar að halda keppnina. Englendingar hafa ekki haldið heimsmeistarakeppni í knattspyrnu frá því að liðið varð heimsmeistari á heimavelli árið 1966.



David Moyes, knattspyrnustjóri Everton sagði í viðtali við fréttamenn í gær að tapið gegn Dinamo Búkarest á fimmtudagskvöld, 5-1 hafi verið versta stund hans á þjálfaraferli sínum. „Engin spurning, þetta er það versta sem ég hef upplifað á þjálfaraferli mínum. Þegar ég sendi liðið út í hálfleik datt mér aldrei í hug að leikurinn myndi enda svona,” sagði Skotinn en staðan í hálfleik var jöfn 1-1.

Klaus Augenthaler þjálfari þýska knattspyrnliðsins Bayer Leverkusen var rekinn í gær. Leverkusen tapaði á heimavelli í gærkvöld fyrir CSKA Sóffíu frá Búlgaríu í Evrópukeppni félagsliða og hefur aðeins unnið einn af 4 fyrstu leikjum sínum í þýsku úrvalsdeildinni. Rudi Völler, fyrrverandi landsliðsþjálfari Þjóðverja, hefur tekið við stjórn Leverkusen til bráðbirgða og stýrir liðinu gegn Duisburg í úrvalsdeildinni á morgun. Völler þjálfaði síðast Roma frá Ítalíu en hrökklaðist fljótlega úr starfi.

Norðmenn eru í þriðja sæti yfir þær þjóðir sem hafa náð bestum árangri félagsliða í Evrópukeppnunum tveimur það sem af er leiktíðinni. England trónir á toppnum en Ítalía er í 2. sæti. Tekið er mið af úrslitum í öllum leikjum í Evrópukeppni félagsliða og Meistaradeild, bæði forkeppni og riðlakeppni. Þetta kemur fram í samantekt norskra fjölmiðla. Noregur á fimm lið í Evrópukeppnunum tveimur. Þrátt fyrir að Íslendingaliðin tvö, Vålerenga og Brann, hafi bæði tapað í Evrópukeppni félagsliða sl. fimmtudag er Noregur í 3. sæti með samanlagt 20 stig, meðaltalið er 4 stig á hvert lið. Ensku liðin sjö hafa meðaltali 4.285 stig en ítölsku liðin sjö eru með 4,071.



Samuel Eto'o, aðal markaskorari Barcelona á Spáni langar að spila í enska boltanum en þó ekki fyrir peninga heldur fyrir áhorfendur. „Ég veit að Chelsea er að skoða mig og einn daginn á ég kannski eftir að fara til Englands. Ég spilaði með Real Mallorca gegn Newcastle og Bolton. Stemmningin á St James' Park var ótrúleg. Þegar það kemur að stuðningsmönnum á engin þjóð möguleika í Englendinga,” sagði Kamerún maðurinn.

Írinn Ronnie O'Sullivan sem af mörgum er talinn einn besti snókerspilari allra tíma hefur ákveðið að færa sig um set og hætta snókeriðkun og fara til Bandaríkjanna til að keppa í billiard í Bandaríkjunum. Þetta er mikið áfall fyrir snókeríþróttina í Bretlandi sem á miklum erfiðleikum þessa dagana en illa hefur gengið að fá styrkataka-illa á mót þar í landi.



Leikir í Meistarakeppni HSÍ fara fram að Ásvöllum í dag enda eru Haukar í aðalhlutverki í báðum leikjum: **Ætla ekki að gefa Haukum neitt eftir**

HANDBOLTI „Það er mikil tilhlökkun í mannskapnum,” sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnnunnar, en lið hans mætir Haukum í Meistarakeppni HSÍ í dag. Hafnarfjarðarfélaginu er spáð mikilli velgengi enn eitt árið í handboltanum en forráðamenn handboltafélaganna á Íslandi spá Haukum Íslandsmeistaratitli í bæði karla- og kvennaflokki. „Það er eðlilegt að Haukum sé spáð velgengi. Það eru margir sterkir leikmenn á mála hjá félaginu og svo eru mörg önnur lið að ganga í gegnum mikið breytingaskeið, þannig að spáin kemur mér ekkert á óvart. En ég á von á því að þetta verði hörkuleikur.“ Lið ÍR mætir Haukum í karlaflokki en miklar breytingar hafa orðið á leikmannahópi ÍR síðan á síðustu leiktíð auk þess sem Júlíus Jónasson og Finnbogi Sigurbjörnsson hafa skipt um hlutverk, en Júlíus var aðalþjálfari liðsins en er nú orðinn aðstoðarmaður Finnboga. „Við munum fara í þennan leik með það að markmiði að vinna, eins og við gerum alltaf. Það eru margir ungir og efnilegir strákar í hópnum núna sem eru tilbúnir til þess að leggja mikið á sig. Það er okkar markmið að vera í efri hluta deildarinnar,” sagði Júlíus.



ANDRI STEFAN Mikið mun mæða á Andra Stefan hjá Haukum í vetur en hann verður án efa einn af lykilmönnum liðsins.

Finnbogi er viss um að leikmenn ÍR verði tilbúnir í slaginn í dag. „Það er mikil tilhlökkun hjá leikmönnum. Spennan er alltaf

mikil á þessum árstíma og það verður spennandi að sjá hvernig vertíðin fer af stað. Liðsheildin verður okkar aðalsmerki í vetur.“

- mh



113.000 kr.

Á vaxtalausú tilbóði:

Þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) af bestu gerð. Sannkallaðir letistólar.

49.900 kr. stk.

Vaxtalaus vika

stendur frá 17. til 24. sept.



Einn sá flottasti!

Horn sófi með snúningi á endasætum.

Á vaxtalausú tilbóði: 221.800 kr.



Mikið úrval af borðstofusettum

Mikið úrval af sófasettum á vaxalausum dögum í allt að 6 mánuði.



Stofuborð.

Listagripur úr kopar og gleri.

Haukur Dór. Málverkasýning stendur yfir

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallery Húsgögn

Opíð alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16





Ágúst Gylfason:

Ekki hættur í fótbolta

FÓTBOLTI Ágúst Gylfason, miðju- maður KR-inga, blæs á allar sögu- sagnir þess efnis að hann sé annað hvort að hætta í fótbolta eða að snúa sér að þjálfun. Samningur hans við KR rennur út í haust.

„Ég reikna ekki með öðru en að halda áfram að spila, ég á nóg eft- ir og hef sjaldan verið ferskari. Ég sé til hverjir hafa samband í haust en ég gæti alveg hugsað mér að vera áfram í KR. Þar eru spennandi hlutir að gerast með komu Teits Þórðarsonar. Þjálfun bíður betri tíma,“ segir Ágúst.

KR mætir ÍA á Akranesi í loka- umferðinni en Ágúst verður fjarri góðu gamni vegna meiðsla. Hann hefur verið meiddur í hásin og segist þurfa að fara í aðgerð í haust.

- þg

Margrét Lára veður í tilboðum

Kvennalið Vals er að gera góða hluti í Evrópukeppninni og nægir jafntefli gegn Alma frá Kasakstan í dag til þess að tryggja sig inn í átta liða úrslitin.

FÓTBOLTI Valsstúlkur spila í dag þriðja og síðasta leik sinn í riðla- keppni 16 liða úrslita Evrópu- keppni félagsliða. Þær hafa þegar náð sögulegum árangri með því að vera fyrsta liðið til að komast áfram upp úr 1. umferð en núna er liðið aðeins einum leik frá því að komast í átta liða úrslitin. Ár- angur Valsliðsins hefur vakið mikla athygli úti í Svíþjóð.

„Svíarnir elta mann á röndum og eru alveg gáttaðir á þessu liði frá Íslandi. Þeir eru búnir að til- kynna mér það að Margrét Lára fái hér samningstilboð í hrönnum frá sænskum liðum sem og fleiri leikmenn. Þeir skilja heldur ekk- ert í því hvar Dóra María sé því það biðu víst allir eftir að sjá hana,“ segir Elísabet Gunnars- dóttir, þjálfari Vals sem er að gera góða hluti í Evrópukeppninni en riðill þeirra í 2. umferð hennar fer nú fram í Stokkhólmi.

Val nægir jafntefli í síðasta

leiknum gegn Alma frá Kasakstan á morgun og þá kemst Valsliðið í átta liða úrslitin.

Dóra María Lárusdóttir gat ekki verið með þar sem hún er farin út í nám til Bandaríkjanna og Valsstúlkur eru því án eins síns besta leikmanns í þessum leik. Það hefur verið nóg að gera hjá Elísabetu sem hefur verið kölluð í hvert sjónvarps- og útvarpsvið- talið á fætur öðru.

„Þeir vildu meina það í um- ræddu útvarpsviðtali sem ég fór í að við værum að spila um þriðja til fjórða sætið í sænsku deildinni og að það gætu allir mínir leik- menn spilað í deildinni. Þetta sögðu þeir mér en ég hef ekkert séð þessa deild þannig að ég verð bara að trúá þeim,“ segir Elísabet en þrjú efstu liðin í sænsku deild- inni eru fyrrverandi tvöfaldir Evrópumeistarar: Umeå, Ásthild- ur Helgadóttir og félagar hennar í Malmö FF og svo lið



Á LEIÐinni TIL SVÍÞJÓÐAR
Margrét Lára Víðarsdóttir hefur vakið mikla athygli með Val í Evrópukepp- ninni og hrúgast tilboð inn á hennar borð frá liðum í sænsku úrvalsdeild- inni.

Djurgården/Älvsjö sem vann Valsliðið naumlega með marki í uppbótartíma í fyrsta leiknum í riðlinum.

„Þeir eru að dásama okkur út í eitt og ég var beðin um að lýsa hvernig við högum þjálfuninni á Íslandi. Þetta er því góð auglýsing fyrir íslenskan kvinnafótbolta.

Loksins erum við komin á þennan stall og vonandi fylgja Blikar þessu eftir á næsta ári. Við þurf- um að verða Evrópumeistarar til þess að geta aftur verið með á næsta ári,“ segir Elísabet en að- eins meistarar hvers lands fá þátttökurétt.

ooj@frettabladid.is



Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Almennur hluti 1a

www.isisport.is

Helgina 23. – 25. september verður **þjálfari 1a – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lágmarksaldur þátttakenda er 16 ár. Námskeiðið er undanfari annara námskeiða sem síðar verður boðið uppá og þannig fyrsta námskeiðið í samræmdu kerfi íþróttahreyfingarinnar. Námskeiðið er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum. Nemandi sem lýkur þessu námskeiði ásamt því að ljúka sérgreinahluta þjálfarastigs 1a hlýtur réttindi sem aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá íþróttaskóla eða yngstu flokkum.

Verð á námskeiðið er **kr. 12.000,-**. Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** í síðasta lagi miðvikudaginn 21. september.

Þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. Þeir sem hafa lokið ÍþF102, ÍþG1x2 í framhaldsskóla og Skyndihjálpar- námskeiði eru gjaldgengir á Almennan hluta 2a.

Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Hádegisverðarfundir

ÍSÍ mun bjóða upp á hádegisverðarfundir nú í vetur. Fyrsti fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. september, en þar verður fjallað um **Íþróttamannvirki**.

Þátttakendur geta verslað hádegisverð hjá Café **easy** sem staðsett er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal en aðgangur að fundinum sjálfum er ókeypis. **Fundurinn er öllum opin.**

Frekari upplýsingar um hádegisverðarfundir ÍSÍ má finna á **www.isisport.is**



Ármannsdagurinn sunnudaginn 18. september



Glimufélagið Ármann heldur Ármannsdaginn hátíðlegan, á morgunn 18. september í Laugardalshöllinni. Allar deildir Ármanns munu vera með kynningu á starfsemi sinni.

En deildir Ármanns eru: Almenningsdeild, Fimleikadeild, Frjálsar íþróttir, Glíma, Júdo, Karfa, Lyftingar, Sund, Taekwondo, Handbolti og Skíðadeild.

Dagskrá:

14:00 Hátíðin sett.
14:00 Kynningarbásar opna
14:00 Glimukennsla
14:15 Henrik Danielsen skólastjóri Hróksins teflir fjöltefli.
14:15 Glimukeppni
14:30 Júdo sýning
14:30 Keppni í götu körfubolta (úti)
14:50 Fimleika sýning
15:00 Almenningshlaup, 3 og 5 km
15:15 TaeKwondo sýning
15:45 Verðlauna afhending fyrir almenningshlaup, “tugþrautar” keppni, Glimukeppni og fjölteflis.
16:10 Júdo sýning
16:30 Fimleika sýning
16:45 Taekwondo sýning
17:00 Hátíðarslit



Keppni verður í gangi á meðan hátíðinni stendur milli deilda Ármanns, í “tugþraut”, þar sem allar deildir eiga að keppa í grein hinna deildanna. Viðkomandi deild má þó ekki taka þátt í keppni hjá sinni eigin deild.



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu:

Hækkar um eitt sæti hjá FIFA

FÓTBOLTI Íslenska kvennalands- liðið í fótbolta hefur hækkað um eitt sæti á styrkleikalista FIFA, alþjóða knattspyrnusambands- ins, sem gefinn var út í gær. Ís- land er nú í 17. sæti listans og hafði sætaskipti við Holland. Ástralía er í næsta sæti fyrir ofan. Ef einungis Evrópuþjóðir eru skoðaðar er Ísland í 10. sæti. Hækkunina má þakka góðu

jafntefli sem lið Íslands náði í Svíþjóð og 3-0 sigrum á Hvít- Rússum í kjölfarið. Þá unnu ís- lensku stúlkurnar lið Skota ytra, 2-0, og töpuðu fyrir liði Banda- ríkjanna, 3-0.

Alls eru 124 knattspyrnuþjóð- ir á listanum og því óhætt að segja að staða Íslands á listanum sé með eindæmum góð.

- esá

Styttist í að þjálfaramálin í Árbænum skýrist:

Bræðurnir Eyjólfur og Sverrir næstu þjálfarar Fylkis?

FÓTBOLTI Mikill áhugi er fyrir því innan raða Fylkis að ráða bræð- urna Eyjólf og Sverri Sverrissyni í sameiningu sem næstu þjálfara félagsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Sverrir tók við Fylkisliðinu af Þorláki Árnasyni og stýrði til sigurs gegn FH í síð- ustu umferð.

Eyjólfur stýrir U21 árs lands- liði Íslands en samningur hans rennur út í haust. Eyjólfur er tal- inn koma til greina sem arftaki Ásgeirs Sigurvínssonar og Loga Ólafssonar hjá A-landsliðinu og það gæti sett strik í reikning Fylk- is.

Stjórnarskipti verða hjá knatt- spyrnudeild Fylkis í haust en nú- verandi stjórn ætlar að ganga frá



EYJÓLFUR GÍAFAR SVERRISSON

þjálfararáðningu áður en hún hættir. Sverrir og Eyjólfur eru þar efstir á blaði eftir að Ólafur Þórðarson endurnýjaði samning sinn við ÍA. Ekki náðist í þá bræð- ur í gær.

- þg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

14 15 16 17 18 19 20

Laugardagur

LEIKIR

- ☐ 14.00 **Grindavík** og **Keflavík** mætast á Grindavíkuvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 14.00 **Valur** tekur á móti **Þrótti** að Hlíðarenda í Landsbankadeild karla.
- ☐ 14.00 **ÍA** og **KR** mætast á Akranesvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 14.00 **Fylkir** og **ÍBV** mætast á Árbæjarvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 14.00 **Fram** og **FH** eigast við á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 14.15 **Haukar** og **Stjarnan** eigast við í Meistarakeppni HSÍ í kvennaflokki í handbolta að Ásvöllum.
- ☐ 16.00 **Fjölnir** og **ÍS** mætast í Reykjavíkurmótinu í körfuknattleik í íþróttahúsi Rimaskóla.
- ☐ 16.15 **Haukar** og **ÍR** eigast við í Meistarakeppni HSÍ í karlaflokki í handbolta að Ásvöllum.

SJÓNVARP

- ☐ 12.00 **Enski boltinn** Leikur Preston og Stoke City.
- ☐ 13.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Fylgst með þremur leikjum: Grinda- vík-Keflavík, Fram-FH og Fylkir-ÍBV.
- ☐ 14.15 **Meistarakeppnin í hand- bolta** á RÚV. Leikur Hauka og Stjörn- unnar í kvennaflokki sýndur í beinni.
- ☐ 15.50 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV.
- ☐ 16.00 **Enska úrvalsdeildin í knatt- spyrnu** á Enska boltanum. Leikur Aston Villa og Tottenham í beinni út- sendingu.
- ☐ 16.15 **Meistarakeppnin í hand- bolta** á RÚV. Leikur Hauka og ÍR í karlaflokki sýndur í beinni.
- ☐ 17.30 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- ☐ 19.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Leik- ur Real Madrid og Celta Vigo.
- ☐ 20.30 **Enska úrvalsdeildin í knatt- spyrnu** á Enska boltanum.
- ☐ 22.00 **Landsbankadeildin** á Sýn. Útsending frá leikjum dagsins endur- sýnd.
- ☐ 23.50 **Landsbankamörkin** á Sýn.



Végarður í Fljótsdal



Sultartangastöð



Ljósafofssstöð



Blöndustöð



Laxárstöðvar



Króflustöð

Takk fyrir komuna!

Landsvirkjun þakkar þeim þúsundum gesta sem heimsóttu aflstöðvar og gestastofur fyrirtækisins í sumar



Amnesty International



Hallsteinn



Aðalheiður



Guðmundur



Jón Eiríksson

Sérstakar þakkir til þeirra sem stóðu fyrir sýningum og sýndu verk sín í stöðvum okkar:

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Amnesty International

Guðmundur Guðmundsson

Hallsteinn Sigurðsson

Jón Eiríksson

Sjáumst næsta sumar!

148.000 EINSTAKLINGAR

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL
LANDSINS TIL AÐ DREIFA
INNSKOTSBLÓÐUM OG EFNI TIL
INNA VIÐSKIPTAVINA

FRÉTTABLAÐIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA · VEIÐITÍMABILIÐ

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR BÝR Í LITLU HRYLLINGSBÚÐINNI



MYND: HELGI SIGURSSON

Þegar ég opnaði ís-
skápshurðina um
daginn rann upp
fyrir mér að nú
væri að ganga í
garð sá tími árs-
ins sem reynist
mér hvað erf-
iðastur. Við
mér blasti full-
ur skápur af hráu
kjöti. Það var ekkert
annað í ísskápnum en
stór stykki af blóðugu hráu kjöti.
Restin af „óþarfa“ matnum stóð á
eldhúsbörðinu og volgnaði meðan
kjötið kólnaði. Ég leit í kringum
mig til að sjá hvort einhver á
heimilinu hefði keypt sér mann-
ætuþlöntu eins og í Litlu hryll-

ingsbúðinni. Sá nú hvergi slíka
plöntu, en gekk á slóð blóðdropa
og rann á undarleg hljóð sem bár-
ust úr bílskúrnum. Ég kíkti inn
fyrir bílskúrsdyrnar með annað
augað lokað í þeirri von að hryll-
ingurinn yrði minni ef ég sæi bara
smá. Inni í skúrnum var fjölskyld-
an mín, karlmennirnir tveir stóðu
útþandir af stolti, brýndu hnifa,
skáru skanka og sviðu hausa,
móðir mín sat svo í horninu og
puldi upp uppskriftir úr Gestgjaf-
anum. Hreindýrið lá svo stein-
dautt á gólfinu á milli þeirra. Ég
fylltist mínu árstíðabundna von-
leysi. Veiðitímabilið skilaði ár-
angri, hreindýrið komið í hús og
þá vikur allt annað. Að fenginni
reynslu veit ég að næstu dagar

verða ekki auðveldir, þá þarf að
hakka og búta, vigta og pakka,
skrá og „shipa“ í frystikistur
ættlinganna. Húsfreyjan hverfur
svo út í móa að tína bláber í sós-
una og allt snýst um villibráð.
Þegar verkuninni er lokið taka við
endalausar villibráðarveislur sem
flestum myndi þykja hreinn unað-
ur, en ég er af x-kynslóðinni og vil
helst hafa mín matvæli erfða-
breytt og fá þau afhent úr lúgu.
En allt tekur enda um síðir. Og
það veit ég að þetta tímabil tekur
enda um leið og ekkert er eftir af
hreindýrinu nema baulið eitt ...
sumir þurfa að þraka skamm-
degið, aðrir þraka prófatíðir og
ég mun þraka Litlu hryllingsbúð-
ina.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli




■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	9	1	5	6	2	8	3	4
4	5	6	3	8	9	7	1	2
3	2	8	7	4	1	5	9	6
6	8	2	9	7	5	1	4	3
9	4	5	1	3	6	2	8	7
1	3	7	8	2	4	6	5	9
8	7	4	2	5	3	9	6	1
2	1	3	6	9	8	4	7	5
5	6	9	4	1	7	3	2	8

		5	1			6	
6					8		3
2	7			4	3	5	
5		2		7			3 4
		9	5		1	8	
3	1			6		9	7
		3	7	2			9 8
4			9				1
	8				6	2	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

GERÐU

GÓÐ KAUP Í DAG

INGVAR HELGASON BÝÐUR NOTAÐA BÍLA MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

Kíktu til okkar um helgina og við finnum örugglega bílinn handa þér, á verði sem nær ekki nokkurri átt! Í dag erum við að lækka verðið á öllum notuðum bílum - oft um heil 40% - og á morgun og hinn ætlum við að selja þá eins og heitar lummur.

Allt að
40%
afsláttur



Kaffi og
kleinur



Við eigum glæsilegt úrval af góðum, notuðum bílum í öllum verðflokkum. Nú þarf að rýma til og við höfum lækkað þá alla verulega. Þeir sem áður voru á sanngjörnu verði eru kjarakaup í dag.

Nokkur dæmi úr söluskránni:

Tegund	Gerð	Árgerð	Verð	Tilboðsverð	Afsláttur
Toyota	Carina E	1996	390.000.-	220.000.-	43%
Nissan	Terrano II SE	1996	790.000.-	520.000.-	34%
Opel	Vectra 1.6 GL	1998	760.000.-	470.000.-	38%
Opel	Corsa Comfort	2002	960.000.-	730.000.-	24%
Opel	Astra 1.2	2001	860.000.-	540.000.-	37%
Subaru	Forrester CS	2000	1.060.000.-	790.000.-	25%
Suzuki	Baleno 4X4	2002	1.190.000.-	890.000.-	25%
Opel	Corsa Comfort	2001	770.000.-	470.000.-	39%
Opel	Astra 1.2	2003	1.090.000.-	850.000.-	22%
Opel	Zafira Comfort	2001	1.380.000.-	990.000.-	28%

menning

menning@frettabladid.is



Kl. 14.00.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir opnar sýningu á myndum sínum við ljóð Þórarins Eldjárns, Völuspá, þar sem hin forna gerð kvæðisins er gerð aðgengileg fyrir börn á öllum aldri, í Grafíkafni Íslands, sal Íslenskrar grafíkur hafnarmegin í Hafnarhúsinu.

Nútímadansveisla í Borgarleikhúsinu

Sautjándu aldar dansleikur verður haldinn í Skálholti á morgun í fyrsta sinn á Íslandi í meira en 300 ár. Tilefnið er dagskrá helguð fjögurra alda minningu Brynjólfs Sveinssonar biskups. Í dag heldur áfram í Þjóðarbókhöðunni í



Reykjavík ráðstefna um Brynjólf og samtíma hans, en jafnframt stendur þar yfir sýning þar sem fjallað er um ævi og verk Brynjólfs. Á morgun verður ráðstefnunni síðan haldið áfram í Skálholti þar sem ýmislegt verður gert til þess að minna á sautjándu öldina. Auk fyrirlestra verða 17. aldar flaututónleikar, 17. aldar messa og 17. aldar kvöldverður. Dagurinn endar svo á 17. aldar dansleik sem Ingibjörg Björnsdóttir listdansari leiðir. Líklegt er að slíkum dansleik hafi ekki verið slegið upp á Íslandi í meira en 300 ár. Dagskráin er öllum opin og eru áhugasamir hvattir til að koma. Rútuferð verður frá Þjóðarbókhöðunni klukkan 9.15 í fyrramálið. Á mánudaginn verða síðan flaututónleikar í Norræna húsinu þar sem danski flautukórinn Hørsholm Fløjteensemble, sá hinn sami og kemur fram í Skálholti á sunnudaginn, leikur meðal annars verk eftir Haydn, Debussy, Ibert og Brahms.

> Ekki missa af ...

...fyrstu forsýningu Vesturports á **Woyzeck** í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Frumsýning á verkinu verður úti í London 12. október og síðan hér í Reykjavík 28. október.

...fyrirlestri **Hannesar Jónssonar** efnafræðings í Háskólabíói dag, þar sem hann skýrir frá leyndardómum nanótækninnar og nýtingu hennar í tengslum við orkumál.



...tónleikum **Elínar Halldórsdóttur** söngkonu í Listasafni Íslands á morgun.

Heltekinn af skáklistinni

„Það eru til sögur af því að menn hafi teflt yfir sig á sama hátt og menn hafa lesið yfir sig. Menn hafa orðið gersamlega helteknir af þessu,“ segir Þór Túlínus leikari, sem á morgun frumsýnir í Borgarleikhúsinu einleik sinn eftir sögu Stefans Zweig, Manntaflí.

Þessi fræga smásaga gerist um borð í farþegaskipi þar sem dularfullur maður etur kappi við heimsmeistarann í skák. Maðurinn hafði haldið styrk sínum í einangrunarfangelsi nasista með því að iðka skáklistina, en var fyrir bragðið næstum búinn að missa vitið.

Sagan Manntafl kom út um miðja síðustu öld og var fljótlega þýdd á íslensku. Hún hefur haldið fjölmörgum lesendum föngnum og Þór segist hafa heillast af henni strax á unglingsárum.

„Þessi saga höfðar til mín á ofboðslega marga vegu. Hún skoðar mannveruna við mjög ófgakenndar aðstæður og það er alltaf áhugavert. Hvað gerir maður til dæmis þegar maður er sviptur öllum samskiptum við annað fólk. Svo er þetta einhver besta lýsing á fíkn sem ég hef nokkurn tímann á ævinni séð. Þetta er maður sem missir stjórn á tilverunni og verður svona ofboðslega heltekinn af skáklistinni.“

Hann segir ýmis tilefni til þess að setja þetta verk á svið núna. Til dæmis eru sextíu ár liðin frá lok-



HAMSLAUS VIÐ SKÁKBORÐIÐ Þór Túlínus frumsýnir á morgun einleikinn Manntafl á nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu.

um seinni heimsstyrjaldarinnar, auk þess sem skákáhugi hér á landi hefur varla nokkru sinni verið meiri en einmitt núna.

Leikgerðin er eftir Þór sjálfan, sem segist fyrst og fremst reyna að vera trúr sögunni.

„Ég geri mitt ítrasta til að

flytja þessa sögu á sviðinu og nota þessa gömlu þýðingu hans Þórarins Guðnasonar sem er alveg frábær. Þessi saga er svo ótrúlega vel uppbyggð og mér finnst líka svo merkilegt að saga um skák skuli vera spennusaga. Maður er gripinn alveg frá byrjun.“

Stjörnur af Thomas MOTHER, Charles STROUD & Martin CHAMBER

Annie

í Austurbæ

15. sýn. sun. 18/9 kl. 14
16. sýn. fim. 29/9 kl. 19

midl.is
551 4700 & 551 0200

25 ára og yngri:
50% afsláttur af miðaverði í sal

Tökin hert

THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

21. okt. kl. 20 - **Frumsýning**
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - **Lokasýning**

Kynning fyrir sýningar á **Tökin hert**, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í ýr perunni.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalín í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan | v/Ingólfsstræti | Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

VELKOMIN Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

– Leikárið kynnt með leik, söng og dansi. kvöld lau. 17/9.

Allir velkomnir!

KLAUFAR OG KONGSDÆTUR

Sun. 18/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/9 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 2/10 kl. 14:00, sun. 9/10 kl. 14:00

EDITH PIAF

Sun. 18/9 örfá sæti laus, fim. 22/9 fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fim. 29/9, fös. 30/9 Sýningum lýkur í október.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

RAMB 7

kvöld lau. 17/9. **Allra síðasta sýning!**

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN

kvöld lau. 17/9 uppselt, fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 nokkur sæti laus, lau. 1/10. Takmarkaður sýningafjöldi.

Sala á netinu allan sólarhringinn. Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30 Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00 www.leikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Su 18/9 kl. 14 **UPPSELT**, Su 25/9 kl. 14, Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14

WOYZECK - 5 FORSYNINGAR Í SEPT.

Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. **Miðaverð á forsýningu aðeins kr. 2.000,-**

Su 18/9 kl. 21, Fö 23/9 kl. 20, Fi 29/9 kl. 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20 (sýning á ensku)

HÍBÝLI VINDANNA

Örfáar aukasýningar í haust.

Lau 24/9 kl. 20, Su 25/9 kl. 20, Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, **NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**

MANNTAFL

Miðaverð á forsýningar kr. 1.000,- í dag kl. 14 **Forsýning**

Su 18/9 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT** Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Í kvöld kl. 20 **UPPSELT**, Fi 22/9 kl. 20 **UPPSELT**, Fö 23/9 kl. 20 **UPPSELT**, Lau 24/9 kl. 20 **UPPSELT**, Má 26/9 kl. 20, aukasýn. Fi 29/9 kl. 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl. 20 **UPPSELT**, Lau 1/10 kl. 16 aukasýn. Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT**, Fi 6/10 kl. 20 aukasýn.

Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 20. september færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali - Það borgar sig að vera áskrifandi -

Sími miðasölu 568 8000 midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðvikur-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag

Leikhópurinn Á setunni í samstarfi við SPKON

Kabarett

í Íslensku óperunni

Lau. 17. september
Fös. 23. september
Fös. 30. september
Lau. 1. október

Sími 511 200, og á www.kabarett.is

Ávaxtakarsan

Í AUSTURBÆ

Síðustu sýningar

Jónsi

Ísmi Árnæs

....Ég er voldugur og líka holdugur. Enginn hér er betri en ég. Ég um mig frá mér til mín. Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐUINN

IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Áthugið síðustu sýningar

Sunnudagur 25. sept. kl. 13:30
Sunnudagur 9. okt. kl. 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl. 13:30

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

15	16	17	18	19

Laugardagur

■ ■ KVIKMYNDIR

- ☐ 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir amerísku Hollywoodmyndina **Charade** frá árinu 1962. Myndin er bæði spennumynd og rómantísk gamanmynd og skart stórstjörnunum **Audrey Hepburn** og **Cary Grant** í aðalhlutverkum. Sýningar Kvikmyndasafnsins fara að vanda fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

■ ■ TÓNLEIKAR

- ☐ 17.00 **Stefán Helgi Stefánsson** tenór og **Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir** sópran halda tónleika í Ketilhúsinu á Akureyri í anda **Sigurveigar Hjalte-sted**, ömmu Ingibjargar, og **Stefáns Íslandi**, langafa Stefáns.
- ☐ 19.00 **Skurken, Benni B-Ruff, Hermigervill** og **Twisted Minds Crew** koma fram á tónleikum vegna GATA á Íslandi, sem haldnir verða á Prikinu. Á Vegamótastíg verður **DJ. De La Rósa** að spila frá kl. 14 til 18 á meðan **Grafittihópurinn** gerir listir sínar á vegginn.
- ☐ 23.00 Tónleikar á Grand Rokk með **Severed Crotch, Potentian** og **Gavin Potlone**.

■ ■ LEIKLIST

- ☐ 20.00 **Opið hús** verður í Þjóðleikhúsinu þar sem leikárið verður kynnt í tali og tónum. Dagskráin hefst á Stóra sviðinu og er aðgangur ókeypis.
- ☐ 20.00 Önnur sýning á **Himnaríki** eftir **Arna Ibsen** í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

OPNANIR

- 14.00 **Kristín Ragna Gunnarsdóttir** opnar sýningu á myndum sínum við ljóð **Pórarins Eldjárns**, Völuspá, þar sem hin forna gerð kvæðisins er gerð aðgengileg fyrir börn á öllum aldri.

15.00 Sýningin **Hraunblóm - Lavaens blá blómst** verður opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Sýndar eru Íslandsmyndir frá árinu 1948 eftir dönsku COBRA málara **Carl-Henning Pedersen** og **Else Al-felt** ásamt samtímaverkum eftir **Svavar Guðnason** og **Sigurjón Ólafsson**.

15.00 **Anna Þ. Guðjónsdóttir** opnar sýningu á málverkum í Gryfju Listasafns A.SÍ.

15.00 Sýning **Kristleifs Björnssonar**, „Mindi, indverska blómið mitt“, verður opnuð í Listasafni ASÍ, Ásmundarsal.

15.00 **Haraldur (Harry) Bilson** opnar málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýninguna nefnir listamaðurinn Spurningar og svör.

16.00 Sýningin **Straumar** verður opnuð í Gallerí 100° í húsi Orkuveitunnar. **Guðbjörg Lind Jónsdóttir**, **Guðrún Kristjánsdóttir** og **Kristín Jónsdóttir** frá Munkaþverá spinna þar þræði sína um íslenska náttúru, árfarvegi, fjallshlíðar og mosaeyjar. Sýningarstjóri er **Oddný Eir Ævarsdóttir**.

- Helga Ármanns** opnar sýningu í Grafíkisafni Íslands, sal Íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17, hafnar-megin.

SKEMMTANIR

- 23.00 **Stuðbandalagið** frá Borgarnesi verður með dansleik á Kringlu-kránni.

Sérssveitin skemmtir í Vélsmiðjunni á Akureyri.

Danshljómsveitin **Klassík** verður með dansleik í Klúbbnum við Gullin-brú.

Hljómsveitin **Á móti sól** spilar á uppskeruhátíð Breiðabliks í Íþróttahúsinu Smáranum.

Hljómsveitin **Oxford** spilar á Gaukn-um.

Hljómsveitin **Tilþríf** spilar í Lundan-um, Vestmannaeyjum.

ÚTIVIST

- 13.00 Efnt verður til hóphjólreiða í miðborg Reykjavíkur í tilefni af samgönguvikunni. Klukkan 13 leggja hjólalestir af stað frá Spöng-inni í Grafarvogi, Árbæjarsafni, ísbúðinni við Hjarðarhaga og verslunarmiðstöðinni Fírdi í Hafnarfírdi og mætast í Nauthólsvík. Þaðan hjóla allir saman, í lögreglufylgd, að Hlemmi, þaðan niður Lauga-vegin og enda við Hljómskála-garðinn.

FYRIRLESTRAR

- 10.00 Ítölsku arkitektarnir og hönnuðirnir **Giovanni Lauda** og **Dante Donegani** taka þátt í málstefnu á vegum Lumex í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

FUNDIR

- 10.00 **Helgi Þorláksson**, **Loftur Guttormsson**, **Peter Zeeberg**, **Guðrún Ása Grímsdóttir**, **Már Jónsson**, **Gunnar Harðarson** og **Sten Ebbesen** eru meðal fyrirlesara á málþingi um Brynjólf Sveinsson biskup, sem haldið verður í Þjóðarbókhöðunni í dag.

SÝNINGAR

- 14.00 Útskriftarárgangur nema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands lætur fallegar verur svífa um ganga Kringlunnarí framandi klæðnaði sem gefur vísbendingu um hvað koma skal á tískuheiminum.



WOYZECK

Enn er tækifæri á að ná miðum á fimm forsýningar á Woyzeck í Borgarleikhúsinu í september áður en leikhópurinn heldur til London þar sem uppselt er á nær allar sýningar í október.

Leikstjóri er Gísli Örn Garðarsson og Nick Cave semur tónlistina sérstaklega fyrir sýninguna.

FRUMSÝNING Í LONDON
NÁÐU FORSÝNINGU Í REYKJAVÍK

Miðaverð á forsýningu aðeins 2.000 kr.

Tónleikurinn

BÍTL

Fim 22/9 **NOKKUR SÆTI**
Fös 30/9 **LAUS SÆTI**
Lau 1/10 **NOKKUR SÆTI**

“Samhljómur raddanna var einatt slíkur að unun var á að hlýða” SH Mbl.

Landbankinn
LÖF **KASTALINN**
552 3000

STÚLKUR

ATHUGIÐ!

VEGNA FJÖLDA ÁSKORA
HINIR LANDSFRÆGU
SKRÍDJÖKLAR
Á PLAYERS

LAUGADAGINN 17. SEPTEMBER 2005

KRINGLUKRÁIN

Stuðbandalagið
frá Borgarnesi
í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill
fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878

www.kringlukrain.is



Ert þú viðbúinn
... eða eru dagar þínir taldir?

Stórhátíð á Broadway föstudagskvöldið 23/9:

Uppskeruhátíð íslensks prentiðnaðar

Hátíð fyrir fagfólk, stjórnendur og starfsfólk prent-, auglýsinga-, almannatengsla-, ljósmynda- og kvikmyndafyrirtækja auk fjölmiðla, Ímark-félaga og annarra úr hinni fjölbreyttu flóru upplýsinga- og fjölmiðlagreina á Íslandi

Upplýsingar og skráning á www.si.is

Tilkynnið þátttöku fyrir 20. sept. á www.si.is, netfanginu@si.is eða í síma 591 0100

Samstarfsaðilar: Prentsmiður innan SI, Prenttæknistofnun, Félag bókagerðarmanna, Ljósmyndarafélag Íslands, Ímark - félag íslensks markaðsfólks og fleiri aðilar úr upplýsinga- og fjölmiðlagreinum á Íslandi

BROADWAY

SMS ÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS

SMS áskrift á Tónlist.is
Ný áskriftarleið fyrir þá sem ekki nota kreditkort. Sendu eitt SMS og þú ert kominn í áskrift.
Fáðu þér aðgang að stærsta tónlistarvef landsins fyrir aðeins **398 krónur** á viku!
Kynntu þér málið á www.tonlist.is

TÓNLIST.IS

> haustsinfónía...

Hönnuðurinn Marc Jacobs leggur áherslu á fjólubláa litinn í hönnun sinni fyrir haustið 2005. Hann blandar saman nokkrum tónum og útkoman verður stórskemmtileg.



ÚTLIT



SMEKKURINN STEINUNN ÓSK BRYNJARSDÓTTIR KLIPPARI HJÁ MOJO/MONROE

Ég elska palliættur

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, ég verð að gera það vegna vinnunnar.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Vala og Björg í Spaksmannsspjörum. Uppáhaldsbúðin mín er svo Urban Outfitters. Mér finnst hún alveg geðveik.
Flottustu litirnir? Grænn og brúnn. Það er það nýjasta hjá mér núna.
Hverju ertu veikur fyrir? Skóm. Ég er næstum farin að fela hvað ég á mikið af skóm, læt vinkonur mínar geyma nokkur pör og svona!
Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég keypti mér brúna Converse-skó sem ég er alveg í skjónum yfir. Ég sef nánast í þeim.
Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Það er allt svo casual núna. Það má vera í rifnum gallabuxum og palliættuból og allt

þar á milli. Ég elska palliættur.
Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn? Djúsi peysu, einhverja brúna hlýja í stíl við brúna Converse-skóna mína.
Uppáhaldsverslun? Úti er það Urban Outfitters. En á Íslandi eru það Spútnik og Spaksmannsspjari.
Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Eins gott að pabbi lesi þetta ekki. Það getur verið voðalega misjafnt en yfirleitt er lágmarkið um tíu þúsund krónur. Ég eyði aldrei neinum himinháum upphæðum.
Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Ull-arhúfunnar minnar og kragans sem ég keypti mér í Spaksmannsspjörum. Ég notaði það í allt sumar og á líka eftir að nota þetta í allan vetur.

Uppáhaldsflík? Það eru nýju brúnu Converse-skórnir mínir sem ég var að kaupa mér.
Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til London. Ég er einmitt að fara þangað eftir þrjár vikur. Þar er nóg af fötum. Er einmitt að hugsa um að taka með mér einhvern kall til að bera fyrir mig pokana.
Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Það eru græn-köflóttar buxur sem ég keypti mér í tíunda bekk. Þær þóttu mjög flottar á sínum tíma en mér finnst þær alveg hryllilegar núna. Ég geymi þær inni í skáp til að minna mig á þetta hræðilega tímabil.



ERIN O'CONNOR Íslandsvinkonan er ekki þekkt fyrir annað en frumlegan stíl. Hér er hún í bitnikkafiling

MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Skæri geta komið að góðum notum

Ég er búin að vera í miklum tiskupælingum þessa vikuna. Ekki þó að spá í hvað ég ætti að kaupa mér næst heldur rann það upp fyrir mér að tiskan væri krydd í tilveruna en ekki lífið sjálft. En það er þó alltaf þannig að kryddið gerir tilveruna skemmtilega og fjölbreytilega. Hnébuxur eru eitt af tiskukryddunum þetta haustið. Þær eru fallegar og klæðilegar og gera heimikið fyrir heildarmyndina, alveg sama hvort mannveran er feit eða mjó, há- eða smá-vaxin. Þegar nýtt krydd kemur inn í tilveruna er auðvelt að taka það með svo miklu trompi að við blasi gríðarlegur fjármálahalli. Til þess að forða því mæli ég með því að þið takið gömlu buxurnar sem þið eruð löngu hætta að nota og breytið þeim í hnébuxur. Það er auðvelt í framkvæmd því einungis þarf að stytta gömlu buxurnar svo út komi hnébuxur. Það verður þó að gefa sér góðan tíma svo skálmarnar verði ekki missið- ar. Þó tíminn hafi ekki verið besti vinur minn upp á síðkastið hef ég náð að stytta nokkrar gamlar buxur. Saumavélin var þó hvergi nálæg en með skæri að vopni er hægt að framkvæma ýmislegt. Það er reyndar smekksatriði hvort það sé fallett eða ekki að vera í klipptum hnébuxum. Mér finnst það vel ganga, að minnsta kosti á meðan maður finnur tíma til að setjast niður og falda buxurnar. Ömmur og aðrir virðulegir þjóðfélagsþegnar gefa þó ekki mikið út á þetta svo kannski er farsælast að mæta í einhverju öðru þegar ömmur landsins eru heimsóttar. Með því að gefa gömlu buxunum nýtt líf samtvinnast þetta í fínt sparnaðartískuráð. Þó gæti þetta kallað á smá fjárútlát þar sem skórnir verða óneitanlega meira áberandi. Vönduð og vegleg stígvél söma sér vel við hnébuxurnar. Kúrekastígvél eða „Fryboots“ koma sterk inn. Um helgar má reima á sig dansskóna og leggja áherslu á fallega sokka eða sokkabuxur. Heildarútlitið verður þar af leiðandi útpælt, hvert smáatriði verður sýnilegt og þá er eins gott að klúðra engu eða þannig!



CHRISTIAN DIOR Í sumarlinunni fyrir 2005 sýndi John Galliano fyrstur áhrif frá bitnikkunum í sinni hönnun.

PILS Þetta þrjónapils fæst í Vero Moda og passar einkar vel við svartan rúllukragabol og há stígvél.



RÚLLUKRAGABOLUR Sætur röndóttur bolur úr Zöru.



Blessaðir bitnikkarnir

Bitnikkastíllinn hefur haft gríðarlega mikil áhrif á tisku nútímans þrátt fyrir að fæstir viti hvað „bitnikki“ er. Bitnikkar voru töffararnir sem voru uppi seint á sjötta áratugnum og snemma á þeim sjöunda. Þeir gáfu sig út fyrir að afneita efnishyggu, hegðunarreglum og gildismati samfélagsins. Þótt efnishyggunni væri afneitað var þetta fólk skrambi töff í klæðaburði. Bitnikkalúkkið einkenndist af flötum skóm – helst háum stígvélum, alpa-húfum, þröngum svörtum gallabuxum sem aldeilis eru heitar í dag, dökkum jökkum, svörtum og hvítum þverröndóttum flíkum, breiðum beltum, síðum og stórum peysum og svörtum sokkabuxum. Reyndar var svart liturinn allsráðandi í klæðnaðinum. Þessi fót voru svo sannarlega ekki frá einhverjum dýrum hönnuðum. Bitnikka-kúltúrin kom upphaflega frá hópi rithöfundar og listamanna sem hlustuðu á djasstónlist eða Woody Guthrie og Pete Seeger. Slangrið samanstóð af orðum eins og „hip“, „cool“, og „groovy“. John Galli-

ano setti bitnikkastílkuna af stað aftur þegar hann kynnti sumarlinuna sína fyrir 2005. Línuna hannaði hann með bitnikkastelpuna og vinkonu Andy Warhols, Edie Sedgwick, í huga en hún er nú orðin þekkt tiskufyrirmynd. Eitt af því góða við þennan stíl er að í honum leynast alls konar afar klæðilegar flíkur. Röndóttar peysur ganga við hvað sem er, sem og þröngar svartar gallabuxur, há stígvél og alpa-húfur. Alls ekki er nauðsynlegt að nota þetta allt saman. Meðal þeirra sem sjást oft í fötum í bitnikkastíl eru til dæmis leikkonan Kirsten Dunst, fyrirsætan Erin O'Connor og Tara Subkoff sem hannar fyrir Imitation of Christ.

hilda@frettabladid.is



KIRSTEN DUNST Hún er ein af tiskufyrirmyndum okkar tíma og þekkt fyrir skemmtilegan stíl. Hér er hún í svörtum rúllukragabol og gamaldags kjól, alveg í anda bitnikkanna.



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

VELKOMIN Í ÞJ. ðLEIKHÚSIÐ

– Leikárið kynnt með leik, söng og dansi. kvöld lau. 17/9.

Allir velkomnir!

KLAUFAR OG K. NGSDÆTUR

Sun. 18/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/9 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 2/10 kl. 14:00, sun. 9/10 kl. 14:00

EDITH PIAF

Sun. 18/9 örfá sæti laus, fim. 22/9 fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fim. 29/9, fös. 30/9 Sýningum lýkur í október.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

RAMB 7

kvöld lau. 17/9. Allra síðasta sýning!

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN

kvöld lau. 17/9 uppselt, fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 nokkur sæti laus, lau. 1/10. Takmarkaður sýningafjöldi.

Sala á netinu allan sólarhringinn. Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30 Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00

www.leikhusid.is



PRJÓNA-PEYSA Þessi peysa er úr Vero Moda og fer einkar vel með breiðu belt.

HÚFAN ÓMISSANDI Úr nýjustu línu Marc by Marc Jacobs. Lykilatriði í stílnum og röndótt peysa um mittið fer vel við þröngar leggings.



RÖNDÓTTUR BOLUR Svartur og hvítur þverröndóttur bolur er algjörlega nauðsynlegur í bitnikkastílnum. Fæst í Topshop.



STÍGVÉL Algjört móst í bitnikkastílnum eru há stígvél í svörtum eða dökkum lit. Þessi fást í Bossanova.



NÁTTÚRULEGT Afar lítið var um sterka liti á tískuvíkunni í New York. Hér sýnir Marc Jacobs sætan sumarkjól í jarðarlitum.



HNÉHLÍFAR Greinilega ekki bara fyrir línuskautafólk. Þessar hlífar eru í boði Lacoste.



HVÍTT Thakoon-línan fyrir sumarið 2006 var afar létt og falleg þar sem ljósir litir og létt efni voru í fyrirrúmi.



Hnéhlífar & axlabönd

Krökkt var af nýjum straumum á tískuvíkunni í New York á dögunum. Meðal þeirra voru til dæmis axlabönd sem komu stórvel út við buxur í viðari kantinum. Þetta er lúkk sem svipar til karlmannlegrar tísku, skyrtu, buxur með broti í og axlabönd. Þessi stíll hefur verið vinsæll síðan Diane Keaton klæddist herratískustílnum í gömlu Woody Allen-myndinni Annie Hall.

Axlaböndin sáust aðallega hjá sumarlínum Luella, Lacoste og Imitation of Christ.

Fleira sem áberandi var í sum-

AXLABÖND Sáust meðal annars í sumarlinum Luella, Lacoste og Imitation of Christ.

artískunni í New York er létt efni eins og silki og siffon, jarðarlitir og hvíti liturinn voru ráðandi og rómantískir og flæðandi kjólar. Þetta var meðal annars áberandi í línun Badgley Mischka, Calvin Klein, Luella, Bill Blass, Önnu Sui og Thakoon. Lítið verður greinilega um sterka liti og brjál-uð snið næsta sumar. Kvenleikinn verður í fyrirrúmi. Fyrir utan náttúrulega axlaböndin sem hafa aldrei þótt sérlega kvenleg en töff eru þau. Skrítnastar þótti tískuspekúlöntum vera hnéhlífarnar sem sáust mikið í sumarlinum Marc by Marc Jacobs og Lacoste. Spurning hvort það verði vinsælt?

Kyssilegar varir

Nú í haust hefur Guerlain sett á markað þrjátíu nýja liti undir nafninu Kiss Kiss. Allir eru þeir gerðir með það í huga að gera varirnar bústnar, þrýstnar og kyssilegar. Til þess að þetta markmið náist eru gullflögur í varalitnum og vísa fallega gylltar umbúðirnar í það. Undir Kiss Kiss merkinu eru þrjár tegundir varalita; sanseraðir, með perluáferð og glansandi. Miðað er við að allar konur geti fundið varalit undir merki Kiss Kiss.

KISS KISS Nýjasta varalita-línan frá Guerlain býður upp á þrjátíu ólíka liti.



Hátískuilmur

Nýjasti ilmurinn frá Versace heitir Crystal Noir og er eins kynþokkafullur og dimmur og glasið gefur til kynna. Uppistaðan í ilminum er amber og gardenúr en þær eru einmitt uppáhaldsblóm Donatellu Versace. Glasið er svarfjólublátt á lit og tappinn er í líki svarts demants. Ekta hátískuilmur!



Custo klikkar ekki

Custo Barcelona sýndi sína nýjstu línu á tískuvíkunni í New York á dögunum. Línan skar sig úr með því að vera litrík og skemmtileg. Einkenni Custo-merkisins eru nú einu sinni æpandi litir og skemmtileg munstur, oftar en ekki í formi andlita. Ekki var þó mikið um litrík föt á tískuvíkunni og því skar Custo sig úr hópnum ásamt meðal annars Lacoste.

NÚ LÍKA OPIÐ Á
SUNNUDÖGUM
FRÁ KL: 13 - 16

OPIÐ LAU.: 11:00 - 16:00

Útíljósatilboð

ÚRVAL ÚTILJÓSA Á FRÁBÆRU VERÐI

ÚTISTAUR - H: 43 CM
HELSINKI
3.980-

ÚTISTAUR - H: 110 CM
HELSINKI
5.960-

ÚTILJÓS Á VEGG - STÁL
MIDI
7.990-

ÚTILJÓS Á VEGG - SVART
4.930-

ÚTISTAUR - H: 90 CM
SVART
5.980-

ÚTILJÓS Á VEGG - GALV.
7.990-

ÚTILJÓS Á VEGG - SVART
1.990-

ÚTILJÓS Á VEGG - STÁL
4.950-

ÚTISTAUR - H: 92 CM
KOPAR
9.990-

ÚTILJÓS Á VEGG - SVART
1.990-

GARÐSETT
3 ÚTISTAURAR - SVART
6.990-

SÍÐUSTU DAGAR!

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

ÚTSÖLUSTADIR

KLAKKUR, Vik / BYM, Mosfellsbæ / FOSSRAF, Selfossi / GEISLI, Vestmannaeyjum / HS RAF, Eskifirði / KH. BLÖNDUÓSI / KAUPF.HVAMMSTANGA / LÓNID, Höfn

RAFBÚÐ RÓ, Keflavík / RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI, Hafnarfirði / RAFALDA, Neskaupstað / RAFBÆR, Siglufirði / ÞRISTUR, Ísafirði / RAFLAMPAR, Akureyri

ÖRYGGI, Húsavík / RAFSJÁ, Sauðárkróki / KRÁKUR, Blönduósi / SVEINN GUÐMUNDSSON, Egilsstöðum / RAFLOST, Djúpavogi

Björgvin aftur á Broadway

Söngkabarettinn Sagan af Nínu og Geira – Úr söngbók Björgvins Halldórssonar, verður frumsýndur á Broadway þann 12. nóvember.

Síðasta sýning Björgvins á Broadway hét Þó líði ár og öld og naut gífurlegra vinsælda á árunum 1994 til '96. Tilefni Sögunnar af Nínu og Geira er 35 ára plötuferill Björgvins og útkoma þrefaldrar plötu með úrvali laga hans 31. október. Þar verður einnig eitthvað um nýjar hljóðritanir.

Höfundur kabarettisins er Gísli Rúnar Jónsson og leikstjóri er

Hjálmar Hjálmarsson. Sýning þessi er smásöngleikur með konsertívaði, þar sem í öndvegi verða söngdansar og ballöður sem Björgvin Halldórsson hefur gert frægar í gegnum tíðina. Leikurinn er tvískiptur. Fyrst er sögð saga Nínu og Geira, sem margir þekkja úr samnefndu lagi, en í síðan kemur Björgvin sjálfur til skjalanna og flytur öll sín vinsælustu lög.

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Björgvin ætlar að flytja öll sín bestu lög á sýningunni Sagan af Nínu og Geira.



PAUL RODGERS Paul Rodgers var í stuði á tónleikum með Queen í Hyde Park í London fyrir framan 65 þúsund manns fyrir í sumar.

Tvöföld tónleika-plata frá Queen

Ný tónleikaplata með bresku hljómsveitinni Queen og söngvaranum Paul Rodgers kemur út á mánudag. Gripurinn nefnist Return of the Champions og er tvöfaldur. Þar er að finna 27 lög sem bæði Queen og Rodgers hafa gert fræg í gegnum tíðina. Á meðal laga frá Rodgers á plötunni eru Feel Like Makin' Love, Wishing Well og All Right Now og á meðal slagara eftir Queen eru Bohemian rhapsody, We Will Rock You, Radio Ga Ga og I Want to Break Free.

Platan var tekin upp á tónleikum í Sheffield Hallam Arena 9. maí. Mörgum brá í brún fyrir á þessu ári þegar þeir Brian May og Roger Taylor úr Queen tilkynntu að þeir ætluðu í tónleikaferð á nýjan leik með Rodgers sem söngvara í stað Freddie Mercury sem lést úr alnæmi 1991, 45 ára gamall. Margir efuðust um að nokkur maður gæti fetað í fótspor Mercurys en svo virðist sem Rodgers hafi náð að sannfæra ansi marga um veru sína í sveitinni með frammistöðu sinni, þó svo að enginn fari auðvitað í spor hins magnaða Mercurys. Rodgers

er gamall refur úr tónlistarbransanum eftir að hafa sungið með sveitunum Free og Bad Company og ætti því að kunna eitthvað fyrir sér.

Á plötunni er til að mynda nýtt lag eftir Rodgers, Say It's Not True, sem hann samdi í tengslum við alnæmisherferð Nelsons Mandela, 46664. Eftir einn mánuð er síðan væntanlegur DVD-diskur með upptöku frá sömu tónleikum í Sheffield.

Queen hefur verið á tónleikaferð um Evrópu undanfarið og spilað 32 sinnum fyrir fullu húsi áheyrenda. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og ekki að sjá að sveitin hafi ekki farið í tónleikaferð í tuttugu ár, eða síðan Mercury veiktist.

Queen og Paul Rodgers eru nú á leið í tónleikaferð til Bandaríkjanna og Japans. Undir lok þessa árs mun Queen síðan minnast þrjátíu ára afmælis Bohemian rhapsody, sem fór fyrst á toppinn í nóvember 1975, með því að gefa út DVD-disk og endurhljóðblandaða útgáfu af plötunni vinsælu A Night at the Opera.



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

FANTASTIC FOUR figúrur í miklu úrvali

NEXUS
HVERFISGATA 103

THING hankar með THING hljóðum

Risavaxin FANTASTIC FOUR flaug

4

Fljúgandi HUMAN TORCH með ljósum

THING færur með THING hljóðum

ÞAR SEM

FANTASTIC FOUR

LEIKFÖNGIN FÁST

Spunameistarar reyna á ímyndunaraflið

Átján nemendur í leiklistaráfanga við Menntaskólann í Hamrahlíð ætla að halda spunamarabon í skólanum í dag. Tilefnið er ferðalag hópsins til London í nóvember þar sem krakkarnir ætla að kynna sér leikhús og leiklistarskóla.

„Við ætlum að leika spunaleik í tólf tíma samfleytt, frá klukkan átta að morgni til klukkan átta að kvöldi,“ segir Katrín Björgvinsdóttir, ein úr leiklistarhópnum.

„Þetta útheimtir mikið ímyndunarafl og orku og skemmtilegheit.“

Flestir nemendurnir í þessum leiklistaráfanga hafa lengi verið virkir í leiklistarstarfinu í MH og sótt flesta þá leiklistaráfanga sem í boði hafa verið.

